INGUNN GUÐBRANDSDÓTTIR

*Nýtt félag fyrir fitness-keppendur*

• Heilsa • Nám

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






LH HESTAR

*Vinsælustu stóðhestarnir*

Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. október 2007 — 281. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Húðflúr í stíl



Þrír liðsmenn hljómsveitarinnar Reykjavík! skarta eins húðflúrum eftir ferð til Montréal.

FÓLK 30

### Umdeild laugardagslög



Lagahöfundar telja sig ekki hafa vitað af Eurovison-þætti Laugardagslaganna.

FÓLK 38

### Út í horn

„Ef sjálfstæðismenn spyrna ekki fast við fótum munu sömu öfl og klúðruðu borginni koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum í ríkisstjórn," skrifar Gunnar Smári Egilsson.

Í DAG 20

### Hermann mikilvægur



Vörn íslenska landsliðsins er best með Hermanni Hreiðarssyni innanborðs og hans var sárt saknað síðasta laugardag gegn Lettum.

ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUNNAN OG VESTAN TIL**
Í dag verður norðan strekkingur norðaustan og austan til, annars hægur. Snjóél norðan- og austan til, annars bjartviðri að mestu. Hiti öðru hvorum megin við frostmark.

VEÐUR 4

# Laxness ógnar enn þjóðaröryggi BNA

**Fræðimanninum Chay Lemoine var nýlega neitað um aðgang að skjölum FBI um Halldór Laxness. Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna segir upplýsingar í skjalinu ógnun við þjóðaröryggi. Lemoine telur skjalið fjalla um íslensk stjórnvöld.**

**BANDARÍKIN** „Ég efast um að ég fái nokkurn tíma að sjá þetta skjal. Ég held að það fjalli um njósnir Bandaríkjamanna á Íslandi eða samskipti Bandaríkjamanna við íslensk yfirvöld," segir Chay Lemoine, sem síðastliðin þrjú ár hefur rannsakað afskipti Bandaríkjastjórnar af Halldóri Laxness.

Lemoine er bókmenntafræðingur og hefur fengið aðgang að ýmsum skjölum bandarísku alríkislögreglunnar, FBI. Hann fann til dæmis skeyti þar sem bandaríska sendinefndin á Íslandi upplýsir leyniþjónustumenn um ferðir Halldórs á fimmta áratugnum í Evrópu.

Lemoine hefur alla tíð fengið misvísandi svör við beiðnum sínum um aðgang að skjalasöfnunum og verið sagt að hjá FBI væru ýmist þrjár, sex eða ellefu síður um Laxness, verndaðar sem leyniskjöl.

Í hvert skipti hefur Lemoine áfrýjað og fengið upplýsingarnar í smáskömmtum. Þann 3. október síðastliðinn var honum sagt að fjögur skjöl stæðu eftir. Þrjú þeirra snúist um vegabréfaáritanir og flokkist undir einkamál umsækjanda. Fjórða skjalið innihaldi hins vegar upplýsingar sem geti „skaðað þjóðaröryggi Bandaríkjanna með alvarlegum hætti".

„Ég hafði alltaf á tilfinningunni að þeir vildu fela eitthvað. Og það er þetta skjal. Hvað getur það verið við Halldór, eftir sextíu ár, sem ógnar öryggi bandarísku þjóðarinnar?" spyr Lemoine.

Tilgáta hans er sú að skjalinu sé haldið leyndu því það geti skaðað bandamenn, í þessu tilfelli Ísland. Það fjalli að öllum líkindum um íslenska ráðamenn eða samskipti leyniþjónustumanna við þá.

Meðal þess sem Lemoine telur styðja þessa tilgátu er að hingað til hafi lágt settir skriffinnar úrskurðað um aðgang hans að skjölum.

Síðasta skjalið þurftu hins vegar „sjóaðir stjórnarerindrekar" úr utanríkisráðuneytinu að fara yfir. Meðal þeirra voru sendiherrar. **- kóþ**



**Á LEIÐ INN Í HAUSTIÐ** Haustið minnti sig svo sannarlega á sig í gær með tilheyrandi næðingi. Drengirnir tveir virtust ekki vera sáttir við að sumarið væri liðið þegar þeir voru á gangi við Rofabæ í gær. Fyrsti vetrardagur er eftir ellefu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hlutafélag stofnað um folald:

## Hlutir seldust upp á augabragði

**HESTAR** Áætlað er að stóðhesturinn tilvonandi Hákon frá Ragnheiðarstöðum sé metinn á allt að 18 milljónir króna, þrátt fyrir að aðeins sé um nokkra mánaða folald að ræða.

Hlutafélag var stofnað í kringum folaldið og seldust þeir þrjátíu hlutir sem voru boðnir til sölu upp á augabragði. Eigendurnir kusu að halda eftir þrjátíu hlutum. Áætlað er að að hver hlutur kosti 200 til 300 þúsund krónur. Samanlagt er það á bilinu 12 til 18 miljónir króna.

Áhuginn á Hákoni er rakinn til ætterni folaldsins, sem er undan Hátíð frá Úlfsstöðum, þekktri hryssu, og Álfi frá Selfossi, einum eftirsóttasta stóðhesti landsins.

**Sjá nánar í LH hestum, sérblaði sem fylgir Fréttablaðinu í dag.**

Ragnar orðaður við stórlið:

## Tugir milljóna til Fylkis?

**FÓTBOLTI Forráðamenn Fylkis fylgjast grannt með gangi mála hjá landsliðsmanninum Ragnari Sigurðssyni þessa dagana.**

**Hann hefur slegið í gegn með IFK Gautaborg í sænska boltanum og er orðaður við stórlið á borð við Roma. Talað er um að slík stórlið séu til í að borga allt upp í 450 milljónir fyrir leikmanninn.**



RAGNAR SIGURÐSSON

**Fylkir myndi hagnast verulega á slíkri sölu enda fær félagið 30 prósent af söluverðinu selji Gautaborg leikmanninn. Það hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum.**

**Yfirmaður íþróttamála hjá Gautaborg, fyrrum landsliðsmaðurinn Håkan Mild, spáir því að Ragnar eigi eftir að spila með stórliði.** **- hbg / sjá síðu 34**






Bjarni Ármannsson og Hannes Smárason reikna með að REI-samningur standi:

# REI gæti orðið af tækifærum

**STJÓRNMÁL** „Það er alveg ljóst að ef þessi umræða heldur áfram og það næst ekki niðurstaða þá erum við að verða af tækifærum sem við ella kynnum að nýta," segir Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest (REI).

Til skoðunar er að ógilda eigendafund í Orkuveitunni þar sem samruni Geysis Green Energy og REI var samþykktur. „Við reiknum með að þeir samningar sem hafa verið gerðir standi," segir Bjarni.

„Þrátt fyrir umfjöllun síðustu daga um þá samninga sem gerðir hafa verið, hef ég enga ástæðu til þess að ætla að menn muni ekki standa við skriflega samninga. Við sjáum mikil sóknarfæri fyrir hið sameiginlega félag þar sem íslensk þekking verður í fyrirrúmi," segir Hannes Smárason, stjórnarformaður Geysis Green Energy.

„Samhliða samrunanum komu FL-Group, Atorka og ég með 14 milljarða króna í peningum að REI og gera auðvitað ráð fyrir því að allar skuldbindingar standi. Við teljum okkur geta búið til verðmæti út úr þessari fjárfestingu en það gerist auðvitað ekki af sjálfu sér," segir Bjarni. **- gar**





Veistu
hvert þú átt að leita?



island.is

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu

## SPURNING DAGSINS



*Friðrik, verður þú klár í slaginn fyrir næsta leik?*

**„Já, ég er alltaf til í að spila við dvergríki."**

Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður segir landsliðsþjálfarann Eyjólf Sverrisson sífellt nöldra í sér að koma og spila með landsliðinu í fótbolta, en þeir spila báðir með liðinu Lunch United. Næsti leikur landsliðsins er við Liechtenstein á morgun.

Á fjórða hundrað manns hafa kvartað til neytendasíðu vegna fyrirtækis:

# Netfyrirtæki lofar auðæfum

**VIÐSKIPTI** „Ertu tilbúinn til að vitja þíns skerfs af milljarðatekjum veraldarvefsins?" Á þessa leið hljómar ein af fullyrðingum fyrirtækisins StoresOnline.com sem hefur sent fjölda auglýsinga inn á íslensk heimili.

Fyrirtækið býður fólki upp á frían málsverð og fyrirlestur á Hótel Sögu næsta mánudag og þriðjudag en þar vill það kenna fólki að græða á netverslunum. Svipuð bréf bárust Íslendingum fyrir um tveimur árum og var fólki þá gert að greiða staðfestingargjald að sögn lögreglu en enginn fundur var haldinn þar sem fulltrúar fyrirtækisins létu aldrei sjá sig.



**KOMDU OG GRÆDDU** Fyrrverandi viðskiptavinir fyrirtækisins láta mikið í sér heyra á netinu og bera sölumönnum þess ekki vel söguna.

Hótel Saga segir þessa aðila þó þegar hafa greitt fyrir salinn og að fyrirlesarar séu þegar mættir. Þær fregnir fengust frá Ríkislögreglustjóra að fyrirspurnir um fyrirtækið hefðu borist en málið hefði ekki enn verið kannað.

Samkvæmt upplýsingum neytendasíðunnar Ripoffreport.com, sem rekin er af einkaaðilum sem hvetja fólk til að tilkynna þar um fyrirtæki sem ekki standa við söluskilmála, hafa 351 manns kvartað yfir StoresOnline.com. Kvartanirnar snúa að kaupum á hugbúnaði og má finna frásagnir fólks sem segist hafa tapað háum fjárhæðum eftir viðskipti við fyrirtækið.

Á ripoffreport.com kemur þó einnig fram að eftirgrennslan blaðamanna síðunnar hafi leitt í ljós að fyrirtækið hafi sýnt vilja til að bæta sig. - kdk

Dæmdur fyrir ítrekuð brot:

## Hálfs árs fangelsi og svipting

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í héraðsdómi í sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi, til ævilangar sviptingar ökuréttinda og til greiðslu nær 500 þúsunda króna í málskostnað.**

**Maðurinn var ákærður fyrir margítrekuð umferðarlagabrot og ofsaakstur. Hann var jafnframt ákærður fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttinda. Í það skiptið var hann á stolnum bíl og endaði ökuferðin á ljósastaur í Sandgerði.**

**Maðurinn á að baki langan brotaferil. Hann rauf skilorð með brotum sínum nú. - jss**

Stefna Svandísar gegn OR:

## Þingfest í gær

**ORKA** Málshöfðun Svandísar Svavarsdóttir, oddvita VG, gegn Orkuveitu Reykjavíkur um lögmæti eigendafundar Orkuveitunnar var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.



RAGNAR H. HALL

Ragnar H. Hall lögmaður er staddur erlendis en fulltrúi hans lagði fram gögn í málinu og hefur Orkuveitan nú frest til að svara með greinargerð.

Málið fær flýtimeðferð hjá héraðsdómi en Ragnar segir erfitt að giska á hversu langan tíma það taki, fyrr en hann sjái greinargerð Orkuveitu. „En þetta gengur hratt fyrir sig, nokkrar vikur." - kóþ

Bifhjólaslys við Bláfjallaveg:

## Karlmaður lést eftir útafakstur

**SLYS 32 ára gamall karlmaður lést á Landspítalanum eftir bifhjólaslys í gærdag. Slysið varð með þeim hætti að maðurinn missti stjórn á bifhjóli sínu í beygju á gatnamótum Bláfjallavegar og Krýsuvíkurvegar. Hann var fluttur á Landspítalann á fjórða tímanum en var úrskurðaður látinn skömmu eftir komuna þangað.**

**Þetta er tíunda banaslysið í umferðinni það sem af er þessu ári.**

## ALÞINGI

### Lokunar Guantanamo krafist

Þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram tillögu að þingsályktun um að bandarísk stjórnvöld verði hvött til að loka fangabúðum í Guantanamo á Kúbu, og að stjórnvöld beiti sér fyrir lokuninni. Ennfremur að Alþingi fordæmi ólöglega og ómannúðlega meðferð á föngum í fangabúðunum.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON OG BJARNI ÁRMANNSSON** Fráfarandi borgarstjóri og stjórnarformaður REI sögðu hvor sína söguna af fundi sem þeir áttu tíu dögum fyrir umdeildan stjórnarfund Orkuveitunnar. Á fundinum var líka stjórnarformaður Orkuveitunnar sem styður frásögn Bjarna Ármannssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Borgarstjóri þverneitar frásögn formanns REI

**Stjórnarformenn Orkuveitunnar og REI segist hafa gefið Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra langa kynningu um sameiningu REI og Geysis Green Energy og afhent honum minnisblað þar sem getið er um samning fyrirtækjanna til 20 ára.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarformenn Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest (REI) segja Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra hafa vitað um tuttugu ára samning Orkuveitunnar og REI tíu dögum fyrir stjórnarfund þar sem samningurinn var samþykktur.

Vilhjálmur hefur sagst ekki hafa vitað að því fyrirfram að samhliða samruna REI og Geysis Green Energy hafi verið ákvæði um að í tuttugu ár hefði REI forgang að verkefnum sem Orkuveitan aflar í útlöndum. Það er meðal annars í tilefni þessa sem þeir Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI, Haukur Leósson, stjórnarformaður Orkuveitunnar og Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar sendu frá sér í gær greinargerð um atburðarásina í málinu. Það kemur fram að Haukur og Bjarni hafi hitt borgarstjórann á löngum fundi á heimili hans og farið yfir minnisblað sem síðan var lagt til grundvallar endanlegum samningi. Í einum lið minnisblaðsins er rætt um aðgang REI að þekkingu, starfsfólki og vörumerki Orkuveitunnar og að Orkuveitan beini öllum verkefnum utan Íslands til REI. „Samningur um slíkt sé til tuttugu ára," stendur í minnisblaðinu. Fundurinn var 23. september en stjórnarfundur í Orkuveitunni var síðan 3. október.

„Við sátum yfir þessu í nokkra klukkutíma og fórum vandlega yfir málið. Þetta er á kjarnyrtri íslensku og það á ekki að leika nokkur vafi á því hvað var við átt," segir Bjarni sem kveðst hafa skilið eftir eintak af minnisblaðinu heima hjá Vilhjálmi að fundinum loknum.

Þessu harðneitar Vilhjálmur. „Ég minnist þess ekki að þetta blað hafi verið skilið eftir á mínu heimili og ég hef enga ástæðu til að vera að fara með rangt mál í þessu. Aldrei var talað um það í mín eyru að þetta fyrirtæki fengi einkarétt til þess að veita aðgang að okkar þjónustu og sérfræðiþekkingu," segir Vilhjálmur.

„Þetta er mér óskiljanlegt. Ég sat á fundi með Vilhjálmi og Hauki Leósyni þar sem við fórum yfir minnisblaðið og skildi það eftir á heimili hans sunnudaginn 23. september," ítrekar Bjarni. „Ég er algerlega gáttaður en er svo sem hættur að kippa mér upp í þessu máli yfir viðbrögðum manna við staðreyndum sem við þeim blasa."

gar@frettabladid.is

Karlmaður sakfelldur:

## Nefbraut fyrrum kærustu

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að nefbrjóta fyrrverandi sambýliskonu sína.

Málsatvik voru þau að maðurinn fór í heimsókn til vinar síns. Þar var fyrir fyrrverandi kærasta gestsins uppi í rúmi húsráðanda. Mennirnir ruku saman og bárust slagsmálin inn í herbergið. Gesturinn sló fyrrum sambýliskonuna í andlitið með fyrrgreindum afleiðingum. Hann hlaut þriggja ára fangelsisdóm á síðasta ári fyrir nauðgun. Niðurstaða dómsins var sú að refsing ákærða hefði ekki orðið þyngri en nauðgunardómurinn, þótt bæði málin hefðu verið dæmd saman. Manninum var því ekki gerð sérstök refsing nú. - jss

Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni:

## Málefni OR ganga fyrir

**SAMGÖNGUR „Við þurfum að slökkva þá elda sem brenna heitast," segir Margrét Sverrisdóttir, verðandi forseti borgarstjórnar, spurð um framtíð Reykjavíkurflugvallar og samgöngumiðstöðvar þar.**



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

**Mál Orkuveitunnar gangi fyrir hjá nýjum meirihluta og ekki hafi verið samið um flugvallarmál enn sem komið er.**

**„En ég vil hafa flugvöllinn í Reykjavík. Það er búið að tryggja að hann verði í Vatnsmýrinni til 2016, þannig að ég sé ekki að það verði gerðar neinar grundvallarbreytingar á þessu kjörtímabili," segir Margrét. - kóþ**






Vladimír Pútín hélt til Írans að loknum fundi með Angelu Merkel í Þýskalandi:

# Lætur ekki hótanir stöðva sig

**ÞÝSKALAND, AP** Vladimír Pútín hélt í gær ótrauður til Írans, þrátt fyrir fréttir um að þar ætli sér hugsanlega einhverjir illvirkjar að ráða hann af dögum.

„Auðvitað fer ég til Írans," sagði hann á blaðamannafundi í Þýskalandi í gær eftir að hann hafði rætt þar við Angelu Merkel kanslara. „Ef ég hlustaði alltaf á allar hótanir og varnaðarorð leyniþjónustunnar þá myndi ég aldrei fara að heiman."

Þau Pútín og Merkel ræddu bæði málefni Írans og deilur um Kosovo-hérað, en Merkel lét að mestu eiga sig að gagnrýna mannréttindaástandið í Rússlandi.

„Samstarf okkar er ólgandi af lífi," sagði Merkel um tengsl Rússlands og Þýskalands, og Pútín tók undir þau orð.

Í Íran ætlar Pútín að hitta Mahmoud Ahmadinejad forseta og taka þátt í ráðstefnu Kaspíahafsríkja.

Á Vesturlöndum er beðið eftir því hvað Pútín hyggst gera varðandi kjarnorkuvinnslu Írana. Rússar hafa ekki tekið undir kröfur Bandaríkjamanna um að Sameinuðu þjóðirnar samþykki harðari refsiaðgerðir gegn Íran. Rússar hafa þess í stað hjálpað Írönum að byggja kjarnaofn, en hafa reyndar frestað þeim framkvæmdum og hvatt Írana til að fara að kröfum um alþjóðlegt eftirlit með kjarnorkuáætlun sinni. - gb



**PÚTÍN OG MERKEL** Forseti Rússlands og kanslari Þýskalands náðu vel saman á fundi sínum í Wiesbaden í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




„Mig langaði að kynnast starfi Rauða krossins betur. Konukot er eðalkot sem veitir mikilvæga þjónustu.“

Ugla Egilsdóttir, 21 árs

Rúmlega 30 sjálfboðaliðar starfa í Konukoti sem er næturathvarf fyrir konur í Reykjavík sem eiga hvergi höfði sínu að halla.

spron
er styrktaraðili átaksins

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

**Verkefnin eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!**

Rauði krossinn
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fiton/SIA FI023269 Ljósynd: Spessi

## GENGIÐ 15.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,83 | 60,11 |
| Sterlingspund | 122,12 | 122,72 |
| Evra | 85,14 | 85,62 |
| Dönsk króna | 11,427 | 11,493 |
| Norsk króna | 11,092 | 11,158 |
| Sænsk króna | 9,358 | 9,412 |
| Japanskt jen | 0,5079 | 0,5109 |
| SDR | 93,05 | 93,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**114,2737**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins:

# Ungmenni tekin með eiturlyf

**LÖGREGLUMÁL** Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók fólk með amfetamín, e-töflur, kókaín og marijúana um nýliðna helgi í hefðbundnu eftirliti. Mest var tekið af e-töflum og amfetamíni. Höfð voru afskipti af tíu til tólf manns. Flestir þeirra sem komu við sögu voru ungmenni undir tvítugu, flestir fæddir 1989, en sá elsti er fæddur 1979.

Eftirlit lögreglunnar fór fram á veitingahúsum og á götum borgarinnar. Efnin sem fundust voru einkum í neysluskömmtum.

Mesta magnið sem tekið var í þessu eftirliti reyndist vera í bíl sem lögreglan stöðvaði í austurborginni. Í honum voru tveir ungir menn, um 18 ára, sem voru með í fórum sínum um 20 e-töflur og eitthvað af marijúana falið innan klæða. Ökumaðurinn var ofan í kaupið réttindalaus.

Þá höfðu lögreglumennirnir afskipti af réttindalausum ökumönnum, einhverjum undir áhrifum vímuefna.

Sex mál urðu til í þessu eftirliti og var gengið frá þeim á vettvangi nema í þeim tilvikum þegar um lögbrot við akstur var að ræða. Þeir sem áttu hlut þar að máli voru færðir á lögreglustöð. **- jss**



**FÍKNIEFNI** Mest bar á örvandi efnum hjá þeim hópi fólks sem götuhópurinn hafði afskipti af um helgina.

Mannýg villidýr í Svíþjóð:

# Björn ræðst aftur á veiðimenn

**SVÍÞJÓÐ** Aðeins viku eftir að skógarbjörn réðst á og drap veiðimann í Norður-Svíþjóð urðu tveir aðrir veiðimenn fyrir árás skógarbjarnar þar í landi.

Fyrir árásinni urðu tveir þaulvanir elgveiðimenn, um fertugt og sextugt, er þeir voru á leið heim úr veiðiferð í Lillhärdal í Mið-Svíþjóð. Mönnunum tókst að skjóta í háls bjarnarins eftir að hann hafði sært þá með tönnum og klóm. Björninn flúði þá aftur inn í skóg. Öðrum manninum tókst að hringja á hjálp úr farsíma og þeir voru fluttir í þyrlu á sjúkrahús, að því er fram kemur í sænska Aftonbladet. **- aa**

Heimsnýjung við HA:

# Meistaranám í heimskautarétti

**MENNTUN Haustið 2008 hefst nám á meistarastigi í heimskautarétti við Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Sambærileg námsbraut er ekki í boði annars staðar í heiminum.**

**Guðmundur Alfreðsson, þjóðréttarfræðingur og prófessor við Háskólann í Lundi og Háskólann á Akureyri, stýrir hinni nýju námsbraut en fjöldi erlendra sérfræðinga kennir einstakar greinar, að því er segir í fréttatilkynningu.**

**Á undirbúningsfund sem haldinn var um helgina á Akureyri mættu sérfræðingar frá tólf löndum sem láta sig málefni beggja heimskauta varða.** **- aa**



GUÐMUNDUR ALFREÐSSON

# Borgarmeirihlutinn skapi sér stefnu fyrst

**Fulltrúar hluthafa í Hitaveitu Suðurnesja funduðu um sameiningarsamning Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest í gær. Þeir vilja gefa nýjum meirihluta í borginni svigrúm til að fara yfir málefni Orkuveitu Reykjavíkur.**

**ORKUMÁL** „Við viljum gefa nýjum meirihluta hjá Reykjavíkurborg tækifæri til þess að fara yfir málin heildstætt áður en ákvarðanir verða teknar,“ sagði Gunnar Svarsson, þingmaður Samfylkingarinnar og fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar í stjórn Hitaveitu Suðurnesja (HS), að loknum fundi með fulltrúum helstu eigenda HS. Fulltrúar hluthafa ætla að funda aftur um miðjan nóvember.

Fulltrúar Hafnarfjarðar kölluðu eftir hluthafafundi eftir að ljóst varð að fulltrúar Geysis Green Energy (GGE) og Reykjavík Energy Invest (REI) ákváðu að leggja hluti sína í HS inn í sameinað félag þeirra undir nafni þess síðarnefnda. „Í sumar var gert hluthafasamkomulag milli Reykjanesbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, OR og GGE, þar sem skerpt var á því að hver hluthafi myndi halda sínu. Í ljósi þessarar tilfærslu á eignarhlut í HS fannst okkur eðlilegt að ræða þessi mál og fara yfir þau áður en ákvarðanir yrðu teknar.“

Reykjavík Energy Invest, sameinað félag GGE og REI, eignast tæpan helming í Hitaveitu Suðurnesja eftir samrunann. Ákveði Hafnarfjarðarbær að selja sinn hluta til Orkuveitunnar fer hann til REI samkvæmt sameiningarsamningnum.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir þetta ákvæði ekki samrýmast samkomulaginu sem hluthafar gerðu með sér í sumar. „Við ræddum það á fundinum, og ég held að það hafi allir verið sammála um það, að það myndist forkaupsréttur um leið og hlutir eru að skipta um eigendur. Þess vegna er ekki hægt að gefa sér það að einn hlutur renni til annars án þess að hluthafar hafi nokkuð um það að segja,“ sagði Árni.

Hann sagði alla hluthafa hafa talað fyrir því að verja hagsmuni HS. „Við förum yfir stöðuna eins og hún er og fengum upplýsingar frá Bjarna Ármannssyni, stjórnarformanni REI, um hvernig málið í heild horfði við forsvarsmönnum REI. Það þarf að gefa nýjum meirihluta hjá Reykjavíkurborg tíma til þess að marka sér stefnu í þessum málum og þá er afar brýnt að lagaumhverfið um orkugeirann í heild sé skýrt en það er það ekki núna.“

Í fyrrnefndu hluthafasamkomulagi er einnig gert ráð fyrir því að HS verði skipt upp í tvo hluta. Annar hlutinn snúi að veitustarfsemi og smásölu rafmagns en hinn að rekstri orkuvera og heildsölu rafmagns. Iðnaðar- og viðskiptaráðherrarnir Össur Skarphéðinsson og Björgvin G. Sigurðsson vinna nú að endurskoðun lagaumhverfis fyrir orkugeirann.

**magnush@frettabladid.is**



**GUNNAR SVAVARSSON** Fulltrúar Hafnarfjarðar boðuðu til fundar eftir að sameiningarsamningur GGE og REI var gerður opinber. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁRNI SIGFÚSSON** Segir forkaupsrétt hluthafa ótvíræðan. Hann vill gefa nýjum meirihluta í borginni tíma til að marka stefnu í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### UM HITAVEITU SUÐURNESJA

**Eigendur**

| | |
|---|---|
| Reykjanesbær | 35 prósent |
| Geysir Green Energy | 32 prósent |
| Orkuveita Reykjavíkur | 16,5 prósent |
| Hafnarfjarðarbær | 15,4 prósent |
| Grindavíkurbær, Sandgerði, Garður og Vogar | samtals eitt prósent |

Samkvæmt sameiningarsamningi Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest, undir formerkjum hins síðarnefnda, er gert ráð fyrir því að REI verði eigandi tæplega helmingshlutar í HS. Óljóst er hvort ákvæði í samningnum, sem gera ráð fyrir því að hlutur Orkuveitunnar fari yfir í REI, standast.

Rekinn vegna kynhneigðar:

# Sagðist hafa verið að þykjast

**PÁFAGARÐUR, AP** Kaþólskum presti, Tommaso Stenico, var samstundis vikið úr embætti sínu í Páfagarði eftir að upptaka birtist í sjónvarpi þar sem hann sést reyna við ungan mann.

Stenico segist þó ekki vera samkynhneigður heldur hafi hann bara verið að þykjast þegar myndin var tekin upp án hans vitundar.

Hann segist hafa verið að sinna starfi sínu sem sálgreinandi og „safna upplýsingum um þá sem skemma ímynd kirkjunnar með samkynhneigðri hegðun“. **- gb**

Carstenz Pyramid í Eyjaálfu:

# Sigur að komast á toppinn

**FJALLGÖNGUR Ásgeir Jónsson fjallgöngumaður náði á hæsta tind Eyjaálfu, Carstensz Pyramid, á miðvikudaginn var. Tindurinn er 4.884 metrar á hæð og er Ásgeir fyrstur Íslendinga til að komast upp á toppinn. Hann segir að það hafi verið ótrúlega sætur sigur.**

**„Það eitt að komast að fjallinu var langt frá því að vera einfalt og síðan tóku veðurguðirnir upp á því að láta snjó kyngja niður daginn sem toppnum skyldi náð. Það er mjög sjaldgæft á þessum slóðum, að minnsta kosti í þessu magni,“ segir hann.** **- ghs**



ÁSGEIR JÓNSSON

Innheimta FIT-kostnaðar:

# FIT-mál fer fyrir dómstóla

**NEYTENDUR** Lögmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, hafa neitað að borga viðskiptavini sparisjóðsins til baka FIT-kostnað upp á rúmlega 33 þúsund krónur og því fer mál hans fyrir dómstóla. Bankar og sparisjóðir innheimta FIT-kostnað þegar viðskiptavinir eyða umfram heimild á debetkortareikningi sínum.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu taldi lögmaður viðskiptavinarins, Oddgeir Einarsson héraðsdómslögmaður, sparisjóðinn hafa innheimt svokallaðan FIT-kostnað ólöglega þar sem innheimtan færi gegn ógildingarákvæðum samningalaga. Því neita lögmenn sparisjóðsins og því fer málið fyrir dóm. **- mh**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR Á FIMMTUDAGINN**
Nú í nótt var víða næturfrost á landinu. Í dag verður hitinn raunar að mjatla þetta nálægt núllinu víðast hvar og aftur næstu nótt má búast við töluverðu frosti, einkum til landsins. Það hlýnar hins vegar á fimmtudaginn með vaxandi sunnanátt og rigningu. Eru horfur á að hitinn nái upp undir 10-12 stig sunnanlands en smám saman hlýnar einnig á landinu norðanverðu.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Hæg norðlæg átt og bjartviðri. Hiti um eða rétt yfir forstmarki að deginum, annars frost.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | London | 16°C skúrir | Friedrichshafen | 20°C léttskýjað |
| Billund | 14°C skúrir | París | 20°C léttskýjað | Lúxemborg | 19°C léttskýjað |
| Osló | 14°C skúrir | Amsterdam | 17°C skúrir | Alicante | 22°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C skúrir | Frankfurt | 20°C léttskýjað | Róm | 22°C léttskýjað |
| Gautaborg | 13°C skúrir | Berlín | 18°C léttskýjað | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.







# *Hilton opnar í Reykjavík*

*Ísland nýtur síaukinna vinsælda sem áfangastaður ferðamanna frá öllum hornum heimsins. Þess vegna lítum við á Hilton Reykjavík Nordica sem frábæra viðbót við úrvalshótel okkar.*

*Hótel fær einungis leyfi fyrir nafnbótinni Hilton með því að uppfylla ströngustu kröfur um þjónustustig og viðmið Hilton um hámarksánægju hótelgesta. Með því að rækta traust samband við viðskiptavini og tefla fram einbeittu og vel þjálfuðu starfsfólki mun Hilton Reykjavík Nordica bera best þekkta nafn hótelheimsins með stolti og réttu.*

*Við bjóðum Hilton Reykjavík Nordica velkomið í Hilton-fjölskylduna og munum með sannri ánægju taka þátt í að gera það að helsta dvalarstað viðskipta- og ferðafólks í höfuðborg Íslands.*

*Wolfgang M. Neumann,*
*forstjóri Hilton Hotels Europe*

**Hilton**
**Reykjavik Nordica**
Travel should take you places™

Hilton Hotels Corporation er leiðandi fyrirtæki í hótelrekstri, sem hefur á að skipa yfir 2800 hótelum með 480 þúsund herbergjum í 76 löndum og landsvæðum, með samtals 100 þúsund starfsmenn.

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú á Iceland Airwaves?*

| | |
|---|---|
| Já | 4% |
| Nei | 96% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér biðlaun stjórnmálamanna of há?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Þingmaður VG óskar eftir skýrslu um áætlaðan kostnað við Kárahnjúkavirkjun:

# Allar upplýsingar upp á borðið

**ALÞINGI** Mikilvægt er að almenningur og alþingismenn fái upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við Kárahnjúkavirkjun, segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna. Hún hefur óskað eftir því að iðnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um virkjunina.

„Ég vil fá allt upp á borðið, fá að vita hvað þessi langstærsta framkvæmd Íslandssögunnar kostar,“ segir Álfheiður. Hún segir sífellt bætast við aukaverk og aukakostnaður, sem yfirleitt sé sagt vera innan skekkjumarka.

Þá sé ákveðinn vafi á því hvaða tölur séu lagðar til grundvallar, hvort þar sé talað um upphaflega kostnaðaráætlun, tæpa 100 milljarða króna, eða hvort talað sé um tilboð Impregilo, sem hafi verið talsvert undir þeirri áætlun.



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Fjölmörg aukaverk hafa bæst við upphaflega samninga vegna Kárahnjúkavirkjunar, til að mynda vegna vatns í göngum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Álfheiður óskar eftir því að í skýrslu ráðherra komi fram upplýsingar um alla verksamninga sem nemi hærri fjárhæð en 10 milljörðum króna, og hversu mikil frávik hafi orðið á samningunum.

Einnig verði þar að finna upplýsingar um öll aukaverk, þar á meðal viðbótarsamninga við verktaka, og um kostnað við mótvægisaðgerðir samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.

Að lokum óskar Álfheiður eftir upplýsingum um tekjutap Landsvirkjunar vegna dráttar á raforkusölu frá Kárahnjúkum, vanáætlunum á bótum vegna vatnsréttinda og mögulegrar skaðabótakröfu Alcoa-Fjarðaáls vegna tafa. - bj

Castro og Chavez í sjónvarpi:

# Chavez segir Castro eilífan

**KÚBA, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, söng sálma til Fidels Castro og sagði hann eilífan föður allra byltingarmanna í vikulegum sjónvarpsþætti sínum á laugardagskvöld.**

**Castro hringdi í Chavez í beinni útsendingu og ræddu þeir saman í klukkustund, auk þess sem Chavez sýndi sautján mínútna langt myndband af fundi þeirra degi fyrr.**

**Chavez gaf Castro sömuleiðis málverk, sem hann sagðist sjálfur hafa málað þegar hann sat í fangelsi eftir misheppnaða byltingartilraun árið 1990 í heimalandi sínu.** - gb



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Umhverfisþingi lauk í fyrradag:

# 350 manns sóttu Umhverfisþing

**UMHVERFISMÁL** 350 manns sóttu umhverfisþing sem lauk á laugardaginn. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra boðaði til þingsins. Til umræðu var stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2009-2013.

Þinginu lauk með pallborðsumræðum með fulltrúum allra stjórnmálaflokka Alþingis, fulltrúum umhverfissamtaka og Samtaka atvinnulífsins. Fyrirlesarar fjölluðu um umhverfisstarf víðs vegar um landið, en upptökur frá þinginu verða birtar á vef umhverfisráðuneytisins á næstunni. - sgj

Viðskiptaráðuneytið:

# Flytur í hús landbúnaðarráðuneytis

**STJÓRNARRÁÐIÐ Allar líkur eru á því að Matís ohf. flytji út úr Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu, Hafrannsóknastofnun verði flutt til milli hæða og að landbúnaðarráðuneytið flytji síðan inn í húsið. Viðskiptaráðuneytið mun því flytja inn í núverandi húsnæði landbúnaðarráðuneytisins við Sölvhólsgötu á næsta ári.**

**Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, segir að leitað hafi verið tilboða í nýtt húsnæði en ekki gengið til samninga og nú séu þessi tilboð fallin úr gildi. Ekki sé ákveðið hvenær ráðuneytið flytur.** - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Afmælisbarn á 146

24 ára karlmaður var handtekinn undir Hafnarfjalli í fyrradag, á afmælisdegi sínum, fyrir að hafa ekið bíl sínum á 146 km hraða. Hann er jafnframt grunaður um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.



**EYKST MEÐ LÁGU GENGI** Innflutningur á vörum frá Bandaríkjunum hefur vaxið jafnt og þétt allt þetta ár að mati þeirra sem hafa milligöngu um slík viðskipti. Sérstaklega hefur innflutningur einstaklinga á bílum aukist þegar gengi Bandaríkjadals hefur verið jafnlágt og það mældist í lok vikunnar. Framundan eru stærstu viðskiptamánuðir ársins, október og nóvember.

# Bið eftir skipafrakt lengri en venjulega

**Bið eftir frakt til landsins er tvöfalt lengri en venjulega. Viðskiptastjóri segir fyrirspurnum um bílainnflutning fjölga snarlega þegar gengi krónunnar styrkist gagnvart erlendri mynt. Stærstu innflutningsmánuðirnir eru framundan.**

**VIÐSKIPTI** Gengi Bandaríkjadals er óvenjulágt þessa dagana, miðgengi dalsins hjá Seðlabanka Íslands fór niður fyrir sextíu krónur á fimmtudaginn var og hefur ekki verið svo lágt frá því um miðjan júlí þegar dalurinn fór niður í 59,34 krónur. Hæst hefur gengið verið um áramótin þegar það fór upp í 72,38 krónur. Gengið hefur að vísu sveiflast nokkuð og fór upp í 69,5 í ágúst áður en það fór lækkandi aftur.

Netverslanir hafa auglýst lágt gengi dalsins upp á síðkastið og hvatt þannig óbeint til innkaupa frá Bandaríkjunum. „Um leið og dollarinn fer í þessa tölu sem hann er í núna finnum við fyrir verulega auknum fyrirspurnum í tölvupósti og síma,“ segir Hannes Strange, viðskiptastjóri í innflutningsdeild hjá Eimskip.

Töluverð bið er eftir plássi fyrir bíla í skipum heim. „Í Ameríkuskipinu okkar er biðtíminn núna átta vikur en er venjulega þrjár til fjórar vikur. Það er mjög eðlilegur flutningstími,“ segir Hannes og telur innflutning á vörum frá Bandaríkjunum mun meiri nú en á sama tíma í fyrra.

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG Zimsen, segir að mikil aukning hafi verið í innflutningi til landsins. „Langstærstu mánuðirnir eru framundan, október og nóvember eru algjörir toppar hvað það varðar. Allt þetta ár höfum við fundið sterka og góða aukningu, líka milli mánaða.“




Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík, kannast við aukningu í innflutningi frá Bandaríkjunum og telur að það sé helst í dýrum hlutum á borð við bíla. „Það er alveg ljóst að gengi dollarans hefur áhrif á innflutning, það endurspeglast í verði vörunnar. Undanfarið höfum við orðið mest vör við innflutning á dýrum bílum. Í slíkum hlutum hefur gengið meira að segja og getur munað um hundruð þúsunda eftir því hvert gengið er, segir hann og bendir á að tollgengið sé mánaðargengi, gengi síðasta dags mánaðarins á undan. Lágt gengi nú hafi því ekki áhrif á tollgengið strax.

„Ef gengið heldur áfram að lækka þá sjáum við meiri breytingu eftir næstu mánaðamót,“ segir Snorri og spyr hvort auglýsingarnar séu ekki bara gott auglýsingabragð. Fasti kostnaðurinn sé hvort sem er svo mikill, afgreiðslugjald og flutningskostnaður, þegar um ódýrar vörur sé að ræða.

ghs@frettabladid.is

Gríðarleg óánægja er með launakjör umönnunarstétta á finnskum sjúkrahúsum:

# Fjöldauppsagnir væntanlegar

**FINNLAND** Fjöldauppsagnir hjúkrunarfólks munu lama sjúkrahúsin í Finnlandi eftir fimm vikur. Tæplega þrettán þúsund hjúkrunarfræðingar og aðrir umönnunarstarfsmenn eru reiðubúnir að segja upp störfum og rúmlega þrjú þúsund, flestir starfandi á stærstu sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu, hafa þegar skuldbundið sig til þess.

Uppsagnirnar ná til tuttugu stærstu sjúkrahúsanna í Finnlandi og eiga að taka gildi 19. nóvember. Þær eru liður í baráttu fyrir bættum kjörum en hjúkrunarfólk hafnaði nýlega launahækkun upp á 12,7 prósent, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.

Hjúkrunarfræðingarnir vilja fá 24 prósenta launahækkun, eða sem nemur 30-50 þúsundum króna á mánuði. Launin verða þá 188 til 205 þúsund krónur á mánuði en vinnuveitendur segja þau nú þegar að meðaltali um 200 þúsund, að sögn Helsingin Sanomat.

Jaana Laitinen-Pesola, formaður samtaka umönnunarstétta, segir að stefnt sé að því að allir snúi aftur til vinnu þegar samkomulag hafi náðst. Til að tryggja öllum störf snúi allir aftur sem einn og enginn fái að byrja á undan öðrum. - ghs



**SJÚKRAHÚSIN LAMAST** Fjöldauppsagnir hjúkrunarfólks mun lama starfsemi stærstu sjúkrahúsanna ef uppsagnirnar taka gildi um miðjan nóvember. Hér má sjá sjúkrahús í Kuopio í Finnlandi.

Hitablásarar




Hinir einu sönnu MASTER® hitablásarar

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



ég er sjálfboðaliði

Konukot

Rauði krossinn auglýsir eftir sjálfboðaliðum til að starfa í Konukoti sem er athvarf fyrir heimilislausar konur.

**Markmið verkefnisins** er að veita heimilislausum konum húsaskjól þar sem grunnþörfum þeirra er sinnt svo engin kona þurfi að gista götur borgarinnar eða leita næturskjóls á óæskilegum forsendum.

**Sjálfboðaliðar** þurfa að vera orðnir 20 ára. Allir sem sækja um koma í viðtal og undirgangast námskeið og þjálfun áður en þeir hefja störf.

**Nánari upplýsingar** í síma 570 4000 og á raudikrossinn.is

spron er styrktaraðili átaksins

Rauði krossinn

www.toyota.is

# Ég er tilbúinn fyrir veturinn




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39467 10/07



Verð frá 2.030.000 kr.*

## Auris Dísil - Með vetrarpakka

Ég vil finna fyrir öryggi þegar ég keyri bílinn minn. Auris er einn öruggasti bíllinn í sínum flokki samkvæmt árekstrarprófum. Bæði fyrir ökumann og farþega.

Ég ber mikla umhyggju fyrir umhverfinu. Toyota D-4D dísilvélin leysir mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensín-vélar. Hún er hljóðlát en jafnframt aflmikil. Svo eyðir hún lítið sem engu. 5 lítrum á hundraðið.

Auris Dísil kemur undirbúinn fyrir veturinn frá umboðinu. Hann kemur á hágæða vetrardekkjum og að sjálfsögðu fylgja sumardekkin með í skottinu.

Þessi hlutir skipta mig máli. Hvað með þig?

*Verð miðast við Auris Dísil Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hversu mikið kosta perurnar í friðarsúlunni á ári?

2 Í hvaða sæti lenti kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson í Evrópumótaröðinni?

3 Hvert er vinnuheiti kvikmyndarinnar sem Friðrik Þór Friðriksson vinnur nú að og fjallar um dreng með einhverfu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Kópavogsbúar eiga erfitt með að halda bókasafni sínu opnu á sunnudögum:

# Fólk vill vera heima hjá sér

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ** Lagt er til að hafa lokað á sunnudögum í Bókasafni Kópavogs og lengja í staðinn opnunartímann á öðrum dögum vegna þess hve erfiðlega gengur að fá fólk til að vinna á sunnudögum. Ef tillagan verður samþykkt í bæjarstjórn tekur hún líklega gildi um áramótin.

Hrafn Harðarson, forstöðumaður bókasafnsins, segir að erfitt sé að fá fólk til að vinna um helgar. „Fólk vill helst vera heima um helgar og gera eitthvað með fjölskyldu sinni. Ef við höfum opið á sunnudögum hvenær eigum við þá að hafa frídag fyrir starfsfólkið?“ spyr hann.



**HRAFN HARÐARSON** „Fólk vill helst vera heima um helgar,“ segir Hrafn Harðarson, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bókasafn Kópavogs hefur verið opið alla daga vikunnar frá árinu 2002 og er eitt af fáum bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu sem það gildir um.

Hugmyndin um að hafa opið á sunnudögum hefur komið upp í Bókasafni Hafnarfjarðar. Anna Sigríður Einarsdóttir forstöðumaður segir að hún eigi nógu erfitt með að manna laugardagana að sunnudagarnir bætist ekki við.

„Við viljum frekar hafa opið lengur á kvöldin því að það kemur mikið af fólki með börnin eftir kvöldmat. Við leggjum því frekar til að hafa opið lengur á mánudegi til fimmtudags,“ segir hún. - ghs

Seltjarnarnesbær:

# Tekjur hækka um 75 milljónir

**SELTJARNARNES** Tekjur bæjarsjóðs Seltjarnarnesbæjar hækka um tæplega 75 milljónir samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2007. Hún var staðfest á fundi bæjarstjórnar í lok september. Hagnaður aðalsjóðs nemur um 270 milljónum króna.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir helstu ástæðurnar fyrir bættri fjárhagslegri stöðu vera auknar tekjur af skatti og sölu byggingarréttar. „Við fáum meiri skatttekjur í kassann en við áætluðum vegna hagsældar og framkvæmdir í bænum hafa gengið hraðar en menn sáu fyrir.“ - sþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Undir áhrifum fíkniefna

27 ára karlmaður var handtekinn á Akranesi í fyrradag fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna.

### Reykur í innréttingu

Reykur kom upp í eldhúsinnréttingu á Fornhaga í Vesturbænum rétt fyrir klukkan 22 í fyrrakvöld. Að sögn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins kom enginn eldur upp.

Skoðanakönnun Norstat í Noregi:

# Vinstrisósíalistar tapa fylgi

**NOREGUR** Sósíalíski vinstriflokkurinn í Noregi, sem Kristin Halvorsen fjármálaráherra fer fyrir, mælist nú með minnsta fylgi í sögu flokksins. Samkvæmt könnun Norstat á fylgi norsku flokkanna sem birt var í dagblaðinu Vårt Land styðja nú aðeins 5,5 prósent norskra kjósenda vinstrisósíalista. 8,8 prósent kusu þá í Stórþingskosningunum 2005.

Verkamannaflokkurinn mælist með nánast óbreytt fylgi frá síðustu könnun í ágúst, 32,4 prósent, en Hægriflokkurinn vinnur á – fer úr 14,1 prósenti í 18,4 prósent. Framfaraflokkurinn mælist með 20,1 prósent en var með 22,1 prósent í ágúst. - aa



**LANDSVIRKJUN** Valgerður vill fá upplýsingar um útrásarverkefni Landsvirkjunar.

Valgerður spurði um útrás Landsvirkjunar og Rarik:

# Vill að sjálfstæðismenn skýri málin

**ALÞINGI** Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, hefur beint þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra á Alþingi hvort ráðherrann hyggist draga ríkisfyrirtækin Landsvirkjun og Rarik út úr útrásarverkefnum sem þau taka þátt í í samstarfi við einkaaðila.

> Ef þetta er stefnan hlýtur ríkið að þurfa að draga sig út úr þeirri útrás sem þarna á sér stað.
>
> VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



„Það hefur komið fram að það sé grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins að það eigi ekki að blanda saman opinberum rekstri og einkarekstri í útrás orkugeirans, og þess vegna spyr ég um þessi tvö fyrirtæki, Landsvirkjun og Rarik, sem eru að fullu í eigu ríkisins,“ segir Valgerður.

Í kjölfar ummæla fráfarandi borgarstjóra og annarra í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins segir Valgerður að sjálfstæðismenn verði að skýra þessa grundvallarstefnu og áhrif hennar á sambærileg mál.

„Ef þetta er stefnan hlýtur ríkið að þurfa að draga sig út úr þeirri útrás sem þarna á sér stað,“ segir Valgerður.

Landsvirkjun stofnaði í febrúar síðastliðnum alþjóðlega fjárfestingarfyrirtækið HydroKraft Invest í samvinnu við Landsbankann, og lagði Landsvirkjun 2 milljarða króna í fyrirtækið. HydroKraft Invest er ætlað að leiða verkefni tengd vatnsaflsvirkjunum erlendis.

Rarik keypti í sumar 10,5 prósenta hlut í norska orkufyrirtækinu Blåfells Energi af Landsbankanum. Landsbankinn hélt eftir 17,5 prósenta hlut í fyrirtækinu. - bj








ÖRUGG FJÁRFESTING – TRYGGÐUR HÖFUÐSTÓLL
Sölutímabil 16.-25. okt.
HÖFUÐSTÓLSTRYGGÐIR REIKNINGAR
Nú getur þú tekið þátt í að fjárfesta á hlutabréfamarkaðnum án þess að eiga á hættu að tapa höfuðstól og átt möguleika á góðri ávöxtun.
Sala er hafin á tveimur nýjum reikningum, ICEin 1008 og BRICin 1008, sem eru höfuðstólstryggðir reikningar. ICEin fylgir gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, OMXI15. BRIC er skammstöfun fyrir Brasilíu, Rússland, Indland og Kína en BRICin fylgir S&P vísitölunni sem tekur mið af gengi 40 stærstu fyrirtækja þessara landa.
ICEin 1008
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Ávöxtun að hámarki 20%
• Fylgir OMXI15 vísitölunni
• Höfuðstóll er tryggður í ISK
• Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. október
• Sölutímabilið er frá 16.-25. október
BRICin 1008
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Ávöxtun að hámarki 20%
• Fylgir S&P BRIC 40 vísitölunni
• Ávöxtun tekur mið af hækkun á verði á BRIC í EUR og greiðist út umreiknuð í ISK á lokadegi
• Höfuðstóll er tryggður í ISK
• Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. október
• Sölutímabilið er frá 16.-25. október
Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 7000, eða komdu við í næsta útibú.
KAUPÞING
Hugsum lengra
ENNEMM / SÍA / NM30246



**MÓÐURÁST** Gíraffamóðirin Jetta snurfusar nýfætt afkvæmi sitt Ede í Tierpark-dýragarðinum í Berlín þar sem Ede kom í heiminn 2. október síðastliðinn. Mæðgurnar eru nágrannar frægasta íbúa dýragarðsins sem er ísbjörninn Knútur. NORDICPHOTOS/AFP

Valdir leikir úr enska boltanum og náttúrulífsþættir fyrsta háskerpusjónvarpsefnið:

# Háskerpuútsendingar hefjast

**TÆKNI** Háskerpuútsendingar hefjast á dreifikerfi Digital Íslands á morgun. Þetta er í fyrsta skipti sem sjónvarpsefni í háskerpu er dreift á Íslandi. Fyrst um sinn verða tvær rásir í boði: Discovery HD sem sýnir náttúrulífs- og heimildarmyndir, og Sýn HD sem sýnir valda leiki úr ensku knattspyrnunni.

Sérstakan háskerpumyndlykil þarf til að taka á móti útsendingunum. Til að njóta tækninnar til fulls þarf sjónvarp sem ræður við háskerpuútsendingar, merkt „HD" eða „HD Ready".

Munurinn á venjulegu sjónvarpsefni og sjónvarpsefni í háskerpu er upplausnin, sem er um það bil fjórfalt hærri í háskerpuútsendingu. Það þýðir að myndin verður skýrari og smáatriði sjást betur en áður. Litir koma einnig betur út og hljóð er sent út í meiri gæðum.

Hrannar Pétursson, forstöðumaður almannatengsla hjá Vodafone, segir ekki ákveðið hversu margir leikir í enska boltanum verði sýndir í háskerpu, en það verði að minnsta kosti einn leikur um hverja helgi. Fyrsti leikurinn sem sýndur verður á Sýn HD er viðureign Everton og Liverpool á laugardaginn kemur. - sþs



**MUN HÆRRI UPPLAUSN** Á þessari mynd sést hvernig sama mynd verður skýrari þegar hún birtist í háskerpugæðum. Upplausnin er um það bil fjórfalt meiri í háskerpuútsendingum en í hefðbundnum sjónvarpsútsendingum.

Veðurstofan gerir hættumat:

# Flugvöllurinn í snjóflóðahættu

**SAMGÖNGUR Stór svæði í Tungudal eru meðal þeirra svæða sem eru í hættu vegna ofanflóða við Ísafjörð. Þetta kemur fram í nýju hættumati Veðurstofu Íslands fyrir svæði umhverfis þéttbýlið á Ísafirði.**

**Flugvallarbyggingar og svæðið í kringum þær eru meðal þess sem er í hættu. Fram kemur í mati Veðurstofunnar að þó ekki sé mikil byggð á svæðinu sé þar starfsemi sem er mikilvæg fyrir Ísafjarðarbæ og nágrannasveitarfélög. Huga þurfi sérstaklega að viðbrögðum vegna þess að búast megi við miklum mannsöfnuði þar.** - þeb

## MENNTAMÁL

### Samræmdu prófin hefjast

Tæplega níu þúsund níu ára og tólf ára krakkar í grunnskólum landsins taka samræmdu prófin í íslensku og stærðfræði í fjórða og sjöunda bekk á fimmtudag og föstudag, eða um fjögur þúsund og þrjú hundruð börn í hverjum árgangi. Börnin fá einkunnirnar í desember.

Japanska tölvufyrirtækið Hitachi þróar harða diska:

# Fjögur terabæti á einum disk

**TÆKNI** Japanska tölvufyrirtækið Hitachi áformar að búa til fjögurra terabæta harðan disk á næstu fjórum árum. Stærstu hörðu diskarnir sem fást í dag eru eitt terabæti að stærð, eða 1024 gígabæti. Enn frekari smækkun leshausa í hörðum diskum, niður í einn tvö þúsundasta af breidd mannshárs, gerir fyrirtækinu þetta kleift.

Á slíkan harðan disk væri hægt að koma fyrir ríflega átta hundruð DVD-myndum, um einni milljón laga eða um fimm milljónum ljósmynda í hárri upplausn. - sþs



**KRÖFUGERÐIN AÐ MÓTAST** Verkalýðsfélög eru að móta kröfugerð sína og vilja sum hækka lágmarkslaun í 170-180 þúsund krónur.

Tvö félög innan Starfsgreinasambandsins:

# Vilja hátt í fimmtíu prósenta hækkun

**VINNUMARKAÐUR** Tvö verkalýðsfélög innan Starfsgreinasambandsins sækjast eftir verulegum hækkunum á lágmarkslaunum fyrir félagsmenn sína. Verkalýðsfélag Akraness telur að hækka beri lágmarkslaun úr 125 þúsund krónum í 170 þúsund og Verkalýðsfélag Húsavíkur telur að hækka beri lágmarkslaun í 180 þúsund krónur, eða hátt í fimmtíu prósent.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að sér komi háar launakröfur frá einstökum félögum ekki á óvart. Fólk hafi miklar væntingar vegna komandi samninga og vilji verulega hækkun launataxta og vernda kaupmáttinn. „Það er okkar vandasama verk fram undan," segir hann.

Starfsgreinasambandið hefur gert viðræðuáætlun og segir Kristján að kröfur sambandsins verði tilkynntar fyrir lok október. Lögð verði síðasta hönd á kröfugerðina á formannafundi 24. október.

Á þingi Starfsgreinasambandsins nýlega kom fram að gríðarlegur munur er á launakjörum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að þar sé „himinn og haf á milli".

Samkvæmt könnun sem gerð var innan Flóabandalagsins eru meðaldagvinnulaun 201 þúsund krónur. - ghs



KJARTAN GUNNARSSON







Einstakt tilboð fyrir Vörðufélaga Landsbankans:

# Helmingi færri punktar til spennandi borga

## Vörðufélögum býðst 50% punktaafsláttur á ferðum til London, Osló og Baltimore*

- London: 19.000 Vildarpunktar í staðinn fyrir 38.000 punkta.
- Osló: 19.000 Vildarpunktar í staðinn fyrir 38.000 punkta.
- Baltimore: 25.000 Vildarpunktar í staðinn fyrir 50.000 punkta.
- Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessar ferðir.

Með því að bóka á www.vildarklubbur.is sparast 2.000 kr. þjónustugjald. Þú getur líka bókað í síma 5050 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi. Nánari upplýsingar á www.landsbanki.is og www.vildarklubbur.is

**Sölutímabil: 17., 18., 19., 20. og 21. okt.**
**Ferðatímabil: 5. nóv. – 16. des.**

*Ath., flugvallarskattar eru ekki innifaldir.

### Vinnur þú ferð til Evrópu?

Það borgar sig fyrir Vörðufélaga að vera skráðir í Netklúbb Vörðunnar. Þannig fá þeir reglulega send spennandi tilboð og tilkynningar um nýja þjónustuþætti og viðburði á vegum Landsbankans. Ef þú skráir þig í Netklúbb Vörðunnar fyrir 1. des. kemstu í pott og gætir unnið 76.000 Vildarpunkta .

Það er einfalt að skrá sig á landsbanki.is undir Varðan eða með því að hringja í Ráðgjafa- og þjónustuver Landsbankans í síma 410 4000.

## Aðild að Vörðu Landsbankans margborgar sig

Vörðufélagar hafa safnað fríðindum fyrir virk og fjölbreytt viðskipti í Landsbankanum sl. 10 ár. Í Vörðunni nýtur þú ávinnings af því að vera með heildarviðskipti þín hjá Landsbankanum, færð betri yfirsýn yfir fjármálin, persónulegri ráðgjöf og þjónustu. Auk þess getur þú safnað fríðindum með kreditkortinu þínu.

Með aðild að netklúbbi Vörðunnar færð þú reglulega sendar fréttir af nýjungum í þjónustu bankans og spennandi tilboð.




Vildarklúbbur

Landsbankinn



**BJARGRÁÐ Í ÞVÖGU** Ungur maður grípur til þess ráðs að setja stóran kassa á höfuð sér þegar hann reynir að troðast í gegnum þvögu á leið um borð í farþegaskip í Djakarta í Indónesíu. Flestir grípa til sama ráðs og lyfta ferðatöskum og kössum upp fyrir mannmergðina. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverjar eiga fullt í fangi með að takast á við vanda heima fyrir, segir prófessor í kínverskum fræðum:

# Bandaríkjunum stafar ekki ógn af Kína

**UTANRÍKISMÁL** Bandaríkjunum stafar engin ógn af Kína andstætt því sem margir Bandaríkjamenn telja. Kínversk stjórnvöld eiga nóg með að sinna málefnum heima fyrir. Þetta er mat Henry Rosemont Jr., prófessors emeritus í heimspeki og kínverskum fræðum við St. Mary´s College í Maryland í Bandaríkjunum. Rosemont hélt fyrirlesturinn „Bandaríkin og Kína – hver ógnar hverjum?“ í Norræna húsinu í gær á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ og Asíuvers Íslands.

Illa útbúinn her Kína á ekki möguleika gegn fullkomnum her Bandaríkjanna, sagði Rosemont og þrátt fyrir að Kína hafi aukið fjárframlög til hermála síðustu þrjú ár séu þau einungis átta prósent af framlögum Bandaríkjanna.

Rosemont sagði Bandaríkin vera á bak við þessa þróun í Kína. „Herskáir stjórnmálamenn í Bandaríkjunum, „haukarnir“, telja að vígbúnaðarkapphlaupið í kalda stríðinu hafi rústað efnahag Sovétríkjanna sem leiddi til hruns þeirra. Og núna segja sumir að gera þurfi þetta sama við Kína. Neyða þurfi Kínverja til að auka framlög til hermála sem mun sliga efnahag ríkisins og þá mun Kína ekki lengur vera ógn við Bandaríkin. Helsta ógnin sem Kína stendur frammi fyrir er eigin umhverfisvá að mati Rosemonts sem kemur fram í menguðu lofti, vatni og jörð. Auk þess eykst óánægja vegna aukinnar misskiptingar gæða og hefur mótmælum fjölgað undanfarið. „Stjórnvöld eiga fullt í fangi með að takast á við þessi vandamál.“

Rosemont segir framtíð Kína velta á Bandaríkjunum þar sem þau geri ekki neitt að þess að meta í leiðinni hvað Bandaríkin gera. „Ef Bandaríkjamenn verða herskárri þá verða Kínverjar herskárri og öfugt.“ - sdg



**HENRY ROSEMONT JR. PRÓFESSOR** Rosemont er talinn einn helsti fræðimaður heims í Konfúsíusisma. Hann er ráðgefandi prófessor við Fudan-háskólann í Sjanghæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Utanríkisráðuneytið:

## Urður verðandi fjölmiðlafulltrúi

**UTANRÍKISMÁL** Urður Gunnarsdóttir hefur verið ráðin fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins. Hún hefur starfað sem talsmaður skrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, OSCE, á sviði lýðræðis og mannréttinda.



**URÐUR GUNNARSDÓTTIR**

Starfið var auglýst um miðjan ágúst og bárust þrjátíu og sex umsóknir. Samkvæmt auglýsingu er fjölmiðlafulltrúa ætlað að vinna að kynningu að utanríkisþjónustunni og ráða ráðherra og öðrum starfsmönnum heilt um samskipti við fjölmiðla. Ráðið er í starfið til reynslu í eitt ár. - sþs

Nóbelsverðlaun í hagfræði:

## Bættu skilning á mörkuðum

**SVÍÞJÓÐ, AP** Þrír Bandaríkjamenn, þeir Leonid Hurwicz, Eric S. Maskin og Roger B. Meyerson, deila með sér Nóbelsverðlaunum í hagfræði í ár. Þeir fá verðlaunin fyrir að hafa lagt grunn að kenningu um skipulagningu viðskipta sem meðal annars auðveldar greiningu á því hvort markaðir virka vel eða illa.



**LEONID HURWICZ**

Hurwicz er níræður en Maskin og Myerson eru báðir 56 ára og þróuðu áfram kenningu sem Hurwicz kom fyrstur fram með. Hurwicz sagðist í gær ekki hafa átt von á að hljóta Nóbelinn, en Maskin sagðist lengi hafa vonað að Hurwicz fengi þessi verðlaun. - gb

# Víðtækari yfirráð flokksins

**Forseti Kína, Hu Jintao, boðaði aukna stjórn flokksins í bland við umbætur í ræðu sinni á flokksþingi Kommúnistaflokksins í Kína í gær. Hu boðaði aukin lýðræðisleg réttindi borgara árið 2020.**

**PEKING, AP** Hu Jintao, forseti Kína og formaður Kommúnistaflokks Kína, hét víðtækari yfirráðum Kommúnistaflokksins og að ávöxtum hagvaxtarins yrði betur dreift meðal þegna Kína í ræðu sinni á flokksþingi Kommúnistaflokksins í gær.

Flokksþingið er haldið á fimm ára fresti og er megintilgangur þess að skipa Hu á ný í embætti formanns flokksins til næstu fimm ára. Lykilatriði fyrir Hu verður hversu mörgum pólitískum bandamönnum sínum hann nær að koma í áhrifastöður innan flokksforystunnar, þar á meðal mögulegum eftirmönnum sínum eftir að hann lætur af embætti eftir fimm ár.

Henry Rosmont Jr., prófessor í heimspeki og kínverskum fræðum við St. Mary´s College í Maryland í Bandaríkjunum, telur að á flokksþinginu muni takast á fylkingar núverandi forseta og fyrrverandi forseta, Jiang Zemin. „Ég tel að fylking Hu sé umbótasinnaðri meðan að fylking Jiang sé meira á móti breytingum á kerfinu.“

Rosemont sagði það miður að svo virtist sem sá hópur sem vilji hverfa aftur til sósíalískra gilda sé að hljóðna í Kommúnistaflokknum. „Sum þessara gilda sem snúast um heilsugæslu, ókeypis menntun, lífeyri og þess háttar eru að tapast ört í Kína í dag og fólkið sem talar fyrir þeim virðast vera að missa völdin í efri stigum flokksins.“

Í ræðu sinni bauð Hu upp á sitt lítið af hverju fyrir hvern lykilhóp innan Kommúnistaflokksins. Hann talaði um að breytingar yrðu gerðar á miðstýrðu pólitísku kerfi flokksins til að koma til móts við frjálslynda vænginn, aukin fjárframlög til hermála til að koma til móts við valdamikinn her landsins og svo lofaði hann Marx og Maó Zedong til að koma til móts við íhaldssamari flokksmeðlimi.

Hu sagði að kínverskir borgarar myndu hafa „mun víðtækari lýðræðisleg réttindi“ árið 2020 án þess að greina nánar frá hvernig það yrði gert. Kínversk stjórnvöld hafa sett sér það takmark að árið 2020 verði komið á viðvarandi efnahagslegt öryggi í Kína.

Frá því að Hu tók við völdum árið 2002 hefur hagkerfi Kína þanist út um 75 prósent yfir í að vera það fjórða stærsta í heimi sem gefur Kína aukið vægi í alþjóðasamfélaginu. Hu ræddi stefnu sína „vísindaleg sýn á þróun“ sem snýst um jafnari dreifingu ágóða hagvaxtarins undanfarið. Lofaði Hu að auka og bæta félagslega þjónustu og heilbrigðistryggingar og auka styrki við menntun á landsbyggðinni. sdg@frettabladid.is






**MEÐLIMIR KOMMÚNISTAFLOKKSINS** Flokksþing Kommúnistaflokksins er haldið á fimm ára fresti. 2.200 háttsettir flokksmeðlimir sitja þingið, sem er vikulangt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 39467 10/10

www.toyota.is

AURIS

Ég er hljóðlátur



og umhverfisvænni

Verð frá 2.030.00 kr.*

Auris Dísil - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Ég ber umhyggju fyrir umhverfinu. Þess vegna er mér ekki sama hvernig vél er í bílnum mínum. Það er góð tilfinning að hugsa til þess að Toyota D-4D dísilvélin er búin tækni sem leysir mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar. Svo er hún líka ótrúlega hljóðlát og aflmikil. Það lætur mér líða vel. Hvað með þig?

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

EURO NCAP www.euroncap.com TOYOTA AURIS

* Verð miðast við Auris Dísil Terra


GRÆNT LJÓS!
Veislan sem beðið hefur verið eftir er byrjuð.
PEUGEOT 307 DB-580
Nýskráður sept. 03 ek. 56 þús. Kr. 1480 þús.
Á mánuði kr. 32.067
TOYOTA COR. WAG. VI-225
Nýskráður maí 02 ek. 56 þús. Kr. 1420 þús.
Á mánuði kr. 30.766
SUZUKI GRAND VITARA EG-924
Nýskráður mars 00 ek. 124 þús. Kr. 920 þús.
Á mánuði kr. 19.933
HONDA JAZZ UR-981
Nýskráður jún. 05 ek. 45 þús. Kr. 1.250 þús.
Á mánuði kr.27.083
MEIRA EN 100 BÍLAR Í BOÐI
100%
vaxtalausir dagar
hjá Suzuki notuðum bílum
í Skeifunni
Engin útborgun
100% lán
Vaxtalaust í 4 ár
Aðeins í 3 daga
TOYOTA RAV4 PJ-742
Nýskráður mar. 00 ek. 103 þús. Kr. 890 þús.
Á mánuði kr. 19.283
SUZUKI JIMNY YN-303
Nýskráður maí 04 ek. 43 þús. Kr. 1080 þús.
Á mánuði kr. 23.400
DAEWOO NUBIRA YV-667
Nýskráður jan. 00 ek. 80 þús. Kr. 590 þús.
Á mánuði kr. 12.783
SUZUKI IGNIS SU-029
Nýskráður nóv. 00 ek. 88 þús. Kr. 630 þús.
Á mánuði kr. 13.650
OPEL ZAFIRA TD-768
Nýskráður jan. 00 ek. 101 þús. Kr. 690 þús.
Á mánuði kr. 14.950
REN. MEG. SCENIC 4X4 UN-848
Nýskráður nóv. 00 ek. 78 þús. Kr. 860 þús.
Á mánuði kr. 18.6340
SUBARU IMPREZA YT-273
Nýskráður jún. 99 ek. 102 þús. Kr. 690 þús.
Á mánuði kr. 14.950
SUZUKI LIANA SE-769
Nýskráður jún. 03 ek. 45 þús. Kr. 890 þús.
Á mánuði kr. 19.283
KIA PICANTO OL-526
Nýskráður apr. 05 ek. 19 þús. Kr. 990 þús.
Á mánuði kr. 21.450
CHEVROLET KALOS SI-751
Nýskráður apr. 05 ek. 43 þús. Kr. 980 þús.
Á mánuði kr. 21.234
Fyrstur kemur - fyrstur fær...
OPIÐ: 9-18
Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði, lántökukostnaður innifalinn.
HUGTÓK 10.07
Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17



**Félagar í Vildarþjónustu fá meðal annars:** Lán án ábyrgðarmanna | lægri yfirdráttarvexti og hærri innlánsvexti | frítt debetkort og afslátt af árgjaldi kreditkorta | sérkjör á bílafjármögnun | 50% afslátt af lántökugjöldum til allt að 5 ára | námskeið og ráðgjöf í fjármálum | ýmis sértilboð reglulega


„Tók mér opnum örmum
Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins færð þú persónulega
þjónustu sem lagar sig að þínum þörfum
Starfsfólk Sparisjóðsins sér til þess að þú fáir ávallt það besta sem í boði er hverju sinni, því það er okkur kappsmál að hámarka ánægju viðskiptavina. Kynntu þér málið á spar.is.
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

## „ORÐRÉTT“

*Bíllaus hugsjón*

**„Fyrir mér er það hugsjón að eiga ekki bíl og afstaða til lífsins og umhverfisins.“**

GÉRARD LEMARQUIS KENNARI VILL FREKAR VERJA PENINGUM Í FERÐALÖG EN BÍLA.
Morgunblaðið 15. október.

*Þöggun*

**„Í heila viku hafa brjóstin á Mel C, nærbrækur Britneyjar og kvensemi Svens Erikssonar knattspyrnuþjálfara legið í þagnargildi.“**

ÞRÁINN BERTELSSON GETUR EKKI Á SÉR HEILUM TEKIÐ Í BAKÞÖNKUM.
Fréttablaðið 15. október.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR FORMAÐUR UJ

## *Með gott fólk á öllum stöðum*

„Það er margt að gerast í mínu lífi þessa dagana,“ segir Anna Pála Sverrisdóttir, nýkjörinn formaður Ungra jafnaðarmanna.

„Ég var núna að flytja inn á stúdentagarðana við Lindargötu og í haust byrjaði ég í mastersnáminu mínu í lögfræði.“ Anna Pála segist spennt fyrir mastersnáminu þar sem það sé bæði skemmtilegra og meira spennandi heldur en BA-námið sem nú er að baki.

En námið er ekki það eina nýja og spennandi á dagskrá Önnu Pálu núna því hún varð formaður Ungra jafnaðarmanna 7. október. Var hún einmitt að fara að stjórna fyrsta stjórnarfundinum í gærkvöld. „Ég hlakka mikið til. Við ætlum að byrja á að setjast niður og vera með hugmyndaflæði um allt sem okkur langar til að gera.“ Aðspurð hvort það séu einhverjar breytingar fram undan hjá félaginu nefnir Anna Pála fyrst að samþykkt var að fjölga í stjórninni á nýafstöðnu landsþingi. „Síðan höfum við sett okkur markmið um að vera öflugasta ungliðahreyfingin á landinu. Við ætlum að vinna að því og sjáum hvernig það vinnst.“

Í ofanálag við skóla og félagsstörf vinnur Anna Pála á Persónuvernd. „Við erum einmitt á leið í starfsmannaferð í Adrenalíngarðinn á laugardag sem ég hlakka mikið til.“

Anna Pála segist reyna sitt allra besta til að eiga einnig líf fyrir utan fyrrgreinda hluti svo hún hafi tíma með vinum og fjölskyldu. „En það hjálpar auðvitað að ég er með gott fólk á öllum þessum stöðum.“



## TÖLVULEIKIR:
### ÓHREINU BÖRN ZELDU



Tölvuleikirnir um ævintýri prinsessunnar Zeldu eru meðal þeirra vinsælustu í heimi, og hafa heilir fjórtán slíkir verið gefnir út fyrir mismunandi leikjatölvur síðan 1986. Færri vita að leikirnir eru í raun sautján, en þrír þóttu svo óheyrilega lélegir að þeir eru ekki taldir með. Leikirnir þrír sem fæstir vilja vita af voru ekki framleiddir af Nintendo eins og allir hinir, heldur voru gerðir af litlu fyrirtæki á Englandi fyrir hina lítt þekktu CD-i margmiðlunartölvu frá Philips. Þeir eru fastagestir á listum yfir lélegustu leiki allra tíma.

## SJÓNARHÓLL
ORKUVEITAN OG REI-MÁLIÐ

### *Endurspeglar flýti*



GUÐNI GÍSLASON, RITSTJÓRI FJARÐARPÓSTSINS.

„Þetta mál endurspeglar flýti í ákvarðanatöku hjá stjórnmálamönnum og í stjórnsýslu. Það ótrúlegasta er að menn hafi skrifað undir samninga án þess að hafa lesið þá. Það er auðvitað góð regla að lesa það sem maður skrifar undir og þetta mál er enginn bílasamningur með stöðluðum texta. Svo ríkir mikil óvissa í ýmsu, til dæmis um lagalega heimild vegna kaupa starfsmanna. Mér skilst að Fjármálaeftirlitið sé farið að skoða það. Svo tengist þetta mál samningi sem Hafnarfjarðarbær hefur gert við Orkuveituna um mögulega sölu á hlut bæjarins. Þeim hlut virðist hafa verið ákveðið að ráðstafa yfir til REI án þess að gengið hafi verið frá sölunni. Í dag halda menn að sér höndum vegna óvissunnar,“ segir Guðni Gíslason, ritstjóri Fjarðarpóstsins.

„Ég get ekki dæmt um það hvort menn hafi tekið réttar ákvarðanir í þessu máli en það er greinilegt að stjórn fyrirtækisins hefur ekki fengið þær upplýsingar sem þarf til ákvarðanatöku.“

# Þristur fluttur flugvalla á milli

**Biðskylda þurfti að víkja og straumur var tekinn af háspennulínu þegar Þristurinn var fluttur frá Reykjavík til Keflavíkur á sunnudagskvöld. Fimm lögregluþjónar á mótorhjólum fylgdu ellefu manna föruneyti á vegum Þristavinafélagsins eftir krókaleiðum út úr borginni með þessa merkilegu flugvél.**



**ÞRISTURINN** Stóran vöruflutningabíl þurfti til að flytja þessa stóru flugvél til Keflavíkur. Alls sáu rúmlega tuttugu manns um flutninginn sem stóð yfir í þrjár klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Flytja þurfti vélina úr geymslustað sínum á Reykjavíkurflugvelli vegna þess að leigusamningi Þristavinafélagsins hafði verið sagt upp, segir Tómas Dagur Helgason formaður. Því þurfti að finna vélinni nýjan samastað, sem fannst í flugskýli á Keflavíkurflugvelli með hjálp flugvallaryfirvalda í Reykjavík.

Leiðin sem Þristurinn fór í gegnum borgina var valin gaumgæfilega enda ekki hægt flytja slíkt flykki undir brýr eða um þröngar götur. Frá Reykjavíkurflugvelli var Snorrabrautin keyrð endilöng, og beygt í austur inn á Sæbraut. Til að vélin lenti ekki í árekstri við ljósastaur þurfti að fjarlægja biðskyldumerki rétt á meðan bíllinn tók beygjuna.

Á Sæbrautinni var skipt um vegarhelming og ekið öfugum megin að brúnni við Ártúnsbrekku, þar sem flutningabíllinn ók eins konar öfuga slaufu og síðan sem leið lá upp Ártúnsbrekkuna. Eftir nokkrar krókaleiðir, sem lágu meðal annars í gegnum Árbæinn og upp að Bláfjöllum, þar sem þurfti að taka straum af háspennulínu, komst vélin loks á Reykjanesbraut. Þaðan lá leiðin nokkuð bein til Keflavíkurflugvallar.

„Þegar við vorum komnir í leiðarenda tók Björn Ingi Knútsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, á móti okkur og hjálpaði ásamt starfsfólki flugvallarins við að koma vélinni inn í skýlið. Allar tímaáætlanir stóðust því við höfðum áætlað að taka þrjár klukkustundir í þetta,“ segir Tómas. „Ferðin gekk í raun vonum framar.“ **salvar@frettabladid.is**

## MIKILVÆGT SAMGÖNGUTÆKI

Þristurinn sem fluttur var á sunnudaginn er flugvél af tegundinni Douglas DC-3, og ber einkennisstafina ISB. Vélin flaug fyrir Flugfélagið frá 1951 til 1975, en þá var hún leigð Flugfélagi Norðurlands. Þar var hún notuð til innanlandsflugs í um eitt ár, áður en henni var lagt í flugskýlinu á Reykjavíkurflugvelli.

„Þessi vél, og aðrar af sömu tegund, eru merkilegar í okkar augum fyrir að halda uppi samgöngum við dreifðar byggðir landsins allt til 1976,“ segir Tómas Dagur Helgason, formaður Þristavinafélagsins. „Vélarnar eru hluti af menningararfleifð þjóðarinnar.“

Ástæðuna fyrir miklum vinsældum þessarar flugvélategundar segir Tómas vera helst stærð hennar og hlutverk í seinni heimsstyrjöldinni. Hún hafi átt höfuðþátt í því að stríðið hafi unnist, enda byltingarkennd þegar hún kom fyrst fram. „Annars er hljóðið eitt af því eftirminnilegasta við þessa vél, menn hafa gengið svo langt að kalla það ákveðna sinfóníu.“






Þorvaldur V. Þórsson náði merkum áfanga á laugardaginn:

## Gekk á hundrað tinda á einu ári

Fjallgöngugarpurinn Þorvaldur V. Þórsson náði merkum áfanga á laugardaginn þegar hann gekk á síðasta af hundrað hæstu tindum landsins á aðeins einu ári. Þorvaldur bauð öllum áhugasömum að fylgja sér á tind Heklu, sem er 1.500 metrar, og lögðu yfir sjötíu manns af stað þrátt fyrir afleitt veður.

Þorvaldur var staðráðinn í að klára verkefnið áður en hann yrði fimmtugur á þriðjudag og tókst ætlunarverkið. „Ég held að þetta sé besta afmælisgjöf sem ég hefði getað fengið. Þetta var eiginlega afmælisgjöf sem fjölskyldan gaf mér. Hún er búin að styðja mig gífurlega og það er ótrúlegt hvað þau hafa verið þolinmóð,“ segir Þorvaldur, sem var afar ánægður með stuðninginn á lokaáfanganum. „Ég er næstum því klökkur að sjá hversu margir mættu. Mig hefði aldrei grunað þetta.“

Þorvaldur gekk alls í 550 klukkustundir til að komast á tindana hundrað og nam vegalengdin tæpum 1.400 kílómetrum. Fyrsta fjallgangan var á nýársdag þegar hann gekk upp á Tindfjöll og eftir það varð ekki aftur snúið. „Ég gerði ráð fyrir því að líkaminn myndi segja til sín, til dæmis ökklar, kálfar og hásinar, en það er furðulegt hvað líkaminn er fljótur að ná sér. Ég er þakklátur fyrir að skrokkurinn skyldi standast þetta álag,“ segir hann.



**MERKUM ÁFANGA NÁÐ** Þorvaldur V. Þórsson fagnar merkum áfanga á toppi Heklu með sigurbros á vör og kampavínsglas í hendi. MYND/JÓN GAUTI JÓNSSON

Næst á dagskrá hjá Þorvaldi er að vinna úr þeim upplýsingum sem hann safnaði að sér við fjallgönguna og hugsanlega ætlar hann að skrifa bók um ævintýrið. **- fb /** **sjá síðu 24**

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

BÓNUS

# Látið ekki blekkjast !

## Verðkönnun ASÍ í lágvöruverðsverslunum 10. október 2007

| BÓNUS HOLTAGÖRÐUM | |
|---|---|
| Mc Cain Superfries kg.verð | 397 |
| Epli rauð, per kg - Ódýrast | 129 |
| Kínakál per kg - Ódýrast | 285 |

| KEPPINAUTUR BÓNUS | |
|---|---|
| Mc Cain Superfries kg.verð | 465 |
| Epli rauð, per kg - Ódýrast | 130 |
| Kínakál per kg - Ódýrast | 269 |




**Verulegs ósamræmis gætir í verðkönnun ASÍ og hins raunverulega vöruverðs keppinautar Bónus**

Samkvæmt verðkönnun ASÍ var kg-verð á rauðum eplum hjá keppinaut Bónus **79 kr.** en við innkaup er kg-verðið á kassakvittun 130 kr.

Kínakál kostaði **120 kr.** samkvæmt sömu könnun en á kassakvittun er hið raunverulega verð 269 kr.

McCain franskar kartöflur kostuðu í könnun ASÍ **266 kr.** en á raunverulegri kassakvittun er verðið 465 kr. kg.

**Bónus býður lægsta verð á matvöru á Íslandi. Gerið verðsamanburð.**

BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR

# NÓATÚN













## Fiskidagar í Nóatúni alla vikuna - fjölmargir nýir réttir










Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

# PERLUR HAFSINS










## Góð tilboð alla daga í fiskborði Nóatúns










NÓATÚN Verði ykkur að góðu!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óorðið á útrás orkufyrirtækjanna:

## Króginn er þeirra

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, varð í gærkvöldi annar maðurinn á rúmri viku til að nota það orðalag að óorði hefði verið komið á útrás orkufyrirtækjanna með málatilbúnaðinum í kringum sameiningu Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy. Þessi ummæli lét Friðrik falla í viðtali við fréttastofu Ríkissjónvarpsins. Hinn sem greip til sömu orða var Dagur B. Eggertsson í grein í Fréttablaðinu hinn 6. október.

Friðrik og Dagur eru pólitískir andstæðingar. Annar kemur úr Sjálfstæðisflokknum, hinn úr Samfylkingunni. Báðir eru þó sammála um það grundvallarsjónarmið að íslenskum orkufyrirtækjum ber skylda til þess að ávaxta óefnisleg verðmæti á borð við þekkingu og reynslu sem hefur byggst upp innan þeirra í áranna rás. Friðrik fangaði þá einföldu afstöðu með þessum orðum í fréttum Sjónvarps: „Orkufyrirtækin þurfa að horfa til langs tíma. Það er mjög mikilvægt fyrir þau að sjá fyrir verkefni eftir tíu til tuttugu ár. Ef við horfum á það sem er að gerast hér á landi, getur farið svo að eftir fimm til tíu ár verði til dæmis engin verkefni í vatnsafli og minna af verkefnum í jarðvarma en hingað til. Þá sitjum við uppi með þekkingu og við sitjum uppi með reynslu sem fyrirtækin vilja auðvitað koma í verð til að auka verðmæti sitt. Það gerist ekki öðruvísi en að koma þessum verðmætum á markað erlendis.“

Ef þetta sjónarmið sjálfstæðismannsins Friðriks nyti stuðnings meðal flokkssystkina hans í borgarstjórn væri Dagur B. Eggertsson ekki að taka við sem borgarstjóri í dag.

Reyndar er (eða var að minnsta kosti) einn maður á þessari skoðun í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna. Hann heitir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Aðrir borgarfulltrúar flokksins eru honum ósammála. Að þeirra mati er ekki rétt að Orkuveita Reykjavíkur eigi samstarf við einkaaðila í REI um útrás í orkugeiranum. Þó gengur það samstarf ekki út á annað en að koma verðmætum Orkuveitunnar á markað erlendis, svo notað sé orðalag Friðriks.

Þessi afstaða var kynnt sem slíkt grundvallarprinsipp í málinu að Orkuveitunni bæri að selja hlut sinn í REI eins fljótt og auðið væri. Og á því brotnaði borgarstjórn.

Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með sjálfstæðismönnum afneita REI á þessum forsendum. REI er þó skilgetið afkvæmi Sjálfstæðisflokksins. Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, hafði frumkvæði að stofnun fyrirtækisins, formaður fyrstu stjórnar þess var náinn samherji hans, Björn Ársæll Pétursson, sem þar sat ásamt sjálfstæðismanninum Hauki Leóssyni og framsóknarmanninum Birni Inga Hrafnssyni.

Framlag Orkuveitunnar til REI er áfangi í því að einkavæða ákveðna þætti sem einkageirinn er farinn að teygja sig eftir. Það er ekkert að því að opinbera fyrirtækið reyni að fá sem mest fyrir sinn snúð í því ferli.

Yfirlýstur tilgangur REI við stofnun var útrás í orkumálum með samstarfsaðilum til að takmarka áhættu Orkuveitunnar. Þessu markmiði er nú náð. Sjálfstæðismenn eiga að kannast við krógann, vera af honum stoltir og taka þátt í því að vinda ofan af óorðinu sem Friðrik og Dagur hafa gert að umtalsefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Áherslur umhverfisráðherra



**Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um umhverfismál miðvikudaginn 17. október kl. 20:30 á Hallveigarstíg 1.**
Húsið verður opnað kl. 20:00.

Gestur fundarins er
**Þórunn Sveinbjarnardóttir** umhverfisráðherra.

*Fundarstjóri:* **Ásgeir Beinteinsson**
formaður SffR.

*Kaffi og meðlæti*
Allir velkomnir

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn vinir

Helgin nýttist framsóknar- og sjálfstæðismönnum vonandi til að kasta mæðinni eftir orrahríðina sem varð í kjölfar myndunar nýs meirihluta í borgarstjórn. Stór orð og þung hafa verið látin falla, ekki síst í garð Björns Inga Hrafnssonar. Þó hafa líklega ekki orðin fullkomin vinslit á milli framsóknaroddvitans og fyrrverandi samstarfsmanna hans í borgarstjórn, að minnsta kosti ef marka má bloggsíðu Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa. Þar er Björn Ingi Hrafnsson enn meðal efstu manna á lista yfir bloggvini hennar.



### Fimm ára áætlun

Björn Ingi má eiga það að hann hefur lengi mátt þola skot og ákúrur án þess að láta það bíta á sér. Í mars 2002 fékk hann til dæmis þessa sneið á bloggsíðu Stefáns Pálssonar, sagnfræðings og Vinstri-græningja: „Af Binga er það hins vegar að frétta að hann gerðist Framsóknarmaður nú um mánaðamótin. Það er víst góður bissnes í því að styðja þann flokk – ef menn hafa geð í sér til slíkra verka.“ Stefán reyndist sannspár að því leyti að það hefur reynst Birni Inga „góður bissnes“ að styðja Framsóknarflokkinn. Aðeins fimm árum síðar var hann lykilmaðurinn í að mynda nýjan meirihluta, ásamt Vinstri grænum meðal annarra, og þykir að auki sigurstranglegur sem næsti formaður flokksins.



### Össur íhaldshrellir

Ekki er það þó svo að Björn Ingi megi þola eintóm hnýfilyrði og dylgjur. Össur Skarphéðinsson tekur til dæmis upp hanskann fyrir hann á heimasíðu sinni og segir það til marks um „snilld“ Björns Inga að leita eftir ráðum hjá Alfreð Þorsteinssyni. „Enginn – ekki einu sinni ég áður en ég burtsofnaðist í eilífa friðsæld í faðm íhaldsins – stendur honum jafnfætis í að klekkja á íhaldinu,“ skrifar Össur. Ah, já – þegar Össur klekkti á íhaldinu. Hvenær var það aftur?

bergsteinn@frettabladid.is

## Glötuð verðmæti



GUNNAR SMÁRI EGILSSON

**Í DAG** | Forysta Sjálfstæðisflokksins

Eitt af því sem tryggt hefur Sjálfstæðisflokknum velgengni í íslenskum stjórnmálum er geta flokksmanna til að standa þétt að baki foringjum flokksins. Þannig hefur flokkurinn bæði ræktað og notið sterkra foringja á borð við Ólaf Thors, Bjarna Benediktsson og Davíð Oddsson. Þótt vinstri menn hafi ekki átt síðri foringjaefni þá hefur ónáttúra þeirra leitt til þess að skórinn hefur verið nagaður af þeim flestum áður en þeir hafa getað gagnast flokkum sínum með sama hætti og foringjar sjálfstæðismanna. Þannig hafa vinstri menn – og við hin – misst af tækifærum til að sjá Svavar Gestsson og Jón Baldvin Hannibalsson ná fullum þroska sem stjórnmálaforingjar. Sjáið hversu Ólafur Ragnar Grímsson hefur blómstrað eftir að hann losnaði undan hjörðinni sinni.

### Vendipunktur

En þótt sjálfstæðismönnum hafi auðnast að búa til sterkari foringja en öðrum flokkum þá hefur á sama tíma enginn flokkur sýnt jafn mikið miskunnarleysi við að ganga að forystumönnum sínum dauðum. Meðferðin á Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni síðustu tvær vikur er í takt við þær trakteringar sem Þorsteinn Pálsson og Geir Hallgrímsson máttu þola af eigin flokksmönnum. Og það hangir yfir Geir H. Haarde einskonar hótun frá ákveðnum kjarna flokksins um að hans bíði sambærileg örlög.

Í raun má segja að sú sterka hefð innan Sjálfstæðisflokksins að styðja og styrkja foringja sína hafi breyst í undantekningu undanfarin þrjátíu ár. Ætli vendipunkturinn hafi ekki orðið þegar Davíð Oddsson náði kjöri sem borgarfulltrúi 1974. Þáverandi borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, fékk aldrei þann stuðning að vaxa upp í þann sess sem Geir Hallgrímsson, Gunnar Thoroddsen eða Bjarni Benediktsson fylltu sem borgarstjórar. Eftir að Sjálfstæðisflokkurinn missti borgina 1978 varð Birgir Ísleifur í raun lifandi pólitískt lík.

*Og ráðin sem ungliðarnir þáðu í hildarleik síðustu vikna hafa að öllum líkindum gengið frá pólitískri framtíð Gísla Marteins Baldurssonar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttir.*

Meðan Davíð var borgarstjóri gengu sjálfstæðismenn frá tveimur formönnum sínum; fyrst Geir Hallgrímssyni og síðan Þorsteini Pálssyni. Margt er líkt með örlögum Þorsteins og Vilhjálms Þ. nú. Ríkisstjórn Þorsteins gliðnaði í sundur, ekki síst vegna óbilgirni helstu ráðamanna Sjálfstæðisflokksins sem hrökktu Þorstein út í horn í eigin ríkisstjórn með hverjum afarkostunum á fætur öðrum. Þorsteinn var þá – líkt og ungliðarnir í borgarstjórnarflokknum nú – of óreyndur til að hafna misvitrum (og misvel innrættum) ráðum samherja sinna í forystu flokksins.

### Forystukreppa

Eftir að Davíð felldi Þorstein í formannskosningu, yfirgaf borgina og fór í landsmálin hefur sjálfstæðismönnum ekki auðnast að standa heilshugar að baki forystumönnum sínum í Reykjavík. Og listinn yfir mannfallið er orðinn býsna langur: Markús Örn Antonsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Árni Sigfússon, Björn Bjarnason og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Og ráðin sem ungliðarnir þáðu í hildarleik síðustu vikna hafa að öllum líkindum gengið frá pólitískri framtíð Gísla Marteins Baldurssonar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttir. Hið áunna óeðli Sjálfstæðisflokksins hefur því varpað forystukreppunni út yfir næstu kosningar.

Sjálfstæðismenn hljóta að spyrja sig þessa dagana hvort þeir hafi ekki launað Davíð Oddssyni nógsamlega fyrir störf hans fyrir flokkinn og hvort ekki sé kominn tími til að girða fyrir frekari áhrif hans. Hvort sem var á leið hans til valda eða frá þeim, hefur getuleysi Davíðs og helstu aðdáenda hans til að taka hagsmuni flokksins fram yfir eigin hag (sem oftast er litaður ólund, óvild og getuleysi til að una öðrum framgang) haft eyðileggjandi áhrif á flokkinn og skaðað bestu og efnilegustu forystumenn hans.

Ef sjálfstæðismenn spyrna ekki fast við fótum munu sömu öfl og klúðruðu borginni koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum í ríkisstjórn og á endanum út í sama hornið í pólitík og flokkurinn hefur hrakið alla forystumenn sína – aðra en Davíð Oddsson – undanfarin þrjátíu ár.

## Hvalreki bæjarstjórans

**UMRÆÐAN**
Bæjarmál í Kópavogi



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Bæjarstjóri Kópavogs gerir tilraun til að réttlæta gjörðir sínar í Fréttablaðinu á laugardag. Sem kunnugt er réði Gunnar vin sinn og félaga til margra ára í starf samhliða ritara hjá bæjarskipulagi Kópavogs á nær tvöföldum hennar launum. Félagann kallar hann hvalreka fyrir Kópavogsbæ og slíkan úrvalsstarfsmann ráði maður ekki á „taxtalaunum“.

Nú reynir hann að verja gjörðir sínar með þeim fátæklegu rökum að undirrituð hafi grafið þetta upp til að hefna sín á bæjarstjóranum. Auðvitað sér hver maður hvurslags endaleysa það er.

Til þess að hafa það sem sannara reynist var Þór Ásgeirsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í Skólanefnd Kópavogs, fyrir það fyrsta EKKI vanhæfur. Að þeirri niðurstöðu komst bæjarlögmaður Kópavogs, en Gunnar skellir við skollaeyrum!

Rétt er það að vinur Gunnars var ráðinn til bæjarins fyrir um ári síðan og vissi ég af því allan tímann. Það sem ég vissi ekki fyrr en nýlega var að vinur Gunnars var ráðin inn á nærri tvöföldum launum ritara Skipulagsstjóra þrátt fyrir að sinna sama starfi. Það var þá sem ég brást við og óskaði eftir að bæjarstjóri gerði grein fyrir máli sínu.

Gunnar getur kallað umrætt starf hvaða nafni sem er, verkefnisstjóra, ritara, stjórnanda, eða hvalreka, en það sem skiptir öllu máli er hvað starfið felur í sér. Samkvæmt starfslýsingu beggja umræddra starfa (sem eru til skriflegar) er hér um sama starf að ræða. Ég vil taka sérstaklega fram að ekkert er athugavert við störf einkavinar Gunnars og ekki er ég að sjá ofsjónum yfir launakjörum hans, það má vel vera að hann sé happafengur eins og bæjarstjórinn kemst að orði. Það sem ég geri athugasemd við er að hér er ekki bara um einkavinavæðingu að ræða heldur einnig gróft brot á jafnréttislögum. Ennfremur vek ég athygli á undarlegum starfslokum ritarans, hún hætti samdægurs eftir að hafa skrifað undir starfslokasamning við bæjarstjórann og fallið frá öllum kröfum á hendur Kópavogsbæjar vegna starfsloka sinna. Sem bæjarfulltrúa í Kópavogi ber mér skylda til þess að veita bæjarstjóranum strangt aðhald; það geri ég bæjarstjóranum til mikillar gremju.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

**BLEIKA SLAUFAN**
Batahorfur íslenskra kvenna með brjóstakrabbamein eru þær bestu í Evrópu samkvæmt því sem kemur fram í pistli dagsins í greinaröð um brjóstakrabbamein.
Heilsa 2



**GAMALL DRAUMUR**
Gulmairam Amankogoeva frá Kirgisistan er í klæðskeranámi í Iðnskólanum í Reykjavík.
Nám 3





**Birkiaska**
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN





**Heilunarskóli Skógarsetursins**

**Fyrstu námskeið vetrarins:**

**Reiki I**
Helgarnámskeið 27 og 28 okt.

**Hugleiðslu og draumanámskeið**
Helgarnámskeið 17 og 18 nóv.

**Reiki II**
Helgarnámskeið 19 0g 20 jan 2008



Sigrún Gunnarsdóttir
Reikimeistari

Allar frekari uppl. um Heilunarskólann og starfsemi Skógarsetursins eru í síma 5551727/8241727 og á heimasíðu Skógarsetursins www.skogarsetrid.is







FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ingunn Guðbrandsdóttir er ein þeirra sem stóðu fyrir stofnun félags fitness- og vaxtarræktarkeppenda um helgina.

# Félag fyrir keppendur

***Keppendur í fitness og vaxtarrækt stofnuðu um síðustu helgi Félag keppenda í fitness og vaxtarrækt sem hefur það að markmiði að gæta hagsmuna þeirra og kynna greinina betur fyrir almenningi.***

Ingunn Guðbrandsdóttir er ein þeirra sem stóðu fyrir stofnun félagsins og var kjörin gjaldkeri þess á stofnfundinum. „Nokkrir keppendur héldu fund nýlega um mótin sem eru framundan, skort á upplýsingum til keppenda og ákveðna óánægju sem hefur verið í gangi meðal þeirra. Þá ræddum við hvernig hægt væri að gæta hagsmuna þeirra keppenda sem eru að fara að keppa á mótunum og hvernig hægt sé að kynna sportið betur fyrir almenningi. Í framhaldi af því ákváðum við að stofna þetta félag,“ segir Ingunn sem er sjálf að undirbúa sig fyrir keppni í fitness. „Margir halda að við séum allt árið í því formi sem við erum þegar við keppum en það er alls ekki og við erum heldur ekki svona rosalega brún allt árið eins og við erum á sviðinu,“ segir Ingunn og hlær.

„Allir sem hafa áhuga á að keppa í vaxtarrækt eða fitness, hvort sem það er innan Icefitness eða IFBB, eru gjaldgengir í félagið. Það er hagur okkar allra að það mæti sterkir keppendur til leiks þannig að flestir eru tilbúnir til að miðla upplýsingum og hjálpast að við undirbúninginn,“ segir Ingunn og bætir því við að það sé ekkert gaman að keppa þegar einn eða tveir standi svo mikið upp úr að það sé engin samkeppni.

Þá segir Ingunn það líka vera markmið að fá fleiri keppendur og áhorfendur á mótin. „Áhuginn er reyndar alltaf að aukast og ungt fólk að bætast í hópinn sem er tilbúið að leggja þetta á sig og prófa,“ segir Ingunn og vonast eftir góðri þátttöku í félagið.

Formaður félagsins er Sunna Hlín Gunnlaugsdóttir sem heldur úti vefsíðunni vodvafikn.net og á þeirri síðu má finna allar upplýsingar um Félag fitnesskeppenda.

*sigridurh@frettabladid.is*



**Te** getur verið gott við ýmsum kvillum. Gott er að drekka te þegar hálsbólga og kvef gera vart við sig og auk þess er hægt að nota blauta kamillutepoka til að þrífa í kringum augun ef kvefvírus er í þeim.


Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

16. október Offita barna - leysum málið
Tryggvi Helgason barnalæknir
18. október Heilsukostur - kökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir desertadrottning
23. október Jurtanotkun og börn
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
25. október Heilsukostur - matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
31. október Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
06. nóvember Hvernig er staðan á þér?
Matti Ósvald heilsuráðgjafi


## Bleika slaufan

OKTÓBER ER TILEINKAÐUR ÁRVEKNI UM BRJÓSTAKRABBAMEIN

# Krabbamein á Íslandi – bestu horfur í Evrópu

Brjóstakrabbamein er langalgengasta krabbamein kvenna á Íslandi, eins og í öðrum vestrænum löndum. Nærri þriðja hvert krabbamein sem greinist hjá konum hér á landi er brjóstakrabbamein og greinast árlega 175 konur. Horfur eru mjög góðar og 90% geta búist við að vera á lífi fimm árum eftir greiningu. Dánartíðnin er því mun lægri en nýgengið, en árlega deyja nú 35 konur úr sjúkdómnum og frá árinu 1995 hefur dánartíðnin farið lækkandi jafnt og þétt. Því kemur ekki á óvart að nú eru á lífi um 2.000 íslenskar konur sem hafa einhvern tímann greinst með brjóstakrabbamein. Flestar konur greinast á aldursbilinu 50-69 ára og er meðalaldur við greiningu 61 ár. Varla kemur fyrir að sjúkdómurinn greinist fyrir 25 ára aldur og er hann mjög fátíður fyrir þrítugt.

Nýgengi á Íslandi er tvöfalt til þrefalt hærra en í löndum Asíu, Afríku, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu. Við erum á svipuðu róli og hin Norðurlöndin og ýmis önnur Evrópulönd svo sem Bretland og Holland, og einnig Kanada og Ástralía. Hins vegar hafa Bandaríkin og Belgía talsvert hærra nýgengi en Ísland. Orsakir hins mikla breytileika eru enn ekki vel þekktar, en meðal líklegra skýringa eru ólíkt mataræði, barneignamynstur, aðgangur að greiningu og arfgengir þættir. Ekki er hægt að skýra mismun milli landa eða ólíkra tímabila með ólíkri mannfjölda- og aldursdreifingu, því tekið er tillit til þeirra atriða í öllum samanburði hér.

Þegar Krabbameinsskráin tók til starfa fyrir rúmri hálfri öld var brjóstakrabbamein í efsta sæti krabbameina hjá konum eins og nú, en þó hafa orðið miklar breytingar á þessum fimm áratugum og heildarnýgengið hefur meira en tvöfaldast. Skýringar á því eru margar og tengjast bæði breytingum á lífsháttum og aðgengi að greiningu. Aukningin er hins vegar mjög mismikil eftir aldurshópum. Þannig hefur nýgengið lítið breyst hjá konum sem eru yngri en 40 ára. Á aldrinum 40-54 ára var 50% aukning fram til ársins 1987, en engin eftir það. Hins vegar má sjá stöðuga aukningu allan tímann hjá 55-69 ára konum, og þar hefur nýgengið 3,5 faldast frá upphafi skráningar. Þekktar ástæður fyrir hækkuninni hjá konum á aldrinum 55-69 ára eru einkum tvær. Annars vegar er það hin mikla aukning á notkun tíðahvarfahormóna sem varð á Íslandi á árunum 1979 til 2002, en notkun tíðahvarfahormóna hefur í för með sér aukna brjóstakrabbameinsáhættu. Hin ástæðan er að hópleitin færir greiningu sjúkdómsins fram um nokkur ár, þannig að aukning á nýgengi sem hefði komið fram eftir 70 ára aldur kemur nú fram fyrir sjötugt. Því verður tíðnin hjá eldri konunum lægri en ella. Þessu til staðfestingar er sú staðreynd að eftir að leitin hófst hefur engin nýgengiaukning orðið hjá 70-79 ára konum og hafa þær nú talsvert lægra nýgengi en 55-69 ára konurnar, öfugt við það sem var áður en leitarstarfið hófst.

Á síðustu árum hafa verið birtar í þrígang niðurstöður frá evrópskum krabbameinsskrám, fyrir ólík greiningarár, þar sem bornar eru saman horfur krabbameinssjúklinga í svokallaðri EUROCARE-rannsókn. Ísland var í einu af efstu sætunum í fyrri tvö skiptin og er í því efsta í síðustu rannsókninni sem greint var frá nú fyrir skömmu í læknisfræðiritinu Lancet. Hinn góða árangur okkar má þakka mörgum samverkandi þáttum. Við höfum mjög færa lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk. Tími sem líður frá greiningu að meðferð er stuttur hér miðað við flest önnur lönd. Loks höfum við hér skipulega hópleit sem nær til allrar þjóðarinnar og beinist að því að greina meinin áður en þau ná að verða langt gengin og illvíg.

Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir brjóstakrabbamein?

Þótt margt sé vitað um orsakir brjóstakrabbameins þá vantar enn mikið upp á heildarskilning á krabbameinsferlinu og á því hvað veldur. Það sem hægt er að ráðleggja í forvarnaskyni er að stunda líkamlega áreynslu og hreyfingu, forðast áfengi og notkun tíðahvarfahormóna, neyta fjölbreyttrar fæðu úr jurtaríkinu en forðast mjög orkumikinn og próteinríkan mat. Ofþyngd er þekktur áhættuþáttur, sérstaklega eftir tíðahvörf. Verndandi er að eignast fyrsta barn fyrr en síðar og að hafa börnin sín lengi á brjósti. Þótt þannig sé vitað um ýmis atriði sem draga úr líkum á að fá brjóstakrabbamein, ber að leggja áherslu á það að margar konur sem hafa enga þekkta áhættuþætti, fá brjóstakrabbamein engu að síður. Ætti það að vera okkur hvatning til þess að herða róðurinn í rannsóknum svo hægt verði að koma í veg fyrir þennan sjúkdóm að sem allra mestu leyti í framtíðinni

Upplýsingar um tölfræði krabbameina er að finna á heimasíðu Krabbameinsskrárinnar: http://www.krabbameinsskra.is/

*Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár hjá Krabbameinsfélagi Íslands*


Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



Gegn sykurlöngun
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi, Krónan Bildshöfða, fiskislóð, Akranes
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn



BIONAL
AppelSlim® Xtra
AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.
Náttúruleg innihaldsefni:
Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.



Naturtint
Permanent Hair Colorant
100% náttúrulegt
• 100% náttúrulegir jurtalitir
• Engin skaðleg aukaefni
• Ekkert ammóníak
• Laust við festiefni (Resorcinol)
• Þægilegt og fljótlegt í notkun
• 30 litir (Hægt að blanda fleiri)
Einnig sjampó, hárnæring o.fl.
Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana
BLÓM Í EGGI
DREIFING: BLÓM Í EGGI: SÍMI: 552 6500




Hjúkrunarfræðingarnir Herborg Ívarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir eru í stjórn Samtaka um sárameðferð á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Meðferð sára rædd

***Meðhöndlun þrýstingssára og annarra langvinnra sára er umfjöllunarefni ráðstefnu í Salnum í Kópavogi 19. október milli kl. 8 og 15.***

„Stöðugt kemur fram ný þekking sem gerir okkur kleift að meðhöndla sjúklinga með sár á markvissari hátt og af meira öryggi en áður þó margar eldri aðferðir séu vissulega í gildi líka," segir Guðbjörg Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún er í Samtökum um sárameðferð á Íslandi sem hafa verið við lýði í fjögur ár og standa að ráðstefnu í Salnum sem einkum er ætluð fagfólki í heilbrigðisgeiranum. Þar verður aðaláherslan lögð á þrýstingssár sem oft eru nefnd legusár og koma af álagi. Meðal fyrirlesara eru Svíi og Breti sem hafa miklu að miðla að sögn Guðbjargar, vegna rannsóknarstarfa sinna. Einnig verður kynning á sáraumbúðum sem eru á markaðnum í dag og fleira fróðlegt. „Margir Íslendingar eru með sár svo vikum, mánuðum og jafnvel árum skiptir og það hefur mikil áhrif á lífsgæðin. Þannig að þetta efni varðar marga í okkar samfélagi," segir Guðbjörg.

Heimasíða samtakanna er sums-is.org

*- gun*


Heilsukostur
Fimmtudagur 18. október, kl. 18–20
Námskeið
Kökur og eftirréttir
Njóttu þess að borða ljúffengar kökur og eftirrétti með góðri samvisku.
Einn af meistarakokkum Maður lifandi er köku og dessertadrottningin Auður Ingibjörg Konráðsdóttir.
Hún mun fara yfir hvernig hægt er að galdra fram góða, flotta og holla eftirrétti með litlili fyrirhöfn og engu samviskubiti. Kynntar verða uppskriftir og ráðleggingar veittar um heilnæmt hráefni og aðferðir.
Leiðbeinandi: Auður I. Konráðsdóttir
Staður: Maður lifandi, Borgartúni 24
Skráning: madurlifandi@madurlifandi.is
maður lifandi
Maður lifandi, Borgartúni 24, sími 58 58 700, www.madurlifandi.is

**Námskeið** geta verið skemmtileg og margt er í boði. Til dæmis getur verið gaman að skella sér á dansnámskeið, matreiðslunámskeið eða bæta einu tungumáli við sig.



# Dior í miklu uppáhaldi

***Gulmairam Amankogoeva frá Kirgisistan er í klæðskeranámi í Iðnskólanum í Reykjavík. Klæðskeranámið heyrir undir hönnunarsvið og fataiðnbraut og þar er einnig boðið upp á kjólasaum. Námið tekur að jafnaði fjögur ár og er löggilt iðnnám.***

Gulmairam Amankogoeva sem er á fimmtu önn er frá Kirgisistan en hefur búið á Íslandi síðastliðin sex ár. „Ég kynntist manninum mínum, sem er íslenskur, í Kirgisistan og ákvað að flytja með honum til Íslands," segir Gulmairam, sem hafði tekið verslunarnám í framhaldsskóla í Kirgisistan.

„Ég hafði aldrei áhuga á viðskiptagreinum og þegar ég flutti til Íslands ákvað ég að byrja algjörlega nýtt líf og láta gamlan draum rætast," segir Gulmaiaram sem talar mjög góða íslensku. „Ég fór strax í tungumálanám í Háskóla Íslands og fór síðan að vinna á hjúkrunarheimili. Þar töluðu flestir aðeins íslensku og þá var ég fljót að læra," segir Gulmairam sem segir að alls staðar hafi henni verið tekið mjög vel.

Það skemmtilegasta í skólanum að sögn Gulmairam er að vinna að grunnhugmyndum, teikna og síðan sjá afraksturinn. „Það er alltaf gaman að standa með tilbúna flíkina eftir alla þessa vinnu og stundum hugsa ég: Vá, ég gerði þetta sjálf," segir Gulmairam hlæjandi og nefnir Dior sem sinn uppáhaldshönnuð ásamt íslenskri hönnun almennt. „Mig langar mikið til að hanna í framtíðinni en það verður bara að koma í ljós hvort ég fari í frekara nám, klæðskeranámið er að minnsta kosti gríðarlega góður grunnur fyrir fatahönnun."

*rh@frettabladid.is*



Gulmairam Amankogoeva lét gamlan draum rætast þegar hún flutti til Íslands og fór í klæðskeranám. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## Námskeið

**Hekl**: 5 kvöld.
Hefst þriðjudaginn 30. okt.

**Harðangur og klaustur**: 5 kvöld.
Hefst mánudaginn 29. okt.

*Kennt er í Grafarvogi.*
Upplýsingar í síma: 588 5171 / 862 2039



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Leiðbeinendur frá KOM almannatengslum munu kenna stjórnendum fyrirtækja að bregðast við áföllum svo þau leiði ekki til krísuástands innan fyrirtækisins.

# Komið í veg fyrir krísu

***Þekkingarmiðlun býður upp á námskeið í áfallastjórnun fyrir stjórnendur fyrirtækja í samstarfi við KOM almannatengsl og verður námskeiðið haldið hinn 25. október.***

Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri KOM og Þorsteinn G. Gunnarsson, ráðgjafi hjá KOM verða leiðbeinendur á námskeiðinu og hafa báðir þekkingu og langa reynslu í að aðstoða fyrirtæki og stjórnendur við stjórnun áfalla.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur læri að bregðast rétt við neikvæðri umfjöllun sem dynur yfir fyrirtækið á sem skemmstum tíma en áfallastjórnun felst í að hindra að óvæntur atburður innan fyrirtækja leiði til krísuástands. Þar eru það skjót viðbrögð sem skipta sköpum og því fyrr sem tekist er á við vandann, því líklegra er að árangur verði betri og hægt sé að lágmarka skaðann.

Námskeiðið verður í formi stuttra fyrirlestra, dæmisagna úr viðskiptalífinu og verkefna og gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda.

*- sig*

# Rýnt í ritsnilldina

***Endurmenntun er að fara af stað með námskeið fyrir þá sem vilja dýpka skilning sinn á fagurbókmenntum.***

Námskeiðið Hvað er ritsnilld? – Skemmtiferð um íslenskar bókmenntir hefst hjá Endurmenntun Háskóla Íslands nú á fimmtudaginn, 18. október, og verður kennt öll fimmtudagskvöld til 22. nóvember frá klukkan 20.15 til 22.00.

Halldór Guðmundsson rithöfundur hefur umsjón með námskeiðinu sem er hugsað fyrir þá sem hafa gaman af lestri fagurbókmennta og vilja dýpka skilning sinn á þeim.

*- eö*



Unnendur góðra bókmennta ættu að hafa bæði gagn og gaman af námskeiðinu.


**Blómstraðu á báða bóga!**
27. og 28. okt. * kl. 9 - 16 x 2
Viltu meiri velgengni, vellíðan og auðlegð!
markmiðasetning - sjálfsímynd
fjárhagslegt frelsi - hreysti - hugarró



Jóna Björg Ingólfur Guðbjörg Edda Anna

Námstækni ehf.
www.blomstradu.net
skráning:
jona@namstaekni.is
s.899 4023






## Hófst þú nám í hársnyrtiiðn en laukst því ekki?

**Ertu starfandi í greininni eða í grein henni tengdri?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

**Bættu um betur – Hársnyrtiiðn** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveisprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn fimmtudaginn 18. október kl. 18.00 að Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

EINN TVEIR OG ÞRÍR 426.002

IÐAN fræðslusetur
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

lh **hestar**
ÍÞRÓTT ● MENNING ● LÍFSSTÍLL



Bóndinn í Miðkoti
**ræktar heilleg hross** BLS. 4

ÞRIÐJUDAGUR 16. OKTÓBER 2007

## Endurbætur á Kappa

Tölvudeild Bændasamtaka Íslands, BÍ, og tölvunefnd LH vinna nú að frekari þróun á mótakerfinu Kappa og Mótafeng. Nokkrar villur hafa komið upp í Kappa og eins hefur verið misbrestur á að félög hafi skilað upplýsingum inn í Mótafeng.

Jón Baldur Lorange, forstöðumaður tölvudeildar BÍ, segir að opnast hafi spennandi möguleikar með nýrri útgáfu af „þróunartólinu“ sem Kappi var hannaður í, sem muni gera hann notendavænni. Einnig þurfi að efla þjálfun notenda í forritinu því fylgja þurfi í þaula reglum FIPO.

Marko Mazeland, sportforseti Félags eigenda íslenskra hesta erlendis, FEIF, hefur lagt til að Íslendingar taki í notkun mótaforritið IceTest, sem hann er höfundur að og er í notað í öllum FEIF-löndunum nema Íslandi. Hann segir forritið einfalt í notkun, það sé frítt og öllum frjálst að nota það. IceTest heldur utan um svokallaðan WorldRanking lista sem vistaður er á www.feif.org.

Jón Baldur segir það ekki sitt hlutverk að ákveða hvaða mótaforrit sé notað en það sé sín skoðun að aðeins eigi að nota eitt mótakerfi í öllum FEIF-löndunum.



**Hrímnir frá Hrafnagili, knapi Björn Sveinsson.** MYND/EIRÍKUR JÓNSSON

## Hrímnir fallinn

Einn fegursti gæðingur landsins, Hrímnir frá Hrafnagili, er fallinn, 32 vetra. Hann var heygður undir húsvegg í garðinum hjá eiganda sínum, Birni Sveinssyni á Varmalæk.

Hrímnir kom fyrst fram 5 vetra árið 1980 á Vindheimamelum, knapi þá Marjolyn Tiepen. Ári síðar varð Björn Sveinsson Íslandsmeistari á honum í tölti. Á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum árið 1982 varð Hrímnir svo efstur í B-flokki gæðinga, eigandinn þá knapi. Eftir það tók Björn þá ákvörðun að Hrímnir skyldi ekki koma fram í keppni framar. Hann stóð við það og skipaði hestinum slíkt öndvegi að sómi er að.

Hrímnir var alla jafna notaður til reiðar og kom stöku sinnum fram við hátíðleg tækifæri. Bar hann jafnan af öðrum hestum og gladdi augu þeirra sem á horfðu.



**Hákon frá Ragnheiðarstöðum nokkura daga gamall.** MYND/ HANNES SIGURJÓNSSON.

# Stórt félag um lítinn hest

**Hlutafélag hefur verið stofnað utan um stóðhestinn tilvonandi, Hákon, sem er aðeins nokkurra mánaða.**

Stofnað hefur verið hlutafélag um stóðhestinn Hákon frá Ragnheiðarstöðum, sem er undan hinni frægu Hátíð frá Úlfsstöðum og Álfi frá Selfossi, einum eftirsóttasta stóðhesti landsins um þessar mundir.

Telst það til nokkurra tíðinda vegna þess að Hákon er aðeins nokkurra mánaða gamall, folald síðan í vor. Boðnir voru til sölu 30 hlutir í folaldinu, sem seldust upp á augabragði og fengu færri en vildu.

Skapast hefur sú venja að stóðhestum er skipt í sjötíu hluti, sextíu eru til eignar og gefa rétt á einum folatolli á ári, en tíu folatollar eru seldir á frjálsum markaði og standa undir rekstri hestsins.

Verð á hlut fékkst ekki uppgefið en ekki er óvarlegt að áætla að hann kosti á bilinu 200 til 300 þúsund krónur. Miðað við sextíu söluhluti er folaldið því metið á 12 til 18 milljónir króna.

Hátíð var ein af skærustu stjörnum á Landsmóti hestamanna 2006 á Vindheimamelum. Hún var sýnd í 5-vetra flokki og fékk 8,62 fyrir kosti, sem er mjög há hæfileikaeinkunn hjá klárhrossi. Þar af fékk Hátíð 10 fyrir tölt, 9,5 fyrir fegurð í reið og 9,0 fyrir brokk og vilja/geðslag. Álfur sló í gegn á sama móti, einnig klárhestur með tölti. Hann var sýndur í flokki 4-vetra stóðhesta og fékk 9,0 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið, og 9,5 fyrir vilja/geðslag.

Á fundi sem boðað var til vegna stofnunar félagsins um Hákon var Erlingur Erlingsson fenginn til að lýsa foreldrum folaldsins, en hann tamdi og sýndi bæði Álf og Hátíð. Sagði hann aðal þeirra beggja vera mjög jákvæða lund og vilja ásamt miklu og sjálfgerðu tölti, sem einkenndist af mýkt og rými.

Fyrstu eigendur og ræktendur Hákons eru Helgi Jón Harðarson, Hannes Sigurjónsson og Inga Christina Campos.

Ætla þau að eiga áfram 30 hluti í hestinum, að minnsta kosti fyrst um sinn.

# Framkvæmdastjóri LM08

Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri á Blönduósi, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Landsmóts ehf. en næsta landsmót hestamanna verður haldið á Gaddstaðaflötum við Hellu í júlí á næsta ári.

Jóna Fanney nam fjölmiðlafræði í Berlín og hefur starfað við blaðamennsku og stjórnunarstörf. Hún hefur ekki áður unnið fyrir hestamannahreyfinguna en stundar hestamennsku í frístundum.

„Ég er ekki þaulkunnug félagsmálum hestamanna af eigin raun, en maðurinn minn, Hjörtur Einarsson, hefur lengi verið í hrossarækt og hestamennsku og var meðal annars í framkvæmdanefnd landsmótsins á Vindheimamelum 2002. Þannig að ég er ekki alveg græn í þessu, hef fylgst með af hliðarlínunni.



**Jóna Fanney er nýráðinn framkvæmdastjóri Landsmóts ehf.** MYND/JENS EINARSSON

Ég hef hins vegar allgóða reynslu af félags- og stjórnunarstörfum á öðrum sviðum og vona að ég geti komið með ferska vinda inn í landsmótshaldið. Ég geri mér þó alveg grein fyrir því að það þarf ekki að finna hjólið upp á nýtt. Landsmótin eru í nokkuð fastmótuðum farvegi,“ segir Jóna Fanney.

## Nýir reiðstígar á Álftanesi

Hestamenn í Sóta á Álftanesi hafa verið uggandi vegna reiðstíga í hinu nýja miðbæjarskipulagi og þéttingar byggðar á Álftanesi. Einnig er tilfinnanlegur skortur á nýjum lóðum undir hesthús.

Sigurður Magnússon bæjarstjóri og Bjarni Einarsson bæjartæknifræðingur mættu á fund hjá Sóta vegna málsins og er skemmst frá því að segja að þeir voru jákvæðir í garð hestamanna enda eitt af slagorðum Sveitarfélagsins Álftaness: SVEIT Í BORG! Stefnt er að því að leggja nýja reiðstíga í námunda við hesthúsahverfið og tengja þá við þá sem fyrir eru. Steinunn Guðbjörnsdóttir, formaður Sóta, segir hestamenn á Álftanesi bjartsýna og þakkláta eftir fundinn. Enginn vilji fara þaðan í önnur hesthúsahverfi.



**Íslenskir keppnishestar eru ekki á lyfjum. Hér eru hinn frækni garpur Jarl frá Miðkrika og knapi hans Stian Petersen sem urðu heimsmeistarar í tölti og fjórgangi á HM07.** MYND/ÖRN KARLSSON

## Allir edrú

Enginn af þeim tuttugu keppnishestum sem fóru í lyfjapróf á Heimsmeistaramótinu 2007 reyndist vera með ólögleg lyf í blóði eða vefjum. Er þessi niðurstaða mjög jákvæð fyrir ímynd íslenska hestsins, hreysti og heilbrigði. Til samanburðar má geta þess að 30 prósent sýna úr keppnishestum á Ólympíuleikum eru talin þurfa frekari skoðunar við hverju sinni.

## Slegist um tamningafólk

„Það er mikill skortur á góðu tamingafólki og það er slegist um það. Launin í faginu hafa heldur aldrei verið eins há og þar með launakröfurnar,“ segir Hafliði Halldórsson, hrossabóndi og framkvæmdastjóri á Ármóti á Rangárvöllum.

„Því miður virðist sú vakning í hestatamningum og þjálfun, sem átt hefur sér stað undanfarin ár, og hið mikla framboð á námi í hestamennsku ekki skila sér nægilega í fleiri og betri tamningamönnum. Það eru að sjálfsögðu ýmsir sem eru mjög færir, en of marga skortir þá reynslu sem menn fá aðeins með því að vinna við alls konar aðstæður í lengri tíma.

Tamningar eru erfið vinna og það þarf kjark og fimi, þor og þol til verða góður í faginu. Bestu tamningamennirnir eru þeir sem hafa gamla skólann plús þá fagþekkingu sem hefur bæst við á síðustu árum. Framboðið af þeim er því miður bara allt of lítið.“

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435 gsm. 822-5062

**HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:**

# Það þrengir að hestamönnum

Eitt af þeim málum sem liggja þungt á félögum innan Landssambands hestamannafélaga vítt og breitt um landið eru skipulagsmál. Í bæjarfélögum sækir íbúðabyggð hart að útivistarsvæðum hestamanna og þarf jafnvel að flytja heilu hesthúsahverfin vegna ágangs hennar. Stór umferðarmannvirki hafa jafnframt verið að sækja á og eru dæmi um að þurft hafi að rýma eða flytja hesthúsahverfi vegna byggingar þeirra.

Hestamenn vítt og breitt um landið þurfa að standa við bakið hver á öðrum og miðla reynslu af skipulagsmálum sín á milli. Inn á borð LH hafa komið nokkrar beiðnir frá félögum um aðstoð í skipulagsmálum og hafa samtökin leitast við að aðstoða þau eftir bestu getu. Í ört stækkandi íþrótt megum við ekki sofna á verðinum hvað varðar umhverfi okkar. Því hvet ég alla hestamenn til að vera vel vakandi yfir skipulagsmálum í sínum bæjar- og sveitarfélögum og fylgjast með breytingum á skipulagi því betur sjá augu en auga.

Ógnirnar sem hestamenn eiga við að etja eru ekki einungis íbúðabyggð og umferðarmannvirki. Aðrar íþróttir eru farnar að sækja á svæðin okkar af mikilli hörku. Að öllu jöfnu ætti það að vera af hinu góða að margar íþróttir sameinuðust um útiveru á einu svæði. En þar sem hesturinn er flóttadýr og flýr það sem hann hræðist geta orðið slys við óvæntar utanaðkomandi aðstæður. Því er hinn mikli ágangur vélknúinna ökutækja á reiðvegum landsins ekki af hinu góða. Reiðvegir eru gerðir til útreiða en ekki til aksturs ökutækja af neinu tagi. Liggja þeir margir hverjir undir skemmdum um land allt sama hvort um er að ræða í þéttbýli eða ekki.

Að lokum vil ég hvetja alla hestamenn og einnig þá sem stunda aðra útiveru á svæðum hestamanna til að sýna hver öðrum tillitsemi.



Maríanna Gunnarsdóttir,
gjaldkeri
Landssambands hestamannafélaga.



Frá vinstri: Andrea Þorvaldsdóttir, Helga B. Helgadóttir, Sóley Margeirsdóttir og Sigríður Birgisdóttir, allar í æskulýðsnefnd LH, Sigrún Ögmundsdóttir, ráðstefnustjóri og skrifstofustjóri LH, Rosemarie B. Þorleifsdóttir æskulýðsfrömuður Þorvarður Helgason, æskulýðsnefnd LH, og Regína Gunnarsdóttir, verkefnis- og markaðsstjóri LH. MYND/JENS EINARSSON

# Æskulýðsráðstefna LH fór fram með ágætum

**Æskulýðsráðstefna Landssambands hestamannafélaga var haldin 6. október síðastliðinn. Um fimmtíu æskulýðsfulltrúar frá hestamannafélögum um allt land sóttu ráðstefnuna.**

Meginverkefni æskulýðsráðstefnunnar var að móta innihald og undirbúa handbók fyrir æskulýðsfulltrúa sem verður vistuð á heimasíðu LH, www.lhhestar.is. Einnig voru fluttir áhugaverðir fyrirlestrar, meðal annars um áhrif íþróttaiðkunar á börn og unglinga.

**HANDBÓKIN BRÝNASTA VERKEFNIÐ**

„Það var fyrst og fremst ánægjulegt hve ráðstefnan var vel sótt. Að fá staðfestingu á því hversu margir eru ennþá tilbúnir til að leggja á sig fórnfúst sjálfboðaliðastarf fyrir börnin okkar og þar með hestamenn framtíðarinnar," segir Helga B. Helgadóttir sem er formaður æskulýðsnefndar LH og starfar í hestamannafélaginu Fáki.

„Ráðstefnan var nú haldin í fyrsta sinn eftir nokkurra ára hlé og engin spurning að ástæða er til að halda hana með skemmra og reglulegra millibili.

Það komu fram margar góðar hugmyndir varðandi handbók fyrir æskulýðsfulltrúa. Ég tel mjög brýnt að koma þessari handbók út sem fyrst, en hún er hugsuð sem eins konar gagnabanki fyrir þá sem starfa að æskulýðsmálum. Þar verður að finna allar upplýsingar um þá vinnu sem er í gangi á hverjum tíma og leiðbeiningar fyrir þá sem eru að byrja. Því miður hefur það oft viljað brenna við að fólk hefur hætt í félagsmálum og tekið þekkinguna og reynsluna með sér."

**MEGUM EKKI MISSA GLEÐINA**

„Viðar Halldórsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, flutti mjög áhugavert erindi um íþróttir barna og unglinga og hlutverk foreldra og forráðamanna í keppni," heldur Helga áfram. „Þar kom fram að of mikill þrýstingur frá foreldrum hefur neikvæð áhrif á árangur barna. Rannsóknir sýna að þeir sem ná bestum árangri eru þeir sem hafa mestu ástríðuna. Líka að íþróttiðkun hefur jákvæð áhrif: Líkamleg, sálræn og félagsleg. Krakkar í íþróttum hafa sterkari sjálfsmynd. Viðar spurði einnig: Hverjum á að hrósa? Barninu sem þarf ekki að leggja sig fram en vinnur verðlaun, eða barninu sem leggur sig mikið fram og vinnur ekki verðlaun. Hestamennskan er bæði keppnisíþrótt og tómstundagaman og þannig á það að vera. En við megum ekki missa gleðina og leikinn út, keppnin má ekki verða of hörð.

Á meðal hugmynda sem fram komu í vinnuhópum á æskulýðsráðstefnunni var hugmynd um að koma á eins konar sumarbúðum fyrir börn og unglinga í hestamennsku. Þar verði lögð áhersla á leiki og samveru með öðrum börnum — og hestinum."

**ÞAKKIR TIL ROSEMARIE**

„Að lokum vil ég, fyrir hönd æskulýðsnefndarinnar, færa Rosemarie Þorleifsdóttur kærar þakkir fyrir allt sem hún hefur gert fyrir æskufólk í hestamennsku á löngum og farsælum ferli í æskulýðsmálum innan LH og FEIF," segir Helga, en Rosemarie var heiðruð á ráðstefnunni fyrir framlag sitt til æskulýðsmála þar sem hún hefur starfað ötullega á þeim vettvangi í fjölda ára. „Hún er frumkvöðull sem hefur lagt hestamannahreyfingunni ómetanlegt lið, ekki bara hér heima, heldur í öllum þeim löndum sem eiga aðild að FEIF."

# Austar á Austurlandi

Bergur Már Hallgrímsson, formaður Freyfaxa, og Guðröður Ágústsson, formaður Hrossaræktarsamtaka Austurlands, hafa stofnað fyrirtæki um innflutning á hestakerrum og stíuinnréttingum frá Karlslund í Danmörku. Fyrirtækið heitir Austar ehf. og er starfsemin þegar komin í fullan gang.

„Ég flutti inn tvær kerrur frá Karlslund fyrir nokkrum árum og líkaði þær vel. Verðið var einnig mjög hagstætt," segir Bergur Már.

„Í sumar keyptum við svo innréttingar frá þeim í stóðhestahúsið á Stekkhólma og Guðröður keypti einnig stíur í hesthúsið hjá sér. Þetta eru sterkar og góðar innréttingar og verðið töluvert lægra en gengur og gerist. Við teljum að þessar vörur eigi fullt erindi á íslenskan markað og erum mjög bjartsýnir," segir Bergur.



Austar ehf. flytur inn hestakerrur og stíuinnréttingar.

# Gustur veitir LH styrk

Hestamannafélagið Gustur hefur leitað eftir samstarfi við LH um gerð bæklings um hestamennsku fyrir almenning, Hestamennska á Íslandi, og hefur heitið 1,5 milljónum króna til verkefnisins ef af verður.

Bæklingurinn á að vera til upplýsingar fyrir almenning í landinu og að auki vera leiðbeinandi fyrir ýmsa aðila svo sem skipulagsyfirvöld, lögreglu og sjúkralíða og vera kennsluefni og leiðbeinandi fræðsluefni fyrir skóla og ökuskóla. Einnig fyrir þá sem eru nýir í hestamennskunni. Bæklingurinn á einnig að auka öryggi hestamanna.

Ennfremur hefur Gustur veitt LH styrk upp á 500 þúsund krónur til að vinna að öryggismálum hestamanna. Ákveðið var að veita styrkinn í framhaldi af því að síðasta ársþing LH skipaði sérstaka öryggisnefnd sem þegar hefur hafið markvisst starf.

Bjarnleifur Bjarnleifsson, formaður Gusts, segir að Landssamband hestamannafélaga hafi stutt dyggilega við bakið á Gusturum þegar ljóst varð að Glaðheimar yrðu að víkja. „Þetta er tilraun okkar í Gusti til að endurgjalda þann stuðning," segir Bjarnleifur.



Maður er aldrei of öruggur, ekki einu sinni með mömmu. Vissara að vera með hjálm. MYND/JENS EINARSSON

VAGNAR &
ÞJÓNUSTA

WWW.VAGNAR.IS
S: 567-3440
TUNGUHÁLS 10





Smíðum hestakerrur í ýmsum stærðum
Eigum allt til kerrusmíða.





Framleiðum breiða línu bílskúrs og iðnaðarhurða.
Sérsmíðum tvöfaldar gönguhurðir í hesthús.

## Hafrar & bygg

Fyrsta hvatning til kynbóta á íslenska hrossastofninum, sem kunnugt er um, er grein sem Ólafur Stephensen skrifaði í „Gömul félagsrit" árið 1788. Þar lýsir hann meðal annars því hvernig íslenskur hestur á að vera byggður og síðar sagði Theódór Arnbjörnsson að líta mætti á þá lýsingu sem hornstein undir kynbætur síðari tíma. Sonur Ólafs, Magnús Stephensen, skrifaði um hrossakynbætur í Klausturpóstinn 1825. Hvatti hann til að vanda val stóðhesta og bægja bykkjukyninu frá. Með því móti mætti á fáum árum fá fram nýtt og gjörvulegt gæðinga- og vinnuhestakyn.

Árið 1879 samdi sýslunefnd í Skagafirði „frumvarp til reglugerðar um að bæta kynferði búpenings í Skagafjarðarsýslu, þar með talið hrossum". Þar er kveðið á um val, meðferð, tamningu og notkun stóðhesta. Tekið er fram að eigendur stóðhesta mega rukka eina til þrjár krónur fyrir hverja hryssu. Þriggja manna nefnd í hverjum hreppi skyldi fylgja málum eftir. Árið eftir var haldin búfjársýning á Reynistað þar sem peningaverðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi gripi: Fyrir hrút átta krónur, kú átta krónur, hryssu tíu krónur og fyrir graðfola átta krónur.

Húnvetningar settu á fót hrossakynbótabú í sýslunni árið 1904. Var hlutafélag stofnað um búið og keypt jörðin Guðrúnarstaðir í Vatnsdal. Búið fór vel af stað og seldi nokkra kynbótahesta. Það lognaðist út af 1912. Skagfirðingar stofnuðu viðlíka bú á Vallanesi 1906. Valdimar Guðmundsson frá Ytra-Vallholti átti búið og stjórnaði því. Sýslan hætti að styrkja búið eftir nokkur ár, en þaðan komu mörg góð hross.

Austur-Skaftfellingar voru fyrstir til að gera sýslusamþykkt samkvæmt lögum frá Alþingi árið 1891 um kynbætur hrossa. Tók hún gildi 1895. Um aldamótin var Búnaðarfélag Íslands stofnað. Hvatti það bændur til að stofna félög um hrossakynbætur og hét styrkjum til kaupa á stóðhestum og til að koma upp stóðhestagirðingum. Fyrsta formlega hrossaræktarfélagið var Hrossaræktarfélag í Austur-Landeyja, stofnað 1904.

# Sanngjarni sölumaðurinn

**Tamningamaðurinn Ólafur Þórisson í Miðkoti í Landeyjum er einn þeirra sem nýtt hafa sér sölusýningar í Hestheimum til að kynna söluhross, en þau þykja hreingeng, þæg og heilleg og seld á sanngjörnu verði.**




Ólafur Þórisson í Miðkoti með fallegan reiðhest undan Kraflari frá Miðsitju og Ófeig frá Þúfu. MYND/JENS EINARSSON

„Ég set ekki meira verð á hrossin en ég er sjálfur til í að kaupa þau á," segir Ólafur Þórisson í Miðkoti í Landeyjum, en hann er einn þeirra tamningamanna sem hafa nýtt sér sölusýningarnar í Hestheimum til að kynna söluhross.

Áberandi er hve oft Ólafur hefur verið með hreingeng, þæg og heilleg hross í ódýrari flokkunum. En við hljótum að spyrja hvort það borgi sig að standa í því að temja og þjálfa hross sem síðan eru seld á 180 til 350 þúsund krónur.

„Maður verður að líta á þetta í samhengi. Það er stór hópur fólks sem er tilbúinn til að kaupa hross á þessu verði en að öðrum kosti ekki. Það sjá allir að þau borga ekki uppeldi og tamningu.

Það geta líka liðið nokkrir mánuðir frá því að þú býður hross fyrst til sölu og þangað til það selst. Þú hækkar það samt ekki í verði sem nemur tamningagjaldinu um hver mánaðamót. En það er heldur ekkert vit í að farga þessum hrossum. Annað slagið koma alltaf upp gæðingar sem fara á mun hærra verði og þetta jafnast út," segir Ólafur léttur í bragði.

Það er heldur ekki að sjá að hrossabúskapurinn á Miðkoti sé á neinu undanhaldi því á hlaðinu er nú að rísa reiðhöll sem er 21 sinnum 45 m að flatarmáli. Þar er einnig nýlegt hesthús fyrir 30 hross stíum fyrir einn hest.

„Við stefnum ótrauð á hrossabúskapinn. En það þýðir ekkert að standa í þessu nema hafa góða vinnuaðstöðu.

Við höfum trú á að kostnaðurinn skili sér til baka í færri vinnustundum á hvern hest, betri tamningu og þar með betri söluvöru," segir Ólafur að lokum.

# Vinsælustu stóðhestar sumarsins

Álfur frá Selfossi og Krákur frá Blesastöðum eru vinsælustu stóðhestar sumarsins í hópi yngri hesta, Álfur með 90 hryssur og Krákur 80, og fengu færri pláss en vildu.

Vilmundur frá Feti, Gaumur frá Auðsholtshjáleigu, Eldjárn frá Tjaldhólum, Þóroddur frá Þóroddsstöðum og Stáli frá Kjarri eru einnig í hópi þeirra eftirsóttustu af yngri hestum. Stáli á þó von á flestum afkvæmunum, en yfir 100 hryssur fengu við honum í sumar og koma þar til sæðingarnar í vor, eins og greint var frá í 1. tölublaði.

Orri frá Þúfu, 21 vetrar, er ennþá mjög eftirsóttur, þar sem færri komast að en vilja. Sonur hans Sær frá Bakkakoti sinnti 78 hryssum og margar eru á biðlista. Aron frá Strandarhöfði, Hróður frá Refsstöðum og Sveinn-Hervar frá Þúfu eru einnig umsetnir. Folatollur undir þessa hesta kostar á bilinu 100 til 200 þúsund krónur, nema fyrir Orra sem kostar 450 þúsund.

Aðeins er greitt fyrir fengna hryssu og meðalfrjósemi er 70 til 80 prósent, en fer þó vel yfir 90 prósent hjá sumum. Það er því ljóst að eftirsóttustu hestarnir taka inn sex til tíu milljónir króna á ári og jafnvel meira.



**Álfur frá Selfossi sinnti 90 hryssum í sumar með „gamla laginu". Knapi Erlingur Erlingsson.**

MYND/JENS EINARSSON

AUKIN FLUGTÍÐNI OG
STYTTRI AFHENDINGARTÍMI
TIL ERLENDRA KAUPENDA

ICELANDAIR CARGO

ICELANDAIR CARGO | BRAUTARHOLTI 10-14 | SÍMI: 50 50 400 | FAX: 50 50 630
CARGO@ICELANDAIR.IS | WWW.ICELANDAIRCARGO.IS

# Hestamennska orðin valfag í Dalvíkurskóla

Nú í haust bættist Dalvíkurskóli í hóp þeirra menntastofnana sem bjóða upp á hestamennsku á námskrá sinni.

Hestamennska verður kennd sem valfag í áttunda, níunda og tíunda bekk í grunnskólanum á Dalvík.

Tólf nemendur skráðu sig í hestanámið. Kennt verður eftir svokölluðu knapamerkjakerfi, sem er kennsluefni í hestamennsku, samið fyrir atbeina ÍSÍ. Kennari er Inga María Stefánsdóttir, en hún er eiginkona Antons Níelssonar, reiðkennara á Hólaskóla, og dóttir Stefáns Friðgeirssonar, hestamanns á Dalvík.

Bóklegi þátturinn er langt kominn og er stefnt á að verklegt nám byrji um mánaðamótin næstu í Hringsholti. Krakkarnir eru mjög áhugasamir og stefnir allt í skemmtilegan hestavetur í Dalvíkurskóla.



**Inga María við reiðkennslu.**

MYND/ANNA GUÐRÚN GRÉTARSDÓTTIR.

www.byggdarhorn.is

# Deiliskipulag

## BÚGARÐABYGGÐAR Í LANDI BYGGÐARHORNS

### Þjónusta sveitarfélagsins Árborg

Sveitarfélagið Árborg mun sjá um alla almenna þjónustu við Byggðarhorn á sama hátt og aðra skipulagða byggð í sveitarfélaginu. Þar á meðal er skólaakstur, sorphirða, vatnsveita, hitaveita, viðhald vega, snjómokstur, tæming rotþróa ásamt annarri þjónustu og gæslu samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins. Á Selfossi eru bæði grunnskólar og Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þar er einnig heilbrigðisþjónusta. Sjá nánar undir **www.arborg.is** Vatnsveita Árborgar hefur umsjón með hönnun, lagningu og rekstri vatnsveitu á svæðinu. Selfossveitur annast hönnun, lagningu og rekstur hitaveitu að Byggðarhorni.

### Frábær lausn fyrir hrífandi lífsstíl

Atvinnusvæði höfuðborgarsvæðissins hefur á síðustu árum teygt út anga sína og á síðastliðnum árum hefur suðurlandið verið fjölsótt sem byggðarlag.

**Arkitektastofan ARKITEÓ hefur unnið hugmyndavinnu í samstarfi við Byggðarhorn.**
Niðurstaða þeirrar vinnu er framandi og glæsileg í senn. Nánari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við ARKITEO www.arkiteo.is og netfang arkiteo@arkiteo.is eða söluaðila Byggðarhorns.is





KÍKTU Á HEIMASÍÐUNA OKKAR !!!
WWW.BYGGDARHORN.IS

**FASTEIGNASÖLURNAR VEITA ALLAR UPPLÝSINGAR**

**FASTEIGNASALAN MIKLABORG**
Tengiliður: Guðmundur Sveinsson
Sími: 8986826
Netfang: gudmundur@miklaborg.is

**FASTEIGNASALAN BAKKI**
Tengiliður: Þröstur Árnason
Sími: 8995466
Netfang: throstur@bakki.com

**FASTEIGNASALAN BERG**
Tengiliður: Grétar Stephensen
Sími: 8611639
Netfang: gretar@berg.is

### Sveitasetur í nánd við þéttbýli

Í 2,5 km fjarlægð frá Selfossi í suðvesturátt býðst nú áhugaverður valkostur fyrir þá sem kjósa að búa í sérbýlum við ró og næði.





**Gæðaplast sem endist**

# Býr þinn hestur vel...?

**Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.**

GOVAplast

### Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau hafa verið hér á markaði.



Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérpöntum aðrar lengdir eftir óskum.
Einnig fáanlegt í 28 mm þykkt

- Gæðaplast
- Frábær ending
- Brotnar ekki
- Ekkert viðhald
- Einangrandi
- Fallegt útlit
- Auðvelt að þrífa
- Umhverfisvænt

**GOVAPLAST ER GÆÐAPLAST VARIST EFTIRLÍKINGAR!**

stofnað 1968
**Ragnar Valsson Bílaklæðningar**
**S. 554 0040**
**Bílaklæðningar ehf.** - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is

## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

**STOFNANIR:**
www.lhhestar.is
wwww.feir.org
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ (SÝNISHORN):**
www.fornhagi.is
www.flugumyri.com
www.gauksmyri.is
www.grafarkot.is
www.hesturinn.is


MYND/ARNAR SIGFÚSSON

**Anna Guðrún Grétarsdóttir heilsar upp á vinina.**


MYND/ANNA GUÐRÚN GRÉTARSDÓTTIR

**Arnar með synina Auðun Orra 8 ára og Ævar Ottó 17 mánaða.**

# Jákvæð þensla í Hörgárdal

**Anna Guðrún Grétarsdóttir og Arnar Sigfússon eru í hestamennsku allan sólarhringinn, bæði heima og í vinnunni.**

„Við erum bæði alveg forfallin og sjálfsagt erfitt að finna fjölskyldu sem er jafn illa farin af hestabakteríu," segir Anna Guðrún Grétarsdóttir á Fornhaga í Hörgárdal í Eyjafirði.

Anna Guðrún og maður hennar Arnar Sigfússon keyptu Fornhaga fyrir tveimur árum en voru áður búsett á Akureyri. Þar eru þau með lítils háttar hrossarækt og nokkrar kindur. Þau eru bæði í hestatengdri vinnu. Anna er nýráðinn skrásetjari hjá WorldFeng með aðsetur í Búgarði á Akureyri og Arnar vinnur í hestavöruverslun.

„Það er vissulega dýrt fyrir venjulegt launafólk að stunda hestamennsku, en okkur hefur tekist að láta drauminn rætast með því að kaupa og selja hross. Það er vissulega umhugsunarefni hvaða áhrif þessi „þensla" í hestamennskunni kann að hafa til lengri tíma litið; hvort það endar með því að hestamennska verður bara fyrir þá efnuðu," segir Anna.

„En hér í Hörgárdal hefur hún alla vega haft mjög jákvæð áhrif," heldur hún áfram. „Hér er fullt af ungu fólki að koma sér upp aðstöðu fyrir hrossabú og það er mikil eftirspurn eftir hrossum og þjónustu. Hestafólki virðist því vera að fjölga en ekki að fækka.

Það er hins vegar spurning hvort hestamannafélögin ættu ekki að koma upp félagshesthúsum eins og tíðkuðust hér í eina tíð. Þar gætu börn og ellilífeyrisþegar og aðrir sem hafa minna milli handanna hugsanlega fengið ódýrari pláss."



**Dríva frá Hafsteinsstöðum. Knapi Sigurður Sigurðarson.** MYND/JENS EINARSSON

# Heimsmet í hundrað metra skeiði

Dríva frá Hafsteinsstöðum setti í sumar heimsmet í 100 m skeiði, 7,18 sekúndur, og hefur það verið staðfest af alþjóðasamtökum eigenda íslenska hestsins, FEIF. Knapi var Sigurður Sigurðarson.

Fyrra metið, 7,24 sekúndur, sem sett var í fyrra átti Keimur frá Votmúla en þá var knapi Jens Füchtenschnieder frá Þýskalandi.

Þetta er þriðja keppnistímabil Drífu og Sigga. Fyrsta árið var rólegt en síðastliðin tvö ár hefur Dríva verið nær ósigrandi í þessu hlaupi. Dríva er tólf vetra, undan Fána frá Hafsteinsstöðum og Orku frá Hafsteinsstöðum, Gáskadóttur frá Hofstöðum.

# Laufskálarétt er mjólkurkýr

Laufskálaréttarhelgin í Skagafirði er verulegur búhnykkur fyrir sveitarfélagið, þar sem giskað er á að gestir séu allt að 2.000.

Samkvæmt talningu ferðamáladeildar Hólaskóla fyrir nokkrum árum komu 3.000 manns í Laufskálarétt á réttardaginn.

Um 1.200 manns voru á föstudagssýningu í Svaðastaðahöllinni nú í ár og á bilinu 1.500 til 2.000 manns á dansleiknum á laugardagskvöldinu.

Ljóst er að verulegur fjöldi gesta kaupir gistingu og mikil velta er í söluskálum og veitingahúsum.

Ekki má gleyma því að umtalsverður fjöldi hrossa skiptir um eigendur þessa helgi og sambönd myndast sem hafa langtímaáhrif sem erfitt er að mæla. Það má því segja að Laufskálarétt sé mjólkurkýr fyrir sveitarfélagið, eins og sagt er máli viðskiptafræðinnar.

Hrossum í stóðréttum hefur hins vegar fækkað og nú eru ekki nema 1.200 til 1.300 hross rekin á fjall í Skagafirði.

Í Staðarrétt koma í kringum 400 hross, í Skarðarétt um 150 hross, í Silfrastaðarétt rétt innan við 100 og í Laufskálarétt um 600 hross.



**Fjöldi manns tekur þátt í Laufskálaréttarhelginni í Skagafirði ár hvert.**
MYND/STEINUNN GUÐBJÖRNSDÓTTIR




# Rangárhöllin tilbúin fyrir landsmótið á næsta ári

Fulltrúar Rangárhallarinnar ehf. og Landstólpa skrifuðu undir samning 10. október um byggingu reiðhallar á Gaddstaðaflötum sem hefur fengið nafnið Rangárhöllin.

Um er að ræða 26 sinnum 79 metra stálgrindarhús klætt með yleiningum, ásamt 240 fermetra anddyri. Höllin verður staðsett rétt vestan við núverandi stóðhestahús. Stefnt er að því að hún verði tilbúin til notkunar fyrir landsmót næsta sumar. Áætlaður byggingarkostnaður er 160 milljónir.

Aðilar að Rangárhöllinni eru Hestamannafélagið Geysir, Rangárbakkar ehf., Ásahreppur, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra.

Formaður byggingarnefndar er Kristinn Guðnason og með honum í nefndinni eru Ómar Diðriksson, formaður Hestamannafélagsins Geysis, og Þröstur Sigurðsson, gjaldkeri Rangárbakka ehf. Framkvæmdastjóri er Guðmundur Einarsson.



**Skrifað undir samning. Frá vinstri: Þröstur Sigurðsson, Ómar Diðriksson með Lilju Margréti Ómarsdóttur í fanginu, Ásgeir Eiríksson frá Landstólpa, Arnar Bjarni Eiríksson framkvæmdastjóri Landstólpa, Guðmundur Einarsson og Kristinn Guðnason.** MYND/FANNBERG

Því má bæta við að nýtt hesthúsahverfi hefur verið skipulagt á svæði Rangárbakka á Gaddstaðaflötum og verður það skammt frá Rangárhöllinni.

# Gæða hestakerrur og tengivagnar





## HESTAKERRUR Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM AÐ ÓSKUM KAUPENDA





Allt aðgengi að hrossum og reiðtygjum er einstaklega gott. Kerrurnar eru sterkar, léttar og þægilegar í drætti og allur frágangur góður.



**BEB ehf** er umboðsaðili **NONNENMACHER** kerruframleiðanda í Þýskalandi, sem sérhæfir sig í framleiðslu á gæða hestakerrum þar sem aðbúnaður manna og hesta er höfð að leiðarljósi

BEB EHF

*__BEB__ ehf býður ótrúlegt úrval af tengivögnum frá __NONNENMACHER__ að óskum kaupenda.*

Skemmuvegi 20, 200 Kópavogi • Símar: 896 5777 - 897 7517 • Fax: 557 6768 • Netfang: www.kerrur.is

***Umboðsaðili Nonnenmacher á íslandi***

Besti dekkjaframleiðandinn árið 2007

# TOYO

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja

# Harðskeljadekk



Fyrir fólksbíla & jeppa

**Minna svifryk - Frábær ending - Mjög hljóðlát**

Burt með svifrykið - Meira grip án nagla...



Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

**561 4110**
**NESDEKK**
**Fiskislóð 30**

TOYO sigraði enn og aftur sem dekkjaframleiðandi ársins 2007 hjá TIRE REVIEW MAGAZINE í USA !!

bmvalla.is




# Reiðhallir – gæði, styrkur og ending

## Íslensk framleiðsla fyrir íslenska hestinn

Límtré hentar einstaklega vel í smíði á reiðhöllum. Það er mun sterkara en venjulegt timbur og fallegt yfirbragð límtrésins gefur reiðhöllinni hlýlegan blæ. Uppsetningartími húsanna er styttri en almennt gerist og viðhald á þeim er lítið. Áratuga reynsla af límtré talar sínu máli. Nýttu þér þekkingu okkar og reynslu og sparaðu bæði fé og fyrirhöfn.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Sími 412 5000

BM·VALLÁ

## Málarar

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

**Búslóðaflutningar**
Og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

## Húsaviðhald

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Reykjavíkur Verktakar
Kjarnaborun
Steypusögun
Sími 8606500

**Viðhald, breytingar úti og inni. Sólpallar. gerum tilboð. Smíðalausnir s. 899 3011.**

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér parketlagnir, múrverk og flísalagnir. Uppl. í s. 661 9624 Arnar.

**Fagmannsverk**
Smiðir geta bætt við sig parketlögnum og allri sérsmíði innandyra. Tilboð eða tímavinna, vönduð vinnubrögð. Sími 662 2771.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Einstaklingar og fyrirtæki. Kem á staðinn

11 ára reynsla. Microsoft vottun.

Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

## Dulspeki-heilun




## Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Hanna 908 6040 & 555 2927**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

**Spákona**
Spákona spáir í spil, ræð drauma o.fl., gef góð ráð. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Rafvirkjun

Aðeins löggiltir rafverktakar mega taka að sér vinnu við raflagnir
sart
www.sart.is

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR er mun meira en megrunarkúr, 1000 vörur. Veiti ráðgjöf. Anna, snyrtifræðingur 699 7379

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu borðstofuborð + 8 stólar og grænt Chesterfield sófasett, með sófaborði og hornborði. Selst ódýrt. Uppl. í s. 862 1575.

## Dýrahald

Til sölu Rottweiler hvolpar. Rólegir barngóðir og yndislegir heimilishundar. Afhendast bólusettir, örmerktir, ormahreinsaðir og ættbókafærðir hjá HRFÍ. S. 690 1903.

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. á bjork72@visir.is, Heimasíðan er á dyraland.is undir Lína fína eða í s. 895 6035. Kveðja Björk.

Mask hundur, Jack Russell, hreinræktaður, ættarbók 2ára til sölu. Uppl í s. 856 5932.

Til sölu 7 vikna Border Collie hvolpar. Verð 25 þús. Uppl. í s. 868 8201 & 462 1886.

Til sölu Dísupáagaukabúr kostar nýtt 20 þús. Selst á 10 þús. Uppl. í s. 699 6590.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigusalar auglýsa frítt. Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
Leigjendur leita frítt.
Leiga.is býður
- leit að leigjanda
- leigu- og tryggingaráðgjöf
- gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Herb. til leigu á svæði 108. Aðeins reglusamur einstakl. kemur til greina. Uppl. í s. 865 9637.

3. herb. íbúð í Bakkahverfi til leigu. 120 þús. Án hita og rafm. Óskað er eftir 2 mán. Tryggingu. Uppl. í s. 695 8744.

**Hús í Kaupmannahöfn til leigu**
Vegna sérstaka ástæðna er til leigu gullfallegt og nýuppgert einbýlishús á góðum stað í Kaupmannahöfn. Húsið er laust og leigist til 1.feb 2008. Húsið leigist með öllum húsgögnum. Heitur pottur í garði. Allar frekari upplýsingar gefur Kristján 496 0400 og 496 0301 eða sollabolla@gmail.com

## Húsnæði óskast

Óska eftir lítilli íbúð til leigu strax, jafnvel með húsgögnum, vinsamlegast hafið samband í s. 486 8878 & 849 9722.

Traustan og reglusaman leigjanda vantar 2-3 herb. íbúð. Strax eða sem fyrst. Meðmæli ef óskað er. S. 846 2300.

## Atvinnuhúsnæði

LAGERHÚSNÆÐI Höfuðborgarsvæði, Til leigu í 6 til 12 mánuði lagerhúsnæði með brettarekkum fyrir 250+ Europalla um 750 m2, ásamt úti gámaplássi. Góð aðkoma, stórar innkeyrsludyr. Uppl. 661 3131.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

Geymum hjólhýsi og húsbíla. Skjólgott vaktað útisvæði í Reykjavík. 2500 kr. per fm. Uppl. í s. 895 4141 & 587 1447

Til leigu í Innri Njarðvík geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna hjólhýsi fellihýsi húsbíla og fornbíla. Ódýr leiga. Uppl. í síma 869-5336 og 822-3440

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BÆJARBAKARÍ

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

SMIÐIR
VERKLAND

**Hefur þú áhuga á að efla þig í starfi með fólki?**
**Þjónustumiðstöð Laugadals og Háaleitis leitar að áhugasömu og drífandi fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu. Um er að ræða þróunarverkefni með það að markmiði að auka virkni notenda. Starfið krefst færni í mannlegum samskiptum. Starfað er undir handleiðslu félagsráðgjafa. Um er að ræða dagvinnustarf. Spennandi starf á skemmtilegum vinnustað.**
**Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við Írisi Eik Ólafsdóttur verkefnisstjóra/félagsráðgjafa í síma 562 2712, netfang: iris.eik.olafsdottir@reykjavik.is**

**Fluttningabílstjóri**
**Maður með meirapróf óskast á fluttninga bíl í Reykjarvík. Framtíðarvinna í boði. Upplýsingar gefur Jóhann í síma 894 0119. Flutningaþjónusta JB ehf.**

**Nemi óskast!!**
**Wink Hársnyrtistofa óskar eftir nema. Uppl. á staðnum. S. 544 4949 Smiðjuvegur 1 Kóp.**

BOOZTBAR ÍSBAR

**Ísbar/Booztbar, Borgartúni og Kringlunni.**
**Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf: dagvinna - fullt starf, Dagvinna - hlutastarf, hlutastörf á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Leikskólinn Brekkuborg**
**Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 567 9380 og 693 9869.**

**Caelum Verktakar**
**Óska eftir að ráða menn í jarðvegsframkvæmdir/hellulagnir. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 662 8008.**

Wilson's PIZZA

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla - fólk í símsvörun -afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

**Leikskólinn 101**
**Sem er lítill einkarekinn ungbarnaleikskóli leikskóli óskar eftir að ráða áhugasaman leikskólakennara/ starfsmanni í 100% starf.**
**Upplýsingar gefur Hulda í s. 562 5101 & 891 8430.**

**Nonnabiti**
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. We need more pepole, full time and part time, in down town fastfood. No smoking. Interested please call 846 3500 & 898 5956.**

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

**Starfsfólk óskast**
Zinkstöðin í Hafnafirði óskar eftir starfsfólki, framtíðarstarf í boði fyrir rétta aðila. Nánari uppl. veitir Ragnar í s. 896 5759 milli kl. 8-17.

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar í s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabökurum. símaafgreiðslufólki og bílstjórum. Upplýsingar veitir Diddi í s 840-6670

Óska eftir heimilisaðstoð á fámennt sveitaheimili, gott fyrir lífeyrisþega. S. 868 8201.

Vantar starfsmann í 50-70% vinnu. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma. Uppl. í s. 568 2818. Skóarinn í Kringluni ehf.

8 manna trésmíðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir áreiðanlegu og íslenskumælandi starsfólki til starfa nú þegar. Verktakavinna eða launavinna. S. 894 3203.

**Potrzebni pracownicy**
Poszukujemy pracowników do pracy przy zak³adaniu przynênty na liny. Oferujemy darmowe zakwaterowanie. Wiêcej informacji pod nr.tel.660 4280 oraz 847 3850.

**Beitingarfólk óskast**
Óskum eftir vönu fólki til að beita línu. Frítt húsnæði í boði. Uppl. í s. 660 4280 & 847 3850.

Vantar röska menn á hjólbarðaverkstæði. Bæði framtíðarstörf og tímabundin störf í boði. Uppl. í s. 557 7200.

**Leikarar óskast á Ausfjörðum**
Leikarar á öllum aldri óskast í prufutökur fyrir nýja Íslenska/Enska kvikmynd. Uppl. í s. 849 4478.

**Verkamenn**
Jarðmótun ehf óskar eftir að ráða vana verkamenn til jarðvinnuframkvæmda. Uppl. í s. 892 0989.

## Atvinna óskast

Beitningamaður óskar eftir beitningu á Höfuðborgarsvæðinu. Getur beitt 6 bjóð á dag, verður að vera nokkuð stöðug beitning. Uppl. í s. 866 8112 & 562 5013.

**Málþing Handarinnar í Áskirkju, neðri sal, 16. október klukkan 20.30.**

**Eru skólamál barna og unglinga á villigötum?**



Frummælendur eru :
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi
og Illugi Gunnarsson alþingismaður.

Fundarstjóri, Eyjólfur Magnússon Scheving.



Fimm minútnaávörp, „mín sýn", meðal annars :
Ragnar Símonarson, gullsmiður,
Gísli Már Guðjónsson, nemi,
Jóhanna Thorsteinsson, leikskólastjóri,
og Harpa Sólbjört Másdóttir, foreldri.

Allir velkomnir. Kaffi og umræður.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Þessi kisa týndist frá Arnarsmára 24 í Kópavogi. Henni er sárt saknað, Þeir sem hafa upplýsingar um ferðir hennar vinsamlegast hafið samband við Jóhönnu í síma 554 3411 eða 696 2010. Kisi er eyrnamerkt: R2H093.

## Tilkynningar



**Litla sæta frænka mín hún Sigrún Silja á afmæli í dag !!!**
**Til hamingju með afmælið snúllan mín, þú ert algjör prinsessa dúllan mín. Eigðu góðan dag sæta**
**Þín besta frænka Stína símalína :)**

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

# TILKYNNINGAR

## Auglýsing um allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu Sveinafélags pípulagningamanna og Félags iðn- og tæknigreina (FIT)

Félagsstjórn og trúnaðarráð Sveinafélags pípulagningamanna hefur samþykkt að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu félagsins og Félags iðn- og tæknigreina (FIT).

Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram með leynilegri póstatkvæðagreiðslu.

Kjörgögn hafa verið send til félagsmanna.

Kjörgögn skulu hafa borist kjörstjórn Skipholti 70, 105 Reykjavík fyri kl. 16:30 mánudaginn 5. nóvember 2007. Póststöð kjörstjórnar er póststöð Íslandspósts Síðumúla 3-5, 108 Reykjavík.

Heimilisfang kjörstjórnar er á skrifstofu Sveinafélags pípulagningamanna Skipholti 70 105 Reykjavík

**Kynningarfundur um sameiningu félaganna verður haldinn miðvikudaginn 17.október kl. 20:00 í sal félagsins að Skipholti 70.**

F.h. kjörstjórnar Sveinafélags pípulagningamanna
Helgi Pálsson.

# ATVINNA

Hilton Reykjavik Nordica

## Porter í gestamóttöku

**Verksvið**
- Um er að ræða framtíðarstarf í gestamóttöku
- Inntékk og úttékk gesta
- Aðstoð með farangur
- Vera gestum innan handar, vegna ýmissa fyrirspurna
- Ýmis sendistörf fyrir gestamóttöku
- Umsækjandi þarf að vera minnst 19 ára
- Starfið er mjög fjölbreytt og er starfslýsing þessi ekki tæmandi

Vinnutími er vaktavinna 12 tíma vaktir unnið alls 15 dagar í mánuði og 15 dagar frí

**Hæfniskröfur**
- Góð íslensku og ensku kunnátta, önnur mál er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta unnið sjálfstætt og undir álagi
- Hafa góða þjónustulund og jákvæðni
- Áreiðanleiki og stundvísi
- Snyrtimennska og fáguð framkoma

Vinsamlegast sendið umsóknir til Gestamóttökustjóra, Hjörtur Valgeirsson á tölvupóstfangið: hjortur.valgeirsson@hilton.com

# FASTEIGNIR

## EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**
- ~~4ra herbergja~~ í hverfi 109
- Rað- og eða parhúsi í 201 og 203
- Einbýlishúsi í hverfi 108, 170, 201 og 203 eða Norðurbæ Hafnarfjarðar á einni hæð.

Frum

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is

**Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is**

# ATVINNA

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## ÞJÓNUSTULIÐI / RÆSTING

í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

**Skólameistari**

## Mamma — Miklir tekjumöguleikar!

Mömmu gengur vel. Hjá Mömmu starfar lífsglatt, þjónustulundað og metnaðarfullt starfsfólk sem hamast við að gera viðskiptavininn ánægðan og nýtur sín í skemmtilegri vinnu.

**Mamma ætlar að fjölga í hópnum og þarfnast nú fleiri sölu- og tæknimanna.**

**Starfsmenn í söludeild** sinna ráðgjöf og sölu til viðskiptavina Mömmu. Ef þú hefur áhuga á líflegu starfi í söludeild skaltu hafa samband með tölvupósti á axel@mamma.is eða í síma 414-9000.

**Tæknideild Mömmu** sér um að tengja myndlykil og beini fyrir viðskiptavininn, stilla tölvur, kanna snúrur og kapla, uppfæra hugbúnað og fleira.

Okkur vantar starfsmenn í almenna tækniþjónustu sem og faglærða einstaklinga í flóknari verk. Ef þú vilt vinna við spennandi verkefni í tæknideild Mömmu skaltu hafa samband með tölvupósti á helen@mamma.is eða í síma 414-9000.



Sjónvarp · Sími & Internet · Heimavörn · Tölvur
S M L

Mamma.is | 414 9000

ÍSLENSKA SIA.IS MAM 39608 10.2007

## 365 miðlar ehf. leita að prófarkalesara í fullt starf á sjónvarpssvið

Leitað er að stundvísri og nákvæmri manneskju.

**Starfssvið:**
- Prófarkalestur
- Málfarsráðgjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- BA-próf í íslensku eða almennum málvísindum
- Almenn tölvuþekking
- Góðir samstarfshæfileikar

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Ástþrúður Sif Sveinsdóttir deildarstjóri flutnings- og þýðingadeildar 365 í síma 5125000.
Umsóknir skal senda á astthrudur.sif.sveinsdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
8.532 **+0,17%**

**Fjöldi viðskipta:** 434
**Velta:** 6.890 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI** | +2,00% | **CENTURY ALU.** | -2,38% |
| **ÖSSUR** | +1,44% | **TEYMI** | -1,36% |
| **MAREL** | +1,41% | **ATLANTIC PET** | -1,18% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,30 -0,88% ... Bakkavör 67,80 +0,74% ... Eimskipafélagið 40,45 +1,38% ... Exista 35,85 +0,14% ... FL Group 27,15 +0,93% ... Glitnir 29,05 +0,17% ... Icelandair 26,80 +0,00% ... Kaupþing 1.179 +0,09% ... Landsbankinn 43,50 +0,46% ... Straumur-Burðarás 20,80 -0,72% ... Össur 105,50 +1,44% ... Teymi 6,51 -1,36%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Frosti kaupir Opin kerfi

Frosti Bergsson hefur keypt Opin kerfi ehf. á 1,8 milljarða króna. Félagið var áður í sameiginlegri eigu Teymis og Handsholding og hluti af Opnum kerfum Group. Áreiðanleikakönnun vegna kaupanna var lokið síðdegis síðasta föstudag, en frá því var greint fyrir viku að gengið hefði verið að tilboði hans í fyrirtækið.

Frosti segir engrar byltingar að vænta hjá félaginu í kjölfar kaupanna. „En við horfum náttúrlega til þess að bæta reksturinn enn frekar og skapa okkur sérstöðu með því að veita afburðaþjónustu,“ segir hann.

Frosti er gamalkunnugur Opnum kerfum enda vann hann sem kunnugt er að stofnun HP á Íslandi snemma á níunda áratug síðustu aldar, sem síðar varð að Opnum kerfum og vann þar í 20 ár. Síðla árs 2004 gerði Kögun yfirtökutilboð í Opin kerfi Group og fór undir samstæðu Teymis við skiptingu Dagsbrúnar í tvö félög undir lok síðasta árs.

Frosti áréttar þó að aðkoma hans að félaginu sé önnur núna. „Ég starfa sem fjárfestir og kem að félaginu sem slíkur, en treysti stjórnendateymi félagsins fyrir daglegum rekstri. „Ég hef áður sýnt félaginu áhuga án þess að kaup gengju eftir, en núna kom upp að menn ætluðu að selja bara íslensku eininguna og hana þekki ég vel og lít á hana sem gott fjárfestingartækifæri.“ **- óká**



**FORSTJÓRINN OG EIGANDINN** Þorsteinn Gunnarsson, forstjóri Opinna kerfa ehf., og Frosti Bergsson, nýr eigandi fyrirtækisins, á vinnufundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FRÁ OPNUN OMX Á ÍSLANDI** Aðilum að íslensku kauphöllinni hefur farið fjölgandi eftir að hún varð hluti af OMX.

## SEB í íslensku kauphöllinni

Sænski bankinn SEB hefur frá og með deginum í dag aðild að hlutabréfamarkaði íslensku kauphallarinnar. Bankinn er þegar aðili að kauphöllum OMX í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Helsinki. Út frá markaðshlutdeild er SEB stærsti hlutabréfamiðlarinn í norrænu kauphöllum OMX-samstæðunnar. Hann starfar á Norðurlöndunum, í Eystrasaltsríkjunum, Þýskalandi, Úkraínu og Rússlandi.

„Aðild SEB ber vott um þann aukna áhuga sem íslenski markaðurinn nýtur í kjölfar sameiningarinnar við OMX. Sýnileikinn hefur aukist og erlendir aðilar sjá tækifærin sem felast í þátttöku á íslenska markaðnum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, í tilkynningu. **- hhs**

## Enn semja Stork, LME og Candover

Haldið verður áfram formlegum viðræðum LME eignarhaldsfélags ehf., Stork N.V. og Candover. Stefnt hafði verið að lokum viðræðna um miðjan þennan mánuð, en niðurstaða tefst enn um sinn.

LME, sem er í eigu Eyris Invest, Landsbankans og Marels, og á rúm 43 prósent í Stork, kom í veg fyrir yfirtöku Candover á félaginu. Félögin ræða nú möguleg kaup Candover á félaginu og yfirtöku Marel á Stork Food Systems, matvælavinnsluvélahluta Stork. „Tilkynning um árangur viðræðna verður birt þegar það er viðeigandi,“ segir í tilkynningu Marels til Kauphallarinnar í gær. **- óká**



**VIÐ AFHENDINGUNA** Chew Choon Seng, forstjóri Singapore Airlines, heldur ræðu undir líkani af A380 risaþotu.

## Airbus afhendir risaþotuna

Frönsku flugvélasmiðirnir hjá Airbus afhentu asíska flugfélaginu Singapore Airlines fyrstu A380 risaþotuna við hátíðlega athöfn í Toulouse í Frakklandi gær að viðstöddu fjölmenni. Tafir hafa orðið á afhendingunni, en hún er 18 mánuðum á eftir áætlun.

A380 risaþotan er sú stærsta í heimi og getur flutt 800 farþega á tveimur hæðum. Vélanna hefur verið beðið með eftirvæntingu en ein þeirra lenti í tilraunaflugi á Keflavíkurflugvelli í apríl. **- jab**




EDGE

# FORD EDGE AWD
# Nýr sportbíll fyrir ~~stelpurnar~~ ókei, strákana

Komdu - prófaðu nýjan sportjeppa




GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Ford Edge AWD stendur á brúninni og brúar bilið milli sportbíls og jeppa. Djörf og sportleg hönnun nýja Ford Edge AWD og ögrandi viðmót hans höfðar til þín sem ert opinn fyrir nýjum áskorunum og nýrri reynslu. Ford Edge hefur fjölhæfnina sem þú leitar eftir. Ford Edge vekur athygli fyrir djarfan stíl og ánægjulega akstursupplifun. Komdu í Brimborg. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Edge - sparneytinn og visthæfan bíl.

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

líka

Nýtt tákn um gæði

# hjá Kaupþingi




## Nýtt tákn um lífsgæði

**Ford Edge AWD Genuine Design.** Hönnun Ford Edge sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Edge merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og visthæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Edge AWD.

Nýtt tákn um meira en gæði

FORD EDGE SEL PLUS AWD

Verð 4.990.000 kr.*

3,5i V6 265 hö 339 Nm

6 þrepa sjálfskipting

Eyðsla, blandaður akstur, 11,8 l/100 km

C02 losun 313 g/km

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

†

**Þorsteinn Jónsson**
(Steini tangó) frá Gunnarshólma, Vestmannaeyjum,

lést á dvalarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal, laugardaginn 13. október.

| | |
|---|---|
| **Sveinn Þorsteinsson** | **Hafdís Eggertsdóttir** |
| **Þorsteina Jóna Þorsteinsdóttir** | **Antonio Losa Garcia** |
| **Elías Kristinn Þorsteinsson** | **Valgerður Magnúsdóttir** |
| **Vilborg Þorsteinsdóttir** | |
| **Þorsteinn Þorsteinsson** | **Eva Lilja Árnadóttir** |
| **Hrefna Vestmann Þorsteinsdóttir** | **Birgir Haraldsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Anna Kristjánsdóttir**
(Dúna), Mýrarvegi 115, Akureyri,

andaðist að morgni hins 12. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. október kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| **Sigmundur Magnússon** | |
| **Þórný Kristín Sigmundsdóttir** | |
| **Stefanía Gerður Sigmundsdóttir** | **Helgi Jóhannesson** |
| **Sigrún Hulda Sigmundsdóttir** | **Finnbogi Rútur Jóhannesson** |
| **Þórir Sigmundur Þórisson** | **Guðrún Erla Gísladóttir** |
| **Björn Þór Guðmundsson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,*

**Þuríður Linda Alfreðsdóttir**
Hjöllum 7, Patreksfirði,

sem lést sunnudaginn 7. október, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. október kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Ragnar Fjeldsted** | |
| **Stella Björk Fjeldsted** | **Elmar Már Einarsson** |
| **Kristinn Fjeldsted** | |
| **Alfreð Már Fjeldsted** | |
| **Rakel G. Magnúsdóttir** | |
| **Kristinn Fjeldsted** | |

**systkini og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,*

**Þórunn Elíasdóttir**
Herjólfsgötu 36, áður til heimilis að Lækjarkinn 14, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans þann 14. október. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á kvenfélagið Hringinn Hafnarfirði.

| | |
|---|---|
| **Yngvi Rafn Baldvinsson** | |
| **Friðrik E. Yngvason** | **Theodóra Gunnarsdóttir** |
| **Björgvin Yngvason** | **Birna Hermannsdóttir** |
| **Stefán Yngvason** | **Nína Leósdóttir** |
| **Yngvi Rafn Yngvason** | **Aldís Inga Freygarðsdóttir** |

**og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Fanney Gunnarsdóttir**
kjólameistari, Bólstaðarhlíð 41,

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 9. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. október kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Jón Helgason** | **Salóme H. Magnúsdóttir** |
| **Gunnar Helgason** | **Inga Arndís Ólafsdóttir** |
| **Sigríður Halldórsdóttir** | **Þorbjörn Gíslason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5000.

**GUÐBERGUR BERGSSON RITHÖFUNDUR ER 75 ÁRA Í DAG**

*„Vandamálin og leyndardómarnir gefa lífinu gildi.“*

***Guðbergur Bergsson er einn afkastamesti þýðandi Íslands úr spænsku og hefur átt stóran þátt í að kynna spænsku- og portúgölskumælandi höfunda hér á landi. Bækur Guðbergs hafa verið þýddar á fjölmörg mál og hefur hann hlotið ýmis verðlaun.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 16. OKTÓBER 1793**

## *Drottning hálshöggvin*


**MARÍA ANTOINETTE**

María Antoinette fæddist 2. nóvember 1755 í Vín í Austurríki. Hún var yngsta dóttir Francis Stefáns og Maríu Teresu sem voru keisari og keisaraynja Hins heilaga rómverska keisaradæmis. Hún giftist Loðvíki XVI krónprinsi Frakklands árið 1770 einungis fimmtán ára. María Antoinette lifði eins og rokkstjarna þess tíma og einkenndist hegðun hennar af kæruleysi og óhófi. Alþýðan reiddist yfir bruðlinu og franska byltingin var á næsta leiti. Árið 1789 sauð svo upp úr. Þegar Austurríki og Prússland lýstu stríði á hendur Frökkum var María Antoinette ásökuð um að leka hernaðarleyndarmálum til óvinarins. Konungsfjölskyldan var handtekin og varpað í fangelsi. Loðvík XVI var hálshöggvinn 21. janúar 1793 og hlaut María Antoinette sömu grimmilegu örlög 16. október sama ár.

**ÞORVALDUR VÍÐIR ÞÓRSSON:** FIMMTUGUR Í DAG OG BÚINN AÐ KLÍFA 100 TINDA

# Hátindahöfðinginn fagnar


**Á TOPPNUM** Segja má að Þorvaldur sé nú á toppi tilverunnar í ýmsum skilningi þar sem hann fagnar fimmtugsafmæli og þeim merka áfanga að hafa klifið 100 hæstu tinda landsins á tæpu ári.

Fyrir um einu og hálfu ári ákvað Þorvaldur Víðir Þórsson, tölvufræðingur og fjallamaður, að setja sér það markmið að klífa hundrað hæstu tinda Íslands áður en hann yrði fimmtugur. Verkefnið hefur verið nefnt „100 hæstu“ og hefur Þorvaldur nú lokið því af miklum dugnaði og elju.

„Ég hef verið nálægt fjallamennsku lengi og hef meðal annars setið í stjórn Íslenska alpaklúbbsins. Áður fyrr var ég í frjálsum og þaðan kemur keppnisskapið. Ég hef líka alltaf haft gaman af því að gera óvenjulega hluti og langaði að gera eitthvað óvenjulegt,“ útskýrir Þorvaldur sem hóf í kjölfarið að undirbúa verkefnið. Hann komst að því að ekki var til neinn listi yfir hæstu fjöll Íslands og hóf Þorvaldur að útbúa þann lista. Hann hafði samband við Landmælingar og þeir keyrðu úr gagnagrunni sínum alla mælipunkta sem þeir eiga yfir 1.400 metrum. Út frá því púslaðist áætlunin smátt og smátt saman.

„Ég sá að þá voru um það bil hundrað fjöll yfir 1.400 metrum sem var viðmiðið og þá ákvað ég að breyta takmarkinu úr fimmtíu fjöllum í hundrað.

Ég sá það í september á síðasta ári að það yrði gríðarlega erfitt mál að gera þetta og að það yrði engin leið nema að vera með alla hnúta hnýtta,“ segir Þorvaldur sem lét það þó ekki aftra sér frá verkinu og skipulagði verkefnið í þaula með tilliti til veðurfars, árstíða og fleira.

„Mikilvægt er að fá einhvern með sér í þessar ferðir og það er ekki gefið að það sé alltaf einhver tilbúinn til þess þegar manni hentar. Maður þarf samt að halda áfram planinu alveg sama hvernig ástatt er hjá öðrum því veðurspáin er þannig að ef hún er góð þá verður maður að gjöra svo vel að fara. Ég fór í átta eða tíu ferðir einn og var að ganga á stöðum sem ég hefði raunverulega ekki átt að vera einn á ferð þar sem það er mjög varhugavert,“ segir Þorvaldur sem komst oft í hann krappan á ferðum sínum. Hann fór stundum um mikil sprungusvæði en hafði alltaf á sér gervihnattasíma sem var mikið öryggistæki.

Eina helgina lagði Þorvaldur að baki um 135 kílómetra á tveimur og hálfum sólarhring! Segir hann það vera gott dæmi um hvað þarf í svona verkefni en Þorvaldur gekk tindana í frítíma sínum og vann fulla vinnu þess á milli. Þorvaldur lenti í ýmsum ævintýrum en þau væru efni í heila bók. Hægt er að lesa blogg um ferðir kappans á www.utivera.is/100haestu og einnig eru til nákvæmar upplýsingar um allar vegalengdir sem Þorvaldur skráði með GPS-tæki.

Síðastliðinn laugardag gekk Þorvaldur á Heklu sem var lokatindurinn. Afmælisdeginum ætlar hann að fagna með því að slappa loks af og njóta þess að hafa náð takmarki sínu.

**hrefna@frettabladid.is**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Helgason**
tæknifræðingur, Árskógum 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti, laugardaginn 13. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. október kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Valgerður Þorsteinsdóttir** | |
| **Þorteinn A. Jónsson** | **Martha Á. Hjálmarsdóttir** |
| **Helgi Jónsson** | **Jónína Sturludóttir** |
| **Þórður Jónsson** | **Jytte Fogtmann** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Jónasar Guðmundssonar**
Langholti 20, Akureyri.

| | |
|---|---|
| **Jenný Ólöf Valsteinsdóttir** | |
| **Sigurður Valur Jónasson** | |
| **Birna Friðrika Jónasdóttir** | **Ómar Valgarðsson** |
| **Valgarður Óli Jónasson** | **Kathleen Jensen** |

**afabörn og langafabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna Hafstein**

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|---|---|
| **Jakob V. Hafstein** | |
| **Júlíus Hafstein** | **Erna Hauksdóttir** |
| **Áslaug B. Hafstein** | **Ingimundur Konráðsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Guðmundsson**
frá Súluholti,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 8. október sl. Útförin fer fram frá Hraungerðiskirkju laugardaginn 20. október kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Hjörleifsdóttir** | |
| **Helgi Sigurðsson** | **Hafdís Örvar** |
| **Hjördís Inga Sigurðardóttir** | **Guðjón Guðvarðarson** |
| **Sigrún Sigurðardóttir** | **Jónas Haraldsson** |
| **Guðmundur Valur Sigurðsson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Tilboðslán

## ...fyrir hverju sem er

### Óvenju hagstætt lán!

- Lægri greiðslubyrgði
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán

**TILBOÐS VEXTIR!**

# 16,75%

**Tilboðslánið hentar vel til að greiða niður óhagstæðar skuldir, eða að láta draumana rætast, hvort sem það er eldhúsinnrétting, trommusett, uppþvottavél, framkvæmdir heimafyrir eða eitthvað annað... ...þitt er valið!**

**Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði**

| Fjöldi ára | 200.000 kr. | 400.000 kr. | 600.000 kr. | 800.000 kr. | 1.000.000 kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 19.314 kr. | 38.071 kr. | 56.828 kr. | 75.585 kr. | 94.342 kr. |
| 2 | 10.488 kr. | 20.586 kr. | 30.684 kr. | 40.782 kr. | 50.880 kr. |
| 3 | 7.546 kr. | 14.758 kr. | 21.969 kr. | 29.181 kr. | 36.393 kr. |
| 4 | 6.075 kr. | 11.844 kr. | 17.612 kr. | 23.380 kr. | 29.149 kr. |
| 5 | 5.193 kr. | 10.095 kr. | 14.998 kr. | 19.900 kr. | 24.803 kr. |
| 6 | 4.604 kr. | 8.929 kr. | 13.255 kr. | 17.580 kr. | 21.905 kr. |
| 7 | 4.184 kr. | 8.097 kr. | 12.010 kr. | 15.923 kr. | 19.836 kr. |
| 8 | 3.869 kr. | 7.472 kr. | 11.076 kr. | 14.680 kr. | 18.284 kr. |

**Forsendur:** 1,5% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,75% vextir - Kostnaður lánaður

## Þú getur sparað 367.584 kr. með því að taka tilboðslán S24:




M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 16,75% vexti hjá S24 og 21,15% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum (sem er 4,4% munur) þá borgarðu 3.829 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, **þú sparar 45.948 kr. á ári og 367.584 kr. í heildina.**



**Sæktu um lán...**
**WWW.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Miðað við vaxtatöflu S24 01.09.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24
*Miðað við að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar
Tilboð þetta gildir til 31.10.2007

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.187

# STUÐ MILLI STRÍÐA Kuldaskræfur nútímans

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** TEKUR EKKI NEIN AUKASKREF



Á tíma hestsins voru það hinir ríku og feitu sem riðu um. Þeir vildu ekki vera á sama stalli og sveitaómagar og kotungar sem þurftu að ganga á milli bæja í leit að vinnu. Höfðingjarnir létu sér hins vegar fátt um finnast ef þeir þurftu að ríða yfir fjöll og firnindi til fundar við aðra jarla og þá voru nú hvorki til 66 gráður norður hlífðarfatnaður eða goretex skór. Skinndruslur og léleg höfuðföt voru látin nægja til að verjast kulda og strekkingi. Menn grófu sig síðan bara í fönn ef veður voru válynd eða létu sig hafa það til að komast á leiðarenda.

Síðan leið tíminn og fyrr en varði voru fararskjótarnir orðnir miðstöðvarhitaðir og vélknúnir og hestarnir í mesta lagi ágætt sport sem nýta mátti á góðviðrisdögum.

Nú þegar veturinn færist yfir og morgnarnir orðnir kaldari er ekki annað hægt en að hugsa til forfeðranna þar sem þeir bitu á jaxlinn héluðir á sjó eða týndir á hálendinu. Skrefin eru ekki nema nokkur að bílnum, ef til vill með nokkurra mínútna aukadvöl utandyra meðan rúðurnar eru skafnar. Á leiðinni er húsbóndinn dúðaður í flíspeysu, vettlinga og húfu en samt skelfur hann og vonar að bíllinn verði ekki lengi að hitna.

Nútíma-Jóninn er ekki bara kuldaskræfa heldur reynir hann að komast hjá því að hreyfa sig nema í vernduðu umhverfi World Class. Enda sýnir það sig líka glöggt að flestir gestirnir reyna að leggja eins nálægt líkamsræktarstöðvunum og mögulegt er. Það er jafnvel betra að keyra aftur heim ef bílastæðið er ekki í seilingarfjarlægð.

Gömlu góðu æðaslitin sem forfeður okkar státuðu af þekkjast varla lengur enda er það víst staðreynd að hressilegt útiloft með vænum skammti af vindstigum er nauðsynleg blanda til að búa til þau karlmennskulegu andlitsmerki.

Engan ætti því að undra að haldi þessi þróun áfram verði sú framtíðarkynslóð sem hér mun vaxa upp með kuldaþol á við hárlausa ræktunarhunda og slétt og fellt barnshörund af inniveru.

## myndasögur




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








# ARIADNE

ARIADNE eftir Richard Strauss
Lokasýning næstkomandi föstudagskvöld
19. október kl. 20 - örfá sæti laus
Kynning Árna Heimis Ingólfssonar í boði VÍÓ kl. 19.15

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN







# Nám í Danmörku

## Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 18. október kl. 20.30 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70 þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- **Byggingaiðnfræði**
- **Byggingafræði**
- **Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði**
- **Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði**
- **Framleiðslutækni**
- **Margmiðlunarhönnun**

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet ODENSE TEKNISKE SKOLE

# Tónlistardagar Dómkirkjunnar í 26. sinn

Tónlistardagar Dómkirkjunnar verða haldnir í 26. skipti í ár og standa frá 17. október til 10. nóvember. Haldnir verða fernir tónleikar og að vanda verður hátíðarmessa á kirkjuvígsludegi Dómkirkjunnar sunnudaginn 28. október. Tilgangur tónlistardaganna er að stuðla að eflingu kirkjutónlistar og auðga sönghefð kirkjunnar.

Fyrstu tónleikarnir verða í Dómkirkjunni á morgun kl. 20 en þá leikur Matthias Grünert á orgel kirkjunnar. Grünert er kantor eða tónlistarstjóri Frúarkirkjunnar í Dresden sem var endurreist og vígð á nýjan leik í ársbyrjun 2005. Þar stjórnar hann 120 manna blönduðum kór og 30 manna kammerkór, auk þess að leika á orgelið. Fyrir orgelleik sinn hefur hann hlotið margvíslega viðurkenningu og verðlaun víða um heim, þar á meðal alþjóðaverðlaun kirkjutónlistarfólks árið 2000. Heimsókn hans verður því að teljast viðburður í íslensku tónlistarlífi. Þess má geta að Dómkórnum hefur verið boðið að syngja í Frúarkirkjunni næsta vor.

Sú hefð hefur fylgt Tónlistardögum Dómkirkjunnar frá upphafi að Dómkórinn hefur pantað tónverk frá íslensku eða erlendu tónskáldi og frumflutt það á Tónlistardögum. Í ár er það ungt tónskáld, Þóra Marteinsdóttir, sem hefur samið tónverkið Missa Brevis og verður það frumflutt á tónleikum í Dómkirkjunni laugardaginn 27. október kl. 16. Dómkórinn endurflytur verk Þóru í útvarpsmessu daginn eftir frumflutninginn kl. 11.


**UNGT TÓNSKÁLD** Þóra Marteinsdóttir samdi verk fyrir tónlistardaga Dómkirkjunnar.

Laugardaginn 3. nóvember er röðin komin að því að heiðra Jón Þórarinsson tónskáld sem varð níræður í september. Tónleikarnir fara fram í Dómkirkjunni en á þeim syngur Dómkórinn nokkur sálmalög eftir Jón og kammerkórinn Hljómeyki og Kór Langholtskirkju syngja einnig sem gestir Dómkórsins.

Lokatónleikar Tónlistardaga Dómkirkjunnar verða svo í Kristskirkju í Landakoti laugardaginn 10. nóvember. Þar flytur Dómkórinn nokkrar mótettur, þær elstu eru frá barokktímanum á 16. og 17. öld en sú yngsta var frumflutt árið 1994.

vigdis@frettabladid.is

# Koss í farbann

Ljósmynd af tveimur rússneskum lögreglumönnum sem kyssast í skógi vöxnu vetrarlandslagi hefur valdið þó nokkrum usla í rússnesku menningarlífi.

Ljósmyndin er verk listahópsins Bláu nefin, sem vildi með henni votta þekktu verki eftir graffarann Banksy virðingu sína. Myndin hefur verið til sýnis undanfarið í Tretyakov-listasafninu í Moskvu. Safnið stendur að sýningu á rússneskri samtímalist í París í vikunni en menningarmálaráðherra Rússlands, Alexander Sokolov, hefur ákveðið að myndin umdeilda fái ekki að vera með.

„Birtist þessi mynd í París mun hún eingöngu kalla skömm yfir rússneska menningu. Því er ótækt að senda þetta klám til Parísar," sagði ráðherrann spurður um ákvörðun sína.


**ÁST Í SKÓGI** Ljósmyndin sem fær ekki að fara til Parísar.

Ráðherrann setti annað verk eftir bláneffjahópinn einnig í farbann, en það er mynd sem sýnir Vladimír Pútín, George W. Bush og Osama bin Laden hoppa um í hjónarúmi á nærfötunum einum klæða.

Listamennirnir eru að vonum ekki ánægðir með ákvörðun ráðherrans. „Ríkisafskipti af menningarlífi og listsköpun í Rússlandi eru að komast á sama stig og var undir stjórn Krústsjevs," sagði Alexander Shaburov sem er annar tveggja listamanna í Bláu nefjunum.

Ljósmyndinni af lögreglumönnunum var ætlað að vera draumsýn um umburðarlyndan og ástríkan heim. „Ef tekið er tillit til þess að verkið hefur verið bannfært af ríkinu er klárt að draumsýnin er ekki við það að rætast," sagði Shaburov. -vþ

# Nikkutónleikar

Tríó Vadims Fedorov leikur á tónleikum í Gerðubergi annað kvöld kl. 21. Tríóið skipa Vadim Fedorov á harmoniku, Gunnar Hilmarsson á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassa. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt en á meðal þess sem þar má heyra verður frönsk valssveifla í bland við heimstónlist og djass.


**HARMÓNIKA**

Vadim Fedorov er fæddur í Pétursborg í Rússlandi árið 1969. Hann var aðeins 6 ára þegar hann byrjaði að læra á harmoniku og stundaði framhaldsnám bæði í Rússlandi og Þýskalandi.

Miðasala á tónleikana fer fram við innganginn og er miðaverð 1000 kr. Húsið opnar kl. 20 og býðst tónleikagestum þá leiðsögn um sýninguna Handverkshefð í hönnun. -vþ

# Dönsk mállýska?

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, í samvinnu við táknmálsfræði við Háskóla Íslands, stendur fyrir fyrirlestri á morgun kl. 16 í stofu 225 í aðalbyggingu Háskólans. Þar fjallar Russel Aldersson um hvort íslenskt táknmál hafi þróast út frá dönsku táknmáli. Hann leitast meðal annars við að skilgreina hvort íslenskt táknmál sé mállýska dansks táknmáls eða sjálfstætt tungumál.

Íslenskt táknmál er talið eiga rætur að rekja til dansks táknmáls þar sem lengi tíðkaðist að senda íslensk heyrnarlaus börn til menntunar í Danmörku og því hafa lengi verið mikil samskipti á milli heyrnarlausra í löndunum. Staða táknmálsins hefur þó breyst töluvert eftir að skóli fyrir heyrnarlausa var stofnaður á Íslandi 1906. Þar að auki hefur málið þróast um árin meðal heyrnarlausra á Íslandi sem er frekar lítill en afar samstæður hópur. Íslenskt táknmál er móðurmál um 300 Íslendinga og er stór hluti af menningu heyrnarlausra hérlendis.

Russel Aldersson, sem er sjálfstætt starfandi táknmálstúlkur og kennari, byggir fyrirlesturinn á mastersritgerð sinni frá Birkbeck College í London. Rannsókn hans á þessum tveimur táknmálum er fyrsti samanburðurinn sem á þeim hefur verið gerður og mun hann í fyrirlestrinum lýsa aðferðafræði sinni og niðurstöðum. -vþ

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is



# SAPPOS ER

## VIÐ FÖGNUM ÞESSUM ÁFANGA MEÐ HREINT FRÁBÆRUM TILBOÐUM Á SKÓM OG FYLGIHLUTUM.

### EKKI ÞAKKA SAPPOS FYRIR FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ !

**Þakkið þeim þúsundum viðskiptavina sem hafa frá fyrsta degi verslað við Sappos og þar með stutt á bakvið samkeppni og frumherjann í verðlækkun á skóm og fylgihlutum !**
**Sappos mun halda áfram að veita samkeppnisaðilum sínum aðhald með vörum og verðum sem áður hafa ekki sést! Gleðilegt afmæli kæru viðskiptavinir ! Afmælið stendur yfir í 5 daga eða til laugardagsins 20. október.**

## OPNUM Á SLAGINU 12:00 Í DAG



**2.500 kr.**

Stærðir: 30 - 35
Litir: bleikur, blár og brúnn
Vatnsvarinn CON-TEX®




**3.000 kr.**

Stærðir: 30 - 41
Litir: svartur



**2.000 kr.**

Stærðir: 19 - 25
Litir: bleikur
Viking



**2.000 kr.**

Stærðir: 28 - 35
Litir: hvítur, bleikur og svartur



**2.500 kr.**

Stærðir: 19 - 27
Litir: svartur, vínrauður



**2.000 kr.**

Stærðir: 30 - 38
Litir: svartur



**500 kr.**

ALLAR BARNATÖSKUR



**500 kr.**

ALLAR HÚFUR, MIKIÐ ÚRVAL



**500 kr.**

BARNASETT, HÚFA OG HANSKAR




## NÝTT KORTATÍMABIL

EUROCARD MasterCard VISA

### OPNUNARTÍMI

**SAPPOS MIÐHRAUNI 14**
Mánudag - föstudags ........... 12-18
Laugardaga ......................... 11-18
Sunnudaga .......................... Lokað

**SAPPOS AKUREYRI**
Fimmtudag - laugardags .... 12-18
Sunnudaga .......................... 13-18

SAPPOS
www.sappos.is

Miðhrauni 14 - Garðabæ - Sími 534 5700 / Hrísalundi 5 - Akureyri - Sími 534 5740

# R 1.ÁRS




**500 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: svartur

**500 kr.**
Stærðir: 36-41
Litir: brúnn, hvítur

**1000 kr.**
Stærðir: 36-41
Litir: beige

**2.000 kr.**
Stærðir: 36-41
Litir: grár
Vatnsvarinn CON-TEX®

**5.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: brúnn, svartur
LEÐUR
EXTRA VÍÐ YFIR KÁLFA

**5.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: brúnn

**2.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: brúnn, svartur
LEÐUR

**4.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: brúnn, svartur og beige
LEÐUR

**2.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: svartur
Loðfóðraðir með rennilás

**3.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: svartur

**3.000 kr.**
Stærðir: 36 - 46
Litur: brúnn
Vatnsvarinn CON-TEX®

**500 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litur: svartur

**500 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litur: bleikur

**500 kr.**
LEÐUR
Stærðir: 36 - 41
Litur: gull

**1.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litur: svartur, hvítur

**1.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litur: hvítur

**2.000 kr.**
LEÐUR
Stærðir: 36 - 41
Litur: brons

**2.000 kr.**
LEÐUR
Stærðir: 36 - 41
Litur: hvítur

**3.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litur: svartur

**3.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litur: silfur

**4.000 kr.**
Stærðir: 36 - 41
Litir: beige, svartur
Heilsuskór, gel í hæl

**3.000 kr.**
Stærðir: 41 - 46
Litur: svartur
Vatnsvarinn CON-TEX®

**3.000 kr.**
Stærðir: 36 - 46
Litur: brúnn
Vatnsvarinn CON-TEX®

**2500 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: svartur
Loðfóðraður kuldaskór með rennilás innan á hlið.

**2.000 kr.**
Stærðir: 40 - 46
Litur: grár

**3.000 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: svartur

**3.000 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: brúnn, svartur

**2.000 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: svartur

LEÐUR
**5.000 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: brúnn

RÚSSKINN
**5.000 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: svartur, brúnn

**1.000 kr.**
Stærðir: 40-46
Litir: svartur, köflótt

# FYLGIHLUTIR

Gríðarlegt úrval af töskum, beltum, buddum úr leðri, striga og fl.

**Allt á 1.000 kr.**



ATHUGIÐ! Sumar vörur eru í takmörkuðu magni því getum við ekki ábyrgst að allar vörur séu til í öllum númerum.

> GRÆNIR FINGUR

Leikkonan Eva Mendes vekur eflaust athygli við garðstörfin. „Ég elska að vera nakin. Ég geri allt allsber, jafnvel garðstörfin. Við erum kúbversk og á Kúbu er heitt. Af hverju ætti maður ekki að vera nakinn?“ spyr hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Brad Pitt vann sem strippari

Stórstjarnan Brad Pitt á sér skuggalega fortíð að því er bandarískir fjölmiðlar greina frá. Hann átti það til að fara úr öllum fötunum fyrir peninga þegar hann var meðlimur í dansflokki í líkingu við Chippendales-flokkinn á námsárunum í háskólanum í Missouri. Leikarinn kunni var aðalmaðurinn í danshópnum sem kallaðist The Dancing Bares. Hópurinn dansaði fyrir stúlkur í afmælisveislum þeirra.

Thomas Whelihan, gamall vinur Brads Pitt úr bræðrafélagi í háskóla, segir frá þessu í viðtali í tímaritinu In Touch Weekly. „Þegar stúlka úr einu af systrafélögunum varð 21 árs settu The Bares hana í stól og komu fram allsnaktir með koddaver á höfðinu og dönsuðu fyrir hana.“



**VILLT ÆSKA** Brad Pitt vann fyrir sér sem dansari á námsárunum og fór stundum úr öllum fötunum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Tveir dagar í tökum

Ævintýrakvikmyndin Stardust, með þeim Michelle Pfeiffer og Robert De Niro í aðalhlutverkum, hefur verið auglýst hér á landi af miklum móð að undanförnu á þeim forsendum að hún sé að stærstum hluta tekin upp á Íslandi. Finnur Jóhannsson hjá True North segir að sú markaðsherferð hafi verið fréttir fyrir starfsmönnum fyrirtækisins, sem aðstoðaði kvikmyndatökuliðið þegar það kom hingað til lands. „Þetta voru tveir dagar í tökum, við tókum bakgrunna sem síðan var skeytt inn í myndina,“ segir Finni og telur að þarna hafi Íslandskynningin kannski gengið aðeins of langt. Upphaflega stóð til að Stardust yrði tekin upp að mestu leyti hér á landi en sökum laga og reglna um innflutning á hestum varð ekkert af því.

Ásgeir Kolbeinsson, markaðsfulltrúi Sambíóa sem dreifa myndinni hér á landi, segir að Paramount-kvikmyndaverið hafi lagt ríka áherslu á að Stardust væri mjög góð Íslandskynnning í sínum skjölum. „Allar útisenur sem sjást í myndinni eru frá Íslandi og ég held að þessi kynningarherferð sem við förum í sé ekkert grófari en það sem gengur og gerist,“ bætir hann við og segir að ekki sé því allt sem sýnist. „Ég hef ekki séð íslenskt landslag svona áberandi í kvikmynd áður.“ - fgg



**EKKERT GRÓFT** Íslenskt landslag hefur ekki verið svona áberandi í Hollywood-kvikmynd áður, segir Ásgeir Kolbeinsson.



**NÝTT HÚÐFLÚR** Þrír meðlimir úr Reykjavík! sýna nýju húðflúrin sín sem þeir fengu sér í Montreal. Frá vinstri eru þeir Bóas, Haukur og Geiri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR







# Fengu sér allir eins húðflúr

**Þrír meðlimir hljómsveitarinnar Reykjavík! fengu sér alveg eins húðflúr í Montreal á dögunum.**

„Við vorum að spila í Eistlandi fyrir ekki löngu síðan þegar við Bóas ákváðum að merkja okkur. Ef það væri eitthvað sem okkur langaði að muna ef við værum búnir að drekka frá okkur allt vit þá væri það þetta ævintýri sem við erum búnir að eiga saman í hljómsveitinni,“ segir Haukur S. Magnússon úr Reykjavík!

Ekkert varð þó af húðflúrinu í Eistlandi en þess í stað létu þeir verða af því er þeir spiluðu í Montreal í Kanada. Með þeim tveimur í för var nýr bassaleikari sveitarinnar, Geiri, og Simon Angell, gítarleikari Patrick Watson sem spilaði á Iceland Airwaves á síðasta ári. Fengu þeir sér allir eins húðflúr með tákninu R!, sem stendur vitaskuld fyrir Reykjavík!

„Ég hef alltaf haft ímugust á húðflúrum og þrettán ára ákvað ég að þetta myndi ég aldrei gera,“ segir Haukur. „Þannig að þetta var ákveðið prinsippbrot en mér fannst samt allt í lagi að tengja þetta góðum minningum. Ég veit líka til þess að einhverjir aðrir í hljómsveitinni hugsa sér gott til glóðarinnar að fá sér tattú, enda eru allir alvöru rokkarar með tattú.“

freyr@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR ANGELL** Simon Angell, gítarleikari Patrick Watson, er greinilega hæstánægður með nýja húðflúrið sitt.

# Ný lög á safnplötu

Ný safnplata frá Spice Girls er væntanleg 12. nóvember. Á plötunni verða tvö ný lög, annars vegar Voodoo og hins vegar smáskífulagið Headlines (Friendships Never Ends). Rennur allur ágóði af síðarnefnda laginu til bresku samtakanna Children in Need. Meðal fleiri laga á plötunni verða Wannabee, 2 Become 1, Who Do You Think You Are? og Spice Up Your Life.

Með safnplötunni fylgir DVD-mynddiskur með fjölda tónlistarmyndbanda og með viðhafnarútgáfu plötunnar fylgja tveir diskar. Annar verður fyrir karókí og hinn með endurhljóðblönduðum lögum.

Kryddpíurnar, sem komu nýverið saman eftir nokkurra ára hlé, ætla að fylgja plötunni eftir með tónleikaferð um heiminn sem hefst í Vancouver í Kanada 2. desember. Kryddpíurnar hafa selt 55 milljónir platna á ferli sínum, auk þess sem þær hafa komið níu lögum í efsta sæta breska vinsældarlistans.



**SPICE GIRLS** Hljómsveitin Spice Girls er komin á fulla ferð eftir nokkurra ára hlé.

# JÖRÐIN

# í öllu sínu veldi

**Stórbrotnar gervitunglamyndir af öllu yfirborði jarðar – þetta er heimsatlas 21. aldar**

Hér birtast glæsilegustu myndir sem nokkru sinni hafa verið teknar af hnettinum okkar, plánetunni jörð. Gervitunglamyndir frá bandarísku geimferðastofnuninni NASA hafa verið unnar með fullkomnustu tækni og útkoman er myndaatlas sem sýnir allt yfirborð jarðar, verk sem hiklaust mætti kalla **heimsatlas 21. aldarinnar**.




**Tilboðsverð**
**12.990**
**til áramóta**

**Verð frá 1. janúar: kr. 14.990**

MÁL OG MENNING

**Hér er stórbrotin og sláandi fegurð jarðarinnar í brennidepli, fjöllin og eyðimerkurnar, vötnin og höfin og það umhverfi sem mótað hefur tilvist og sögu mannsins frá upphafi vega.**



**Hér fáum við að sjá, frá nýju og heillandi sjónarhorni, plánetuna okkar – þennan dýra fjársjóð sem við eigum öll saman.**

# NÝTT Í BÍÓ!

3 FRUMSÝNINGAR




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| GOOD LUCK CHUCK LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.25 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SHOOT'EM UP | kl. 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 - 6 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.30 - 8 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 10.15 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 6 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 6 | 12 |

SAMbíó www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE DIGITAL | kl. 5:30 - 8D - 10:30D | 16 |
| THE BRAVE ONE VIP | kl. 8 - 10:30 | |
| STARDUST | kl. 5:30D - 8 - 10:30 | 10 |
| STARDUST VIP | kl. 5:30 | |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 - 10:30 | L |
| SUPER BAD | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 | 12 |
| MR. BROOKS | kl. 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 -10:20 | 10 |

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| THE KINGDOM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | 5:40D - 8D-10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 10 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 | L |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10 | L |
| HAIRSPRAY | kl. 10:20 | L |
| STARDUST | kl. 8 | 7 |

**SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| HAIRSPRAY | kl. 8 | L |
| BRATZ | kl. 8 | L |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| THE KINGDOM | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| CHUCK & LARRY | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




# Stuðbomba frá Færeyjum

**Boys in a Band frá Færeyjum spilar á vegum G! tónlistarhátíðarinnar á Airwaves í ár.** ***Steinþór Helgi Arnsteinsson*** **hitti sveitina á hinni fyrrnefndu G! hátíð í sumar og spjallaði við Færeyingana snjöllu.**



**HRESSIR** Boys in a Band ætlar að mæta á Airwaves og sýna hvers færeyska tónlistarsenan er megnug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR HELGI

Boys in a Band þykir eitt helsta stolt færeysku tónlistarsenunnar nú um stundir en þessi fimm manna sveit spilar æsilegt, grípandi og gítardrifið popp í anda til dæmis The Hives og Franz Ferdinand. Þrír meðlimir sveitarinnar eru frá Götu, einmitt þar sem G! hátíðin fer fram, en hinir tveir meðlimir sveitarinnar eru úr nágrannabæjum. Boys in a Band spila á Airwaves vegna sérstaks skiptisamnings á milli Airwaves og G! en Ultra Mega Technobandið Stefán spilaði á G! fyrr á þessu ári í tengslum við skiptisamninginn.

„Við höfum þekkst í mörg ár og sumir okkar höfum verið bestu vinir frá því við fæddumst. Síðan hugsuðum við bara: „Hey, barna er snilldarnafn sem ekki er frátekið, Boys in a Band," og við urðum einfaldlega að stofna hljómsveit," útskýrir Pætur, söngvari sveitarinnar, um upphaf sveitarinnar. Þegar þeir eru síðan spurðir um áhrifavaldana stendur ekki á svarinu, „Bob Dylan og svo framvegis." Þetta þarf ekki að vera flókið. „Við hljómum bara eins Bob Dylan hermikrákur." Þegar ég síðan andmæli þeirri staðhæfingu eftir að hafa séð tónleika Boys in a Band segjast piltarnar einfaldlega ekkert vita hvað í ósköpunum þeir séu þá að gera.

Meðlimum Boys in a Band finnst fínt að vera frá Færeyjum þótt þeir viðurkenni að þeir þurfi að sanna miklu meira en sveitir frá flestum öðrum löndum. „Það koma ekki margir þekktir tónlistarmenn frá Færeyjum, fyrir utan kannski Teit og Eivøru. G! er samt búið að breyta miklu og hjálpar okkur mikið. Við höfum fengið að spila nokkuð fyrir utan Færeyjar og erum til dæmis komnir með gaur í Danmörku sem sér um að bóka tónleika fyrir okkur."

Tónleikar Boys in a Band er líka heljarinnar skemmtun og fjölbreytnin hjá sveitinni og í tónlistinni mikil. „Já, eins og þú segir þá erum við mjög ólíkir innbyrðis og þá verður tónlistargrauturinn okkar skemmtilegri."

Boys in a Band spilar í Lídó á fimmtudagskvöld á Airwaves og einnig í Norræna húsinu sama dag. Eru allir hvattir til þess að mæta og hlýða á þessa prúðu pilta.

# Airwaves-safnplata

Safnplatan Iceland Airwaves '07 er komin út. Platan inniheldur 22 lög frá innlendum sem erlendum flytjendum sem allir koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í ár. Á meðal þeirra eru Bloc Party, Sprengjuhöllin, Chromeo, Of Montreal, Motion Boys, !!!, Deerhoof, múm og GusGus.

Platan verður fáanleg í plötuverslunum, á völdum tónleikastöðum yfir hátíðina sjálfa og í Airwaves Info Center-miðstöðinni sem verður í Hressingarskálanum. Airwaves-hátíðin hefst á miðvikudag og stendur yfir til sunnudags.



**BLOC PARTY** Breska hljómsveitin Bloc Party á lag á nýrri Airwaves-safnplötu.

# Púðurskot í Sádi-Arabíu

Rafmagnaða andrúmsloftið milli Vesturlandabúa og araba í Mið-Austurlöndum er að verða næsta „æðið" í Bandaríkjunum. Óvinir í hverju horni, hugmyndafræðilegar andstæður, grá svæði og hið stórfenglega umhverfi Arabalandanna eru uppskrift að góðri spennumynd. Kröfurnar til The Kingdom voru því nokkuð miklar og ekki skemmir fyrir að heilinn á bak við myndina er snillingurinn Michael Mann sem kann þá list manna best að byggja upp eftirvæntingu áhorfenda fyrir uppgjörið mikla að hætti Heat og Miami Vice.

Blóðugt hryðjuverk er framið á svæði bandarísks olíufursa í Sádi-Arabíu með þeim afleiðingum að yfir hundrað manns falla, þar á meðal tveir FBI-fulltrúar. Sérsveit undir stjórn hins kokhrausta Ronalds Fleury þyrstir í hefnd en er fljótlega stöðvuð af dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. Nærvera fleiri vestrænna þegna sé ekki til þess fallin að róa öldurnar. En Fleury sættir sig ekki við að lúta í lægra haldi fyrir skrifræðinu og pólitíkinni og fer sínar eigin leiðir til að koma sínu fólki austur um haf og hafa hendur í hári ofbeldismannanna. Þegar þangað er komið hafa að sjálfsögðu margir horn í síðu hinnar al-amerísku FBI-manna og vilja koma þeim fyrir kattarnef sem fyrst.

Leikstjórinn Peter Berg virðist því miður ekki alveg valda verkefninu og hefði betur átt að láta Mann um stjórnartaumana. Handritið er klaufalegt og samræðurnar á köflum stirðbusalegar og þá virðast vinsældirnar á glansblöðunum hafa blindað heilbrigða skynsemi því gæðaleikarinn Chris Cooper er látinn mæta afgangi á kostnað hinnar ákaflega leiðinlegu Jennifer Garner. Jason Bateman er síðan í einskismannslandi alla myndina. Jamie Foxx stendur hins vegar fyrir sínu og virðist á góðri leið að taka við keflinu af Denzel Washington.

The Kingdom líður fyrst og fremst fyrir skort á tilfinningu fyrir viðfangsefninu. Togstreitan og tortryggnin sem ætti að svífa yfir vötnum er víðs fjarri og myndin nær fyrst hámarki þegar skotvopnin eru munduð í upphafi og myndarlok. The Kingdom er því nokkur vonbrigði en eflaust eiga fleiri slíkar myndir eftir að flæða yfir og vonandi hittir einhver þeirra í mark, fyrr eða síðar.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**KVIKMYNDIR**

**The Kingdom**

Leikstjóri: Peter Berg

Aðalhlutverk: Jamie Foxx, Jason Bateman og Chris Cooper

★★

Veldur vonbrigðum, ekki síst fyrir aulalegt handrit og ákaflega dapra uppbyggingu. Skotbardagarnir halda hins vegar áhorfandanum hugföngnum en það eitt og sér hefur aldrei nægt.





* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

# Stafrænir Zeppelin


**LED ZEPPELIN** Plötur Led Zeppelin eru loksins fáanlegar í stafrænu formi.

Plötur bresku rokksveitarinnar Led Zeppelin verða fáanlegar í stafrænu formi í fyrsta sinn frá og með 13. nóvember. „Við erum mjög ánægðir með að öll lög Led Zeppelin séu nú fáanleg í stafrænu formi,“ sagði gítarleikarinn Jimmy Page. „Með þessum stafræna möguleika geta aðdáendur okkar orðið sér úti um tónlist okkar á þann hátt sem hentar þeim,“ sagði gítarleikarinn Jimmy Page.

Zeppelin, sem hætti störfum árið 1980 eftir fráfall trommarans Johns Bonham, ætlar að halda eina endurkomutónleika í London 26. nóvember. Ný tvöföld safnplata frá sveitinni, Mothership, er einnig væntanleg í búðir.

# Velkomin aftur

**TÓNLIST**
**Empire Fall**
Elíza
★★★
Fyrsta plata Elízu er ekki endilega vonbrigði en betur má ef duga skal.




Elíza M. Geirsdóttir Newman hefur haft hægt um sig í nokkurn tíma en nú er komið að hennar fyrstu sólóbreiðskífu sem hún nefnir Empire Fall. Öll lögin á plötunni semur hún sjálf en á bak við plötuna stendur einvala lið hljóðfæraleikara og hljóðvinnslumanna.

Samt er staðreyndin sú að frá upphafi finnst manni útsetningar óttalega værukærar og óspennandi. Margt finnst manni sniðugt en hugmyndirnar fá aldrei að njóta sín til hins ýtrasta. Í laginu Hjartagulli er til dæmis enskum og íslenskum texta blandað snyrtilega saman en einhvern veginn virkar lagið hálf óspennandi í kliskjukenndum undirleiknum. Það er helst mjög lágvær strengjahávaði í anda Godspeed You! Black Emperor sem vekur áhuga. Elíza hefði einmitt mátt nota fiðluna sína betur á plötunni eða líkt og hún gerir í laginu Deep Blue. Þar ber dEUS-legur strengjahljómur með sér skemmtilegan keim og gerir lagið að einu besta lagi plötunnar.

Rokkuðu lögin finnst mér líka koma nokkuð vel út og minnir á fínar stelpurokkhljómsveitir á borð við Hole og The Donnas. Guðmundur Pétursson fer þar hamförum á bassanum.

Þrátt fyrir að Empire Fall sé plata frá manneskju sem hefur verið lengi viðriðin bransann líður manni samt eins og Elíza sé að stíga sín fyrstu skref og að vissu leyti er það staðreyndin. Hún á enn eftir að þróa sinn persónulega stíl betur og ákvarða stefnuna enn frekar.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fyrsta myndin sem **Ben Affleck** leikstýrir, Gone Baby Gone, verður frumsýnd vestanhafs á föstudag. Affleck segist hafa fundið köllun sína í leikstjórastarfinu og getur ekki beðið eftir því að leikstýra nýrri mynd. „Fyrst fannst mér leikstjórn bara vera eðlilegt framhald af því að leika. En núna finnst mér ég hafa fundið sjálfan mig og hvað ég vil verða. Þetta er virkilega gaman,“ sagði Affleck.



**Eric Bana** fer með hlutverk vonda karlsins í næstu Star Trek-mynd. Bana mun leika Nero í myndinni, sem verður leikstýrt af J.J. Abrams, höfundi Lost. Myndin er væntanleg í bíó á jóladag á næsta ári.



Leikkonan **Julia Roberts** fékk á dögunum bandarísk heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar. „Ég er í raun og veru bara stelpa frá smábæ í Georgíu sem átti þennan risavaxna og fáránlega draum,“ sagði hin 39 ára Roberts þegar hún tók á móti verðlaununum í Los Angeles. Meðal þeirra sem voru viðstödd athöfnina voru **Tom Hanks**, Natalie Portman og Sally Field.



Hin brjóstgóða **Pamela Anderson** er ekki ófrísk þrátt fyrir orðróm þess efnis. Talið var að hún væri komin tvo mánuði á leið og faðirinn væri vitaskuld nýr eiginmaður hennar, Rick Salomon. Anderson vísaði orðrómnum til föðurhúsanna á heimasíðu sinni og hvatti fólk til að trúa ekki öllu sem í fjölmiðlum er haldið fram.

Frá kr. 1.430.000
Getz
- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)
Frá kr. 16.900 á mánuði*
Hyundai hefur gæðin
Flottur er algjört skilyrði
Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*
✓ Flottur ✓ Hagstæður
✓ Rúmgóður ✓ Traust bílaumboð
✓ Öruggur ✓ Góð þjónusta
Með bílinn handa þér
Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.
HYUNDAI www.hyundai.is
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

512 Auglýsingasími 50 50




– Mest lesið

## > Baldur áfram í Landsbankadeildinni

Húsvíkingurinn Baldur Ingimar Aðalsteinsson greindi frá því í gær að hann hefði gefið atvinnumannadrauminn upp á bátinn í bili og ætlaði sér að spila áfram á Íslandi næsta sumar. Hann er samningslaus og segir Val vera sinn fyrsta kost þó svo að hann ætli að hlusta á hvað önnur félög hafa að bjóða. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa KR, FH og Fylkir öll mikinn áhuga á að semja við Húsvíkinginn sterka sem hefur góð spil á hendi og mun vafalítið fá mjög góðan samning.



# sport

sport@frettabladid.is

**LEIKMAÐUR 1. UMFERÐAR ICELAND EXPRESS-DEILDARINNAR:** ÓÐINN ÁSGEIRSSON

## *Verðum erfiðir heim að sækja í vetur*



Þórsarinn Óðinn Ásgeirsson er besti leikmaður fyrstu umferðar Iceland Express deildar karla í körfubolta. Óðinn var með 25 stig, 9 fráköst, 5 stoðsendingar og 3 stolna bolta og nýtti 62,5 prósent skota sinna í 97-95 sigri nýliða Þórs á bikarmeisturum ÍR.

„Þetta er frábær byrjun á tímabilinu hjá okkur og það er alltaf gott að vinna, en eins og leikurinn spilaðist þá hefðum við átt að klára hann með meiri mun," sagði Óðinn Ásgeirsson sem er kominn á fullt skrið eftir erfið meiðsli. „Ég sleit hásin fyrir tveimur árum og það eru auðvitað skelfilega leiðinlega meiðsl og það er eitt að láta hásinina gróa aftur því ofan á það missir maður mikinn vöðvamassa í kálfanum. Ég gerði kannski þau mistök að byrja að spila körfubolta of snemma og hefði þurft að lyfta og styrkja mig betur, en ég gerði meira af því í sumar og er orðinn fínn í löppinni núna," sagði Óðinn og kvaðst bjartsýnn á gengi Þórs í ár.

„Ég tel að við eigum töluvert inni ennþá og ég held að deildin sé það sterk og jöfn í ár að allir eiga möguleika á móti öllum. Okkar markmið er á þessu stigi að halda okkur í deildinni, en svo getur verið að þegar líða fer á tímabilið að við setjum okkur nýtt markmið. Það verður alla vega ekkert auðvelt fyrir lið að koma norður og spila við okkur," sagði Óðinn.

## TÖLURNAR TALA

**Flest stig leikmanna:**

| | |
|---|---|
| 1. B.A. Walker, Keflavík | 31 |
| 2. Brenton Birmingham, Njarðvík | 27 |
| 3. Hreggviður Magnússon, ÍR | 25 |
| 4. Óðinn Ásgeirsson, Þór Ak. | 25 |

**Hæsta framlag leikmanna:**

| | |
|---|---|
| 1. Óðinn Ásgeirsson, Þór Ak. | 32 |
| 2. B.A. Walker, Keflavík | 30 |
| 2. Darrell Flake, Skallagrímur | 30 |

**Flest fráköst:** George Byrd, Hamar 14.

| | |
|---|---|
| **Besta sóknarliðið:** KR | 100 stig |
| **Besta varnarliðið:** Keflavík | 70 stig |
| **Besta frákastaliðið:** Keflavík | 47 |
| **Bestu skytturnar:** Keflavík | 15 þristar |
| **Grófasta liðið:** KR | 30 villur |



**HEITUR** Emil hefur slegið í gegn í ítalska boltanum í vetur. NORDIC PHOTOS/AFP

Emil Hallfreðsson, Reggina:

## Í úrvalsliði nýliða í Serie A

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson, leikmaður Reggina og íslenska landsliðsins, hefur verið valinn í ellefu manna lið yfir bestu kaupin í ítölsku deildinni í ár, samkvæmt úttekt ítalska blaðsins La Gazzetta dello sport. Farið er eftir einkunnargjöf blaðsins þar sem Emil er með 6,43 í meðaleinkunn og er í sjöunda sæti yfir bestu nýliðana í deildinni. Emil er ekki í slæmum félagsskap í liðinu en þar er meðal annarra að finna ítalska landsliðsmanninn Vincenzo Laquinta hjá Juventus og rúmenska landsliðsmanninn Cristian Chivu hjá Inter. - óþ



**LAMINN** Fredi Kanute (fyrir miðju) var laminn með belti eftir leik Malí og Tógó á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Jean-Francois Jodar, Malí:

## Þetta var eins og vígvöllur

**FÓTBOLTI Mamady Sidibe og Fredi Kanoute, leikmenn landsliðs Malí í fótbolta, urðu fyrir fólskulegum árásum eftir 2-0 sigur Malí gegn Tógó í Afríkukeppninni á dögunum þegar áhangendur Tógó réðust að þeim. „Það var blóð út um allt. Mamady var laminn með barefli og hlaut ljótan skurð á olnbogann og Kanoute var laminn með belti og hlaut áverka af því. Þetta var eins og vígvöllur," sagði Jean-Francois Jodar, þjálfari Malí, í viðtali eftir leikinn.** - óþ


## Aðalfundur 2007

Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis verður haldinn í Fylkishöll þriðjudaginn 30. október 2007 kl. 20.00.

**Dagskrá;**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Knattspynudeildar Fylkis.


# Fylkir gæti grætt yfir 100 milljónir króna á Ragnari Sigurðssyni

**Fylkismenn fylgjast spenntir með gangi mála hjá Ragnari Sigurðssyni, leikmanni IFK Gautaborg. Fylkir á hagsmuna að gæta enda fær félagið 30 prósent af söluverðinu selji Gautaborg leikmanninn. Það gæti skilað Fylki tugum milljóna ef ekki hundrað færi hann á yfir 300-400 milljónir króna líkt og talað er um.**

**FÓTBOLTI** Einn heitasti leikmaðurinn á sænska leikmannamarkaðnum er íslenski landsliðsmaðurinn Ragnar Sigurðsson. Árbæingurinn hefur blómstrað í sænsku deildinni og hefur verið greint frá því að stórlið á borð við ítalska félagið Roma séu að bera víurnar í Ragnar. Hefur heyrst að Roma væri til í að borga 5 milljónir evra fyrir Ragnar en það samsvarar 440 milljónum króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verðmiðinn á Ragnari þessa dagana í kringum 300 milljónir króna en leikmenn hækka hratt í verði þegar fleiri en eitt félag berjast um hituna. Ragnar gæti þar af leiðandi vel farið á yfir 400 milljónir króna haldi hann áfram að standa sig.

Uppeldisfélag Ragnars, Fylkir, fylgist grannt með gangi mála enda gæti félagið hagnast vel fari svo að Ragnar verði seldur fyrir slíkar upphæðir. Þegar Fylkir seldi Ragnar til sænska félagsins IFK Gautaborg sló það nokkuð af verðinu gegn því að það fengi 30 prósent af söluverðinu yrði Ragnar seldur áfram frá Gautaborg. Þetta hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum.

Yrði Ragnar seldur á 450 milljónir króna þá fengi Fylkir 135 milljónir í sinn hlut. Fari Ragnar á 350 milljónir þá fær Fylkir 105 milljónir. Þó svo að Ragnar yrði ekki seldur nema á tæplega helming þess sem talað hefur verið um eða 200 milljónir þá myndi Fylkir samt græða 60 milljónir króna sem er dágóð upphæð fyrir íslenskt knattspyrnufélag.



**GULLKÁLFUR** Ragnar Sigurðsson gæti hugsanlega verið besta fjárfestingin í sögu Fylkis. Fylkir fær 30 prósent af söluvirðinu ákveði IFK Gautaborg að selja landsliðsmanninn íslenska sem er eftirsóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

Håkan Mild, yfirmaður knattspyrnumála hjá IFK Gautaborg, sagði við Fréttablaðið að ekkert félag væri búið að gera formlegt tilboð í Ragnar en hann hefði þó heyrt af áhuga.

„Ragnar er mjög góður leikmaður og í miklum metum hjá okkur. Ef hann spilar með okkur næstu tvö árin og heldur áfram að þróa sinn leik þá er ég þess fullviss að hann mun leika með stórliði í stóru deildunum. Hann er góður leikmaður en ég tel að hann eigi eftir að verða frábær leikmaður," sagði gamla landsliðskempan Mild við Fréttablaðið í gær. Mild vildi ekkert tjá sig um hversu mikið Gautaborg vill fá fyrir Ragnar en sagði að öll tilboð yrðu skoðuð með Ragnari þá og ef þau bærust félaginu.

Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Ragnars, hefur orðið var við mikinn áhuga á Ragnari og vissi af að minnsta kosti tveim liðum sem fylgdust með honum gegn Lettum á laugardag.

„Ég hef fengið töluvert af fyrirspurnum og það er mikið verið að fylgjast með honum. Öll hans mál eru samt á byrjunarstigi en því er ekki að neita að frammistaða hans hefur vakið mikla athygli og varnarmenn með hans eiginleika eru eftirsóttir," sagði Arnór sem er þegar byrjaður að semja um nýjan og betri samning við Gautaborg enda kemur vel til greina að Ragnar leiki þar næstu tímabil. „Ragnar verður aldrei seldur nema fyrir rétt verð en fyrir hversu mikið hann gæti farið er erfitt að segja," sagði Arnór.

henry@frettabladid.is

Eyjólfur Sverrisson hefur notað níu varnarmenn í undankeppni EM og gengur misvel eftir því hverjir spila:

# Íslenska vörnin er best með Hermann innanborðs

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið þarf að endurskipuleggja varnarleikinn eftir útreiðina gegn Lettum á laugardag. Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson á ás uppi í erminni fyrir leikinn á móti Liechtenstein annað kvöld.

Vörn íslenska landsliðsins í knattspyrnu er nefnilega sterkust með Hermann Hreiðarsson. Þessu hafa margir haldið fram og sannast þegar tölfræði íslenska landsliðsins í undankeppni EM er skoðuð. Eyjólfur Sverrisson hefur notað níu varnarmenn í tíu leikjum íslenska liðsins í undankeppninni og það líður lengst á milli marka mótherja liðsins þegar Hermann Hreiðarsson er í öftustu línunni. Hermann hefur misst af tveimur af síðustu fjórum landsleikjum og í báðum hefur íslenska liðið fengið á sig fjögur mörk eða fleiri. Hermann tók út leikbann í leiknum á móti Lettum á laugardaginn en verður sem betur fer klár í slaginn gegn Liechtenstein á morgun.

Kristján Örn Sigurðsson er í öðru sæti rétt á eftir Hermanni en bæði hann og Ragnar Sigurðsson voru ofar en Hermann fyrir Lettaleikinn um síðustu helgi. Íslenska liðið hafði sem dæmi fyrir leikinn um helgina aðeins fengið á sig 2 mörk þær 180 mínútur sem Ragnar hafði spilað og íslenska vörnin hafði enn fremur „aðeins" fengið á sig 6 mörk þá 451 mínútu sem Kristján hafði spilað.

Ívar Ingimarsson er eini varnarmaður íslenska liðsins sem hefur spilað allar 900 mínúturnar til þessa í undankeppninni en hann er í fimmta sæti á listanum.

Íslenska vörnin stóð sig mjög vel í leikjunum á móti Spáni og Norður-Írlandi og því má búast við að þeir Kristján Örn, Ragnar og Hermann spili við hlið Ívars í leiknum í Ölpunum annað kvöld.

### ÍSLENSKA VÖRNIN

**Flestar mínútur milli marka þegar leikmaður er í íslensku vörninni:**

| | |
|---|---|
| 1. Hermann Hreiðarsson | 54 mínútur (6 leikir, 540 mínútur. |
| 2. Kristján Örn Sigurðsson | 53,9 (7 leikir, 539 mínútur) |
| 3. Indriði Sigurðsson | 46 (4 leikir, 322 mínútur) |
| 4. Ragnar Sigurðsson | 45 (3 leikir, 270 mínútur |
| 5. Ívar Ingimarsson | 42,9 (10 leikir, 900 mínútur) |
| 6. Gunnar Þór Gunnarsson | 38,6 (3 leikir, 270 mínútur) |
| 7. Grétar Rafn Steinsson | 37,4 (5 leikir, 449 mínútur) |
| 8. Ólafur Örn Bjarnason | 30 (2 leikir, 180 mínútur) |
| 9. Hjálmar Jónsson | 25,6 (2 leikir, 128 mínútur) |



**MIKILVÆGUR** Íslenska vörnin má illa við því að vera án Hermanns Hreiðarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LIECHTENSTEIN-ÍSLAND

**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
skrifar frá Vaduz, Liechtenstein
ooj@frettabladid.is


EAS®
ORKA · GRENNING · STYRKUR
Örugg leið til árangurs
Logi Geirsson - Handknattleiksmaður
Myoplex Original máltíðardrykkur
Rétta máltíðin til að breyta þrotlausri vinnu þinni í vöðvamassa. Fyrsta flokks næringarefni fyrir líkamann til að starfa og ná hámarks afköstum.
• 42gr. hágæða prótein
• 24 vítamín og steinefni
• Viðbættar amínósýrur og trefjar
Myoplex Original máltíðardrykkur
tilbúinn-til-drykkjar
Öfluga Myoplex næringarinnihaldið í tilbúnu drykkjarformi. Það hefur aldrei verið auðveldara að borða máltíð sem er í senn holl og bragðgóð.
• 25gr. hágæða prótein
• 5gr. trefjar - 1gr. sykur
• Aðeins 207 hitaeiningar
EAS Creatine
Leystu meiri orku úr læðingi með fyrstu kreatínvörunni sem koma á markaðinn. Creatine er líklega mest notaða bætiefni í heiminum meðal íþróttfólks.
• Eykur líkamsmassa og vöðvastyrk
• Bætir þrek
• Alvöru Creatine fyrir alvöru íþróttafólk
EAS heilsuvörurnar fást í öllum betri matvöruverslunum, bensínstöðvum og heilsuræktarstöðvum.
Nánari upplýsingar um EAS fást í síma 5552866 og á www.eas.is.



> **Laura Linney**

„Hann býr yfir ótrúlegum persónutöfrum. Hann er með ofboðslega stórt hjarta,“ sagði hin margverðlaunaða Laura Linney um mótleikara sinn í The Truman Show, Jim Carrey. Linney hefur leikið í fjölda kvikmynda, sem margar hverjar eru litlar, óháðar myndir. Hún segist afla meiri fjár en hún hefði haldið mögulegt, en segist þó ekki líta á sig sem stjörnu. Stöð 2 Bíó sýnir The Truman Show í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR BÍÐUR EFTIR NÝJUM SKEMMTILEGUM SPJALLÞÁTTUM

# *Afþreyingin hefur alltaf vinninginn*

Loksins er ég komin á þá skoðun eins og svo margir að tími raunveruleikaþátta sé liðinn. Um risabólu var að ræða sem bara hlaut að springa á endanum.

Margir góðir þættir hafa komið fram en upp á síðkastið hafa gæðin minnkað. Á meðan þeir vinsælu eru orðnir útslitnir eru þættir eins og Sports Kids Moms and Dads, Wife Swap og The Will ekkert annað en groddaraleg útjöskun á lífi einstaklinga sem eru tilbúnir til að gera hvað sem er fyrir sína 15 mínútna frægð svo áhorfandinn fær ekkert út úr glápinu nema aulahroll.

Hugmyndin að nýjum raunveruleikaþætti yrði að minnsta kosti að vera mjög góð til að slá í gegn.

Líkt og sápuóperur elskum við konur (margar okkar) spjallþætti á borð við Opruh



og Dr. Phil. Í stað þess að reyna fyrir sér í óvinsælum sápum sem mér heyrist enginn glápa á ætti Stöð 2 ef til vill að prófa fleiri spjallþætti. Ég væri að minnsta kosti til í að tékka á spjallþáttum þeirra Ellen DeGeneres, Tyru Banks eða Rosie O'Donnell. Bara allt annað en Rachael Ray. Sunnudagsdagskráin er orðin enn betri með nýja þættinum hans Mulders úr X-files, Californications.

Nú á ég í mesta basli með að tjasla dagskránni saman. Sama á við um mánudagskvöldin en alltaf virðist áhugaverða, fræðandi efnið á RÚV lúta í lægra haldi fyrir lágmenningunni. Úrvalið af djúsí afþreyingarefni er orðið svo mikið að ég þakka fyrir að einhverri ómissandi froðukenndri þáttaröð hafi ekki enn verið stillt gegn fréttatímunum. Ég einfaldlega vil ekki vita hvað yrði ofan á.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.20** Mæðgurnar SJÓNVARPIÐ



▶ **19.50** Friends STÖÐ 2



▶ **20.00** Garden State STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45** Saving Grace SIRKUS



▶ **22.00** Heartland SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (31:52)

**18.00 Geirharður bojng bojng** (18:26)

**18.25 Nægtaborð Nigellu** (5:13) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Mæðgurnar** (12:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri.

**21.05 Söngvaskáld** Átta þættir þar sem lagasmiðir flytja lög sín að viðstöddum áhorfendum í sjónvarpssal. í þessum þætti flytur Pétur Ben nokkur lög og spjallar við áheyrendur.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Dauðir rísa** (12:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Glæpurinn** (1:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós. e.

**00.15 Soprano-fjölskyldan** (12:21)

**01.15 Kastljós**

**01.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Garden State**

**08.00 Blue Sky (e)**

**10.00 The Perez Family (e)**

**12.00 The Truman Show**

**14.00 Blue Sky (e)**

**16.00 The Perez Family (e)**

**18.00 The Truman Show**

▶**20.00 Garden State** Gráglettin og áhrifamikil verðlaunamynd með Zack Braff úr Scrubs og Natalie Portman í aðalhlutverkum.

**22.00 Torque**

**00.00 Evil Alien Conquerors**

**02.00 Jeepers Creepers 2**

**04.00 Torque**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (42:120)

**10.15 Wife Swap** (5:12) (e)

**11.10 Blue Collar**

**11.35 Freddie** (1:22)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Homefront** (16:18)

**13.55 Neyðarfóstrurnar** (15:16)

**15.00 America´s Got Talent** (3:15)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** (19:22)

**17.30 The Bold and the Beautiful**

**17.55 Nágrannar**

**18.20 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 Simpsons** (4:21)

▶**19.50 Friends** (6:24)

**20.15 Extreme Makeover: Home Edition** (19:32) White-fjölskyldan hefur búið í rafmagnslausu hjólhýsi frá því að fjölskyldufaðirinn lést en nú er komið að þeim að fá glænýtt hús. 2006.

**21.35 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

**22.10 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk. 2007.

**23.15 NCIS** (8:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliða. (8:24) Sveitin rannsakar dauða fyrrverandi sjóliða sem virðist við fyrstu sýn hafa ýmislegt misjafnt í pokahorninu. 2006.

**00.00 Big Love** (7:12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonur hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. 2006.

**00.55 Ghost Whisperer** (33:44)

**01.40 The Closer** (13:13)

**02.25 Warriors of Heaven and Earth**

**04.20 Medium** (6:22)

**05.00 NCIS** (8:24)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

**06.40 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN *besta sætið*

**17:40 David Beckham - Soccer USA** (12:13)

**18:10 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**

**18:40 Kaupþings mótaröðin 2007**

**19:35 Heights of Passion** Í þessum þætti er tekið fyrir samband nágrannanna í Mílanóborg, AC Milan og Inter Milan.

**20:30 King of Clubs**

**21:00 Augusta Masters Official Film** (Augusta Masters Official Film - 1999) Þáttur um hið magnaða Masters golfmót. Mótið fer ávallt fram á Augusta National vellinum í Georgíu-ríki. Sigurvegarar fá að launum græna jakkann og ævilangan keppnisrétt á mótinu. Í þessum þætti er tekið fyrir mótið árið 1999 þar sem hinn litríki Spánverji, Jose Maria Olazabal, sigraði.

**21:55 PGA Tour 2007 - Highlights** (Frys.com Open in Las Vegas)

**22:50 EM 2008 - undankeppni** (Norður Írland - Ísland) Útsending frá fyrsta leik Íslands í undankeppni Evrópukeppninnar í knattspyrnu karla. Íslenska liðið mætti Norður-Írum í Belfast í fyrsta alvöruleik liðsins undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar.

## SÝN2

**17.20 Premier League 2007/08** Newcastle - Everton

**19.00 Premier League World 2007** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca-Cola deildinni.

**20.00 Goals of the Season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.00 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.30 PL Classic Matches**

**22.00 Premier League Review 2007**

**23.00 Premier League 2007/2008** Newcastle - West Ham. Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Family Guy** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Sport Kids Moms & Dads** (e)

**20.00 According to Jim** (5:18) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim tekur að sér húsverkin til að leyfa Cheryl að syrgja í friði eftir að frændi hennar deyr. Þegar sorgarferlið dregst á langinn grunar hann að Cheryl sé að misnota sér aðstöðuna.

**20.30 Allt í drasli** (4:13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Að þessu sinni kíkja þær inn til fimm manna fjölskyldu sem býr með tveimur hundum og þremur köttum í einbýlishúsi í Grafarvogi. Heimilið er allt í dýrahárum og unglingarnir á heimilinu eru hinir mestu sóðar.

**21.00 Innlit / útlit** (4:13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við. Að þessu sinni verður m.a. fylgst með breytingum á fallegu tvíbýli í Grafarholti og haldið áfram að breyta og bæta heima híbýlum Vestmannaeyinga. Þá verður íslensk hönnun skoðuð og kíkt á Hönnunarsafn Íslands.

▶**22.00 Heartland** (7:9) Dramatísk læknasería með Treat Williams í aðalhlutverki. Unglingsstúlka og lögreglumaður liggja í valnum eftir skotárás í spilasal. Byssumaðurinn reynir í kjölfarið að fremja sjálfsmorð og líffæri úr honum gæti bjargað lífi fórnarlambanna en foreldrar særðu stúlkunnar vilja ekki þiggja líffæri hans.

**22.50 Venni Páer** (e)

**23.15 Silvía Nótt** (e)

**23.40 C.S.I: New York** (e)

**00.30 Ford Keppnin 2007** (e)

**01.20 C.S.I.**

**02.10 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.35**

**Kompás**



Kompás leggur land undir fót í þætti kvöldsins og heimsækir stríðshrjáð Írak. Miklar skelfingar hafa átt sér stað í Írak síðan stríðið hófst en nú er síðasti Íslendingurinn í friðargæsluliðinu á leiðinni heim. Kompás kemst að því hvernig hefur verið að starfa við þessar skelfilegu aðstæður sem eru flestum Íslendingum alveg ókunnar.

## ▶ SÖNGVASKÁLD

**Sjónvarpið kl. 21.05**

Á þriðjudagskvöldum eru nú sýndir átta þættir þar sem góðkunnir lagasmiðir flytja lög sín að viðstöddum áhorfendum í sjónvarpssal og spjalla við hlustendur milli laga. Í þessum þætti flytur Pétur Ben nokkur lög og spjallar við áheyrendur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (36:260)
**19.30 Hollyoaks** (37:260)
**20.00 The George Lopez Show** (12:22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
**20.30 Jake 2.0** (14:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.
**21.15 Windfall** (5:13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.
**22.00 Side Order of Life** (1:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða að því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. 2007.
▶ **22.45 Saving Grace** (6:13) Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. 2007. Bönnuð börnum.
**23.30 The Will** (6:6)
**00.10 E-Ring** (11:22)
**00.55 Ren & Stimpy**
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** Some Mothers Do Ave Em **12.00** Antiques Roadshow **13.00** Jonathan Creek **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** One Foot in the Grave **16.30** Some Mothers Do Ave Em **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Silent Witness **19.00** Broken News **19.30** The Mighty Boosh **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** Broken News **23.00** The Mighty Boosh **23.30** One Foot in the Grave **0.00** Some Mothers Do Ave Em

## DR 1

**12.20** Arbejdsliv - find et job **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.0**0 TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** MC's Fight Night 2007 - optakt **14.30** Bernard **14.35** Tintin **15.20** F for Får **15.30** Ville og den vilde kanin **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Med Regentparret i Korea **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig V **21.40** Forbrydelsen **22.40**

## NRK 1

**12.00** Skjergardsdokteren **13.00** Hemmelig agent på moped **13.25** Ghost Trackers **13.50** Grusomme gr¢ss **14.00** Gatefotball **14.30** Erstatterne **14.50** Mini-kryp **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Landgang: Sommermat i Irskesj¢en **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dyrlege Due **16.10** Småsp¢kelsene **16.20** Angelina Ballerina **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.50** Folkereportere i felten **17.55** Dr¢mmerollen **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.20** Heroes **22.00** Filmplaneten

## SVT 1

**12.15** Matiné **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Türkisch für Anfänger **15.25** Baby-Tiere **15.30** Krokomax **16.00** BoliBompa **16.10** Småkryp **16.20** Lauras stjärna **16.30** Seaside hotell **16.45** Rekordbyrån **17.00** Bobster **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Skild! **20.00** Varför demokrati: Vi ser dig! **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Örnen **22.15** Mia och Klara **22.45** Sändningar från SVT24





**VoltarenDolo®**

**Díklófenak-k 12,5 mg**

***Fljótvirkt - Bólgueyðandi - Verkjastillandi - Hitalækkandi***

***Voltaren Dolo*** *12,5 mg fæst án lyfseðils svo hægt sé að meðhöndla minni háttar kvilla án þess að leita til læknis.*

***Voltaren Dolo*** *er notað við verkjum eins og t.d.:*

- *höfuðverk*
- *tannverk*
- *tíðaverk*
- *verk vegna gigtarsjúkdóma*
- *vöðvaverk*
- *bakverk*
- *hita af völdum inflúensu eða kvefs*

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúdóma, vöðvaverk eða bakverk og hita af völdum inflúensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lifrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, ibuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

***Fæst án lyfseðils***

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Garðurinn við Klapparstíg er með frábæran mat. Þeir heita á ensku Ecstacy´s Heart-Garden og veitingahús með nafn eins og það getur ekki verið annað en stöngin inn. Þetta er svolítið jógatengdur staður og voða heilsusamlegur og góður.“*

Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves-hátíðarinnar.

# Fékk styrk frá Skítamóral

Friðgeir Bergsteinsson, sem hefur verið aðstoðarmaður og rótari hljómsveitarinnar Skítamórals síðustu ár, hlaut glaðning á dögunum, þegar liðsmenn sveitarinnar hjálpuðu honum að taka bílpróf með fjárstyrk. „Hann hefur verið okkur innan handar síðustu ár og aðstoðað okkur við hitt og þetta,“ sagði Gunnar Ólason, liðsmaður Skítamórals, og neitar því hlæjandi að hljómsveitin hafi þar með verið að kaupa sér einkabílstjóra. „Nei, nei, nei, alls ekki. Hann átti þetta bara svo sannarlega skilið,“ sagði Gunnar.



**VINARGREIÐI** Gunnar Ólason og aðrir liðsmenn Skítamórals gerðu aðstoðarmanni sínum mikinn vinargreiða á dögunum.

Friðgeir, sem er tuttugu og tveggja ára gamall, var að vonum afar ánægður með stuðninginn þegar Fréttablaðið náði tali af honum, skömmu eftir verklega prófið síðastliðinn föstudag. „Þetta er náttúrulega mjög vel þegið, enda er þetta svo rándýrt nám að það hálfa væri nóg. Ég ætla að launa þeim þetta einhvern tíma fljótlega,“ sagði Friðgeir, sem er nemi í matreiðslu. „Ég læt námið alltaf ganga fyrir, og strákarnir vita það,“ sagði hann og hló við.

Friðgeir, sem segir það alls ekki verra að bíða með að taka bílprófið, kvaðst ekki vera í þann mund að kaupa sér bíl. „Ég reikna samt með að ég fái bíl til að keyra, mamma á einn gamlan sem ég get örugglega fengið að keyra þangað til að hann er útbrunninn,“ sagði Friðgeir, sem kann Skítamóral bestu þakkir. „Þetta eru frábærir strákar,“ sagði hann. **- sun**



**VEL ÞEGIÐ** Friðgeir Bergsteinsson þáði aðstoðina við bílprófið með þökkum, en hyggst launa drengjunum greiðann.



**LÁRÉTT**
**2.** mót **6.** íþróttafélag **8.** neitun **9.** bók **11.** þys **12.** árás **14.** rými **16.** átt **17.** skordýr **18.** kæla **20.** bor **21.** án.

**LÓÐRÉTT**
**1.** listi **3.** öfug röð **4.** upplifun **5.** skjön **7.** skrapast **10.** tæki **13.** þukl **15.** skóbotn **16.** spil **19.** samtök.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** form, **6.** kr, **8.** nei, **9.** rit, **11.** ys, **12.** ásókn, **14.** pláss, **16.** na, **17.** fló, **18.** ísa, **20.** al, **21.** utan.
**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** on, **4.** reynsla, **5.** mis, **7.** rispast, **10.** tól, **13.** káf, **15.** sóli, **16.** níu, **19.** aa.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 250 þúsund krónur.
2. 41. sæti.
3. Sólskinsdrengurinn.

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: EKKI AÐ PLATA NEINN

# Telja sig hafa verið ginnta í undankeppni Eurovision

„Ég ætla nú ekkert að erfa þetta við dagskrárstjórann en þegar þetta var kynnt fyrir mér var þetta ekki undankeppni fyrir Eurovision,“ segir Magnús Eiríksson, einn þátttakenda í skemmtiþættinum Laugardagslögin í Sjónvarpinu.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sumir lagahöfundanna sem sömdu lög fyrir skemmtiþáttinn hafi ekki gert sér grein fyrir því að þeir væru að taka þátt í forkeppni Eurovision og að þeir hefðu ekki fallist á að vera með á þeim forsendum. Fréttablaðið ræddi við nokkra af lagahöfundunum í gær og tóku þeir flestir undir athugasemdir Magnúsar en fengust hins vegar ekki til að tjá sig um málið. Heimildir blaðsins herma að minnsta kosti einn lagahöfundanna hafi íhugað að hætta við þátttöku í keppninni, en síðan horfið frá því.

„Ég var nú ekkert á þeim buxunum að semja fyrir Eurovision og hefði varla nennt því. Kannski bara sent inn eitt lag. Enda bera lagasmíðar mínar í þessari keppni þess merki að lögin voru nú ekki hugsuð fyrir Eurovision,“ bætir Magnús við. Hann segir jafnframt að þegar falast hafi verið eftir hans framlagi hafi þetta átt að vera skemmtiþáttur en rúsínan í pylsuendanum væri sú að eitt laganna gæti orðið Eurovision-framlag þjóðarinnar. Magnús óttast þó ekki að verða Eurovision að bráð. „Nei, það hlýtur að koma eitthvað „júróvisjónlegra“ lag fram heldur en mitt,“ segir hann.

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, vísar því alfarið á bug að lagahöfundar hafi verið plataðir í Eurovision. „Ég taldi mig hafa gert skýra grein fyrir því að þetta væri ferlið í keppninni og sú hugmynd hefur ekkert breyst frá því snemma í vor,“ segir Þórhallur í samtali við Fréttablaðið. „Hins vegar er alveg ljóst að við erum að fá 33 ný íslensk lög og áherslan er ekki Eurovision heldur fyrst og fremst að sjá þá grósku sem er í íslensku tónlistarlífi,“ bætir Þórhallur við. Hann segir jafnframt að höfundarnir níu hafi skrifað undir samning um að þeir skuldbindi sig til að semja þrjú lög fyrir söngvakeppni Sjónvarpsins.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**VISSI EKKI AF EUROVISION-INNLEGGINU** Magnús segist varla hafa nennt að semja þrjú lög ef hann hefði vitað að þetta væri forkeppni fyrir Eurovision.



**SÝNIR GRÓSKUNA** Þórhallur segir skemmtiþáttinn ekki einblína á Eurovision heldur gróskuna í íslensku tónlistarlífi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jón Ásgeir Jóhannesson**, starfandi stjórnarformaður Baugs, skellti sér á pöbbarölt í miðborg Reykjavíkur á laugardagskvöld. Jón Ásgeir var með nokkrum æskuvinum sínum og sást meðal annars til þeirra á Næsta bar og á 101 hóteli. Meðan á röltinu stóð beið glæsileg silfurgrá Benz-bifreið með bílstjóra undir stýri eftir viðskiptajöfrinum, tilbúin að ferja mannskapinn hvert sem hann vildi fara.



Kynningarfulltrúinn **Andrés Jónsson** undirbýr nú mikla herferð vegna nýrrar BMW 1-línu. Andrés hyggst bjóða til sérstakrar hönnunarveislu í Saltfélaginu á föstudaginn og hefur hann fengið sjálfan **Arnar Gauta Sverrisson** úr Innlit/útlit til að sjá um kynninguna. Má því búast við afar smekklegri kynningu, en auk bílsins verður tískusýning frá GK og gestir geta gætt sér á sushi og látið taka af sér polaroid-myndir.

**Einar Bárðarson** og hans fólk í Believer Music hefur nú gert samning við SonyBMG í Mexíkó um útgáfu á fyrstu plötu **Garðars Thors Cortes** í Suður-Ameríku. Plata söngvarans kemur út fyrir jól í löndum á borð við Kosta Ríka, El Salvador, Gvatemala og Hondúras. Þá hafa einnig náðst samningar um útgáfu í Portúgal. Einar Bárðarson sagði í samtali við Fréttablaðið að þetta væri stór áfangi hjá listamanninum en þeir gætu orðið fleiri á næstunni. Þannig séu nú í gangi viðræður við Warner í Skandinavíu og nokkur fyrirtæki í Þýskalandi.



**- hdm**










# Þúsund manns í Hilton-veislu

Meira en eitt þúsund manns hefur verið boðið í glæsilega opnunarveislu Hilton Reykjavík Nordica-hótelsins í dag. Saga Film ætlar að skapa ævintýralegan blæ í veislunni þar sem eldfjöll, jöklar og hverir verða áberandi. Kokkar frá veitingastaðnum Vox munu jafnframt sjá um að elda dýrindismat ofan í gestina.

„Þetta verður skemmtilegt partí þar sem við ætlum að leyfa gestunum að upplifa þetta alþjóðlega umhverfi sem við vinnum í,“ segir Ingólfur Haraldsson hótelstjóri. „Þetta verður þannig séð ekkert of formlegt heldur meira bara gaman. Við erum að sýna okkur og leyfa fólkinu að sýna sig.“

Yoko Ono var einn af fyrstu gestunum á nýja Hilton-hótelinu þegar hún var stödd hérlendis á dögunum. Það var einmitt á Amsterdam Hilton sem hún og John Lennon héldu fyrstu rúmmótmælin gegn stríðinu í Víetnam. „Hún er einn af okkar fastagestum,“ segir Ingólfur sem leyfði Ono vitaskuld að gista í einni af svítunum.

Fyrsta Hilton-hótelið var opnað í Texas árið 1919. Stofnandi hótelkeðjunnar, Conrad Hilton, var langafi Parísar Hilton og afi hennar, Barron Hilton, er enn í stjórn Hilton-keðjunnar. Alls eru Hilton-hótelin um heim allan orðin tæplega fimm hundruð talsins og hefur Ísland nú bæst í hópinn.

„Við höfum verið að vinna í því undanfarna mánuði eða ár að koma þeim til Íslands. Þetta er viðurkenning á því sem við erum að gera og sýnir að við erum á þessum alþjóðlega staðli,“ segir Ingólfur. **- fb**



**YOKO ONO** Ekkja Johns Lennon gisti á Hilton-hótelinu fyrir skömmu.

**INGÓLFUR HARALDSSON** Hótelstjóri Hilton lofar skemmtilegri opnunarveislu.



**HILTON-HÓTELIÐ** Glæsileg opnunarveisla verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica-hótelinu í dag.


Boot cAmp
Ný námskeið byrja um land allt á mánudaginn!
Allar upplýsingar er að finna á www.bootcamp.is
Akureyri - Austurland - Keflavík - Reykjavík - Selfoss
Engar afsakanir - Engin uppgjöf - Hámarks árangur
- Boot Camp - Suðurlandsbraut 6b - www.bootcamp.is - bootcamp@bootcamp.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000






**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## Sjúkir í sinni

Enskukunnátta Íslendinga kemur fyrst og fremst úr afþreyingarmenningu. Eftir að hafa fermst, kyngt oblátu og messuvíni, tók ég utan af gjöfunum sem ég fékk í tilefni dagsins. Mér er minnisstæð gleðin sem gagntók mig yfir nýju græjunum, en svo voru hljómflutningstæki kölluð í þá daga. Eftir að hafa sett tækið í samband varð að láta reyna á hljómgæðin. Geisladiskar voru á þessum tíma fremur nýmóðins og stóð valið því aðeins á milli söngkonunnar Mariuh Carey eða rapparanna í Cypress Hill. Þeir síðarnefndu urðu fyrir valinu og ómuðu því lögin af geisladisknum Black Sunday í fermingarveislu minni; á fögrum apríldegi á æskuheimili mínu í Leirár- og Melasveit.

**HIMINN** og haf skildu á milli veruleika nýfermdrar sveitastúlkunnar og listamannanna af Grátviðarhæð sem sungu af sannfæringu um hversu mikið þeir nytu hassvímu. Ég lét þó ekki á neinu bera og þegar enginn sá til íslenskaði ég textana með hjálp orðabókar. Mörg orðin var þó ekki að finna í henni. Ég leitaði því aðstoðar hjá bandarískum ættingja. Sá gekk í rúskinnsjakka í bandarísku fánalitunum og gortaði af stöðu sinni í samtökum bandarískra skotvopnaeiganda. Taldi ég hann kjörinn til að leiða mig inn í heim glæpona Ameríku. Kaninn hristi höfuðið hins vegar forviða þegar ég leyfði honum að heyra; sagði að svona ensku talaði fólk ekki á Flórída. Rann þá upp fyrir mér að til eru margar tegundir ensku.

**FLESTIR** Íslendingar skilja ensku í afþreyingarmenningu Kana nokkuð vel og þykir umræðan um að enska verði notuð í íslenska viðskiptageiranum lítið mál. Stundum hef ég velt fyrir mér hvort allir, nema ég, séu altalandi á viðskiptaensku athafnamanna. En ég hef vissar grunsemdir um að flest fólk sé í sömu sporum og ég, dauðhrætt um að upp komist að það skilji ekki allar tegundir tungumálsins alþjóðlega.

**ÞEGAR** skrifað var undir samning þess efnis að í tuttugu ár gæti Orkuveita Reykjavíkur ekki veitt sérfræðiaðstoð á erlendri grund nema í gegnum REI, hefur líklega flottræfilshátturinn ráðið því að ákveðið var að hafa þetta mikilvæga plagg á ensku, þótt aðeins væru Íslendingar á fundinum. Alþjóða- og enskuvæðing þykir hipp og kúl en fólk ætti ekki að fara fram úr sér. Þegar samningsmenn skrifuðu undir plaggið án þess að vita hvað í því fælist hljóta þeir að hafa vonað að Bjarni Ármannsson áttaði sig ekki á því að þeir hefðu ekki hugmynd um hvað þeir væru að gera. Væru alveg „insane in the brain,“ svo vitnað sé til áðurnefndra rappara.



**GÓÐAN DAG!**

Í dag er þriðjudagurinn 16. október, 289. dagur ársins 2007.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.19 | 13.13 | 18.06 |
| Akureyri | 8.09 | 12.58 | 17.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA